ÍSMÓT 2007
Fagmennska í tísku alla helgina
Sérblað um sýninguna ÍSMÓT 2007
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

LJÓSANÓTT 2007
Fjölskylduhátíðin vex með ári hverju
Sérblað um Ljósanótt
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
30. ágúst 2007 — 235. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Ríkið virðir ekki höfundarrétt

Kvikmyndir sýndar í skólum án greiðslu.

MENNING 34

Á Grænlandi með Íslendingum

Stórstjarnan Jared Leto tekur upp tónlistarmyndband með Artic First.

FÓLK 50

Nýlendusaga

„Flokkarnir ganga erinda bænda, útvegsmanna og annarra framleiðenda, og hagsmunir neytenda sitja á hakanum," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26

Svakaleg sigurkarfa

Jakob Örn Sigurðarson tryggði íslenska körfuboltalandsliðinu 76-75 sigur á Georgíu með þriggja stiga körfu á síðustu sekúndunni.

ÍÞRÓTTIR 44

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING Í dag verður yfirleitt suðvestlæg átt, 3-10 m/s, hvassast allra norðaustast. Rigning eða skúrir víðast hvar. Hiti 10-16 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4



Vatnsréttindi margfalt verðmætari í Noregi

Vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar væru 3,2 til 6,3 milljarða virði væri virkjunin í Noregi. Íslensk matsnefnd hefur metið réttindin á 1,6 milljarða.

ORKUMÁL Greiða þarf tvöfalt til fjórfalt hærra verð til landeigenda fyrir vatnsréttindi vegna vatnsaflsvirkjana í Noregi en greiða á eigendum vatnsréttar vegna Kárahnjúkavirkjunar samkvæmt úrskurði matsnefndar.

Samkvæmt upplýsingum frá norska raforkufyrirtækinu Statkraft, sem er í eigu norska ríkisins, væru vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar virði 3,2 til 6,3 milljarða króna væru þau metin með hefðbundnum norskum aðferðum.

Matsnefnd úrskurðaði nýlega að vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar væru 1,6 milljarða króna virði.

Í nýlegum virkjunum í Noregi var greitt sem samsvarar 1,4 milljónum íslenskra króna fyrir hverja gígavattstund á ári sem virkjanirnar framleiða. Kárahnjúkavirkjun mun framleiða 4.570 gígavattstundir á ári. Verði niðurstöðu íslensku matsnefndarinnar ekki hnekkt verða greiddar um 360 þúsund krónur fyrir hverja gígavattstund. Því er greitt fjórfalt hærra verð fyrir hverja gígavattstund í Noregi.

Ragnar Árnason, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands, segir líklegt að greiðslur séu enn hærri í öðrum löndum, til dæmis Bandaríkjunum.

Vatnsréttindi hér á landi ættu að vera enn verðmætari en í Noregi, segir Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður vatnsréttindahafa. Erfiðara sé að virkja í Noregi þar sem búið sé að virkja á hagkvæmustu stöðunum, en sú sé ekki raunin hér.

- bj / sjá síðu 4

DANSHÁTÍÐ HEFST Í DAG Dansarar skemmtu gestum og gangandi á Austurvelli í gær, og minntu þá um leið á danshátíð sem hefst í Reykjavík í dag. „Þetta er dæmi um þá listaveislu sem verður í boði á Reykjavík Dance Festival næstu fjóra daga," segir Hildur Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar. Dansarar munu sýna víða og bjóða upp á dansgöngur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

SÓLEY OG WENGER Fá lengra líf segir eigandinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Samyrkjubúið Dallas í Eyjum:

Ærin Sóley ber lambi í sláturtíð

LANDBÚNAÐUR **„Þetta lamb fær alveg sérstakt atlæti," segir Haukur Guðjónsson fjáreigandi á samyrkjubúinu Dallas í Vestmannaeyjum þar sem ærin Sóley bar óvænt hrútlambi í gær. Haukur segir Sóleyju bestu kindina sem hann hefur átt á aldarfjórðungsferli sem frístundabóndi.**

„Hún hefur fundið á sér að ef hún bæri í vor myndi lambið falla í haust. Nú fá bæði að lifa lengur," segir Haukur. Hann hyggst skíra lambið í höfuðið á Arsene Wenger, þjálfara enska knattspyrnuliðsins Arsenal. „Ég hef áður átt Tony Adams. Og meira að segja Bin Laden sem var hrútleiðinlegur."

- gar

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Vinna ógnarmat fyrir Ísland

ÞJÓÐARÖRYGGI Nauðsynlegt er að vinna ógnarmat fyrir Ísland, og er vinna við slíkt mat þegar hafin í utanríkisráðuneytinu. Þetta kom fram í máli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á ráðstefnu í Norræna húsinu í gær. Hún sagði áætlanir um viðbúnað ófullnægjandi án þess að slíkt mat lægi fyrir.

Öryggis- og varnarmál snúast ekki eingöngu um hefðbundin stríðsátök, sagði Ingibjörg. Í dag snúist þau um viðbrögð við umhverfisvá, mengun, náttúruhamförum, farsóttum og vörnum gegn hryðjuverkum.

- bj / sjá síðu 4

Engin mannshvörf á Íslandi frá 2003 fram að hvarfi Þjóðverjanna:

Yfir hundrað horfið frá 1969

LÖGREGLUMÁL „Þetta eru mjög erfið mál en sem betur fer finnast hinir týndu í flestum tilfellum. Miðað við veður og annað er mikilvægt að grípa strax til aðgerða þegar fólk týnist. Tíminn skiptir öllu máli," segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn.

Samkvæmt tölum frá Ríkislögreglustjóra hafa 104 manneskjur horfið á Íslandi frá árinu 1969 og fram í ágúst á þessu ári. Í þessum hópi eru 94 Íslendingar og 10 útlendingar. Fólkið hefur týnst á landi, á sjó, í fossum og í vötnum.

104 MANNSHVÖRF FRÁ 1969 TIL ÁGÚST 2007

Íslendingar: 94		Útlendingar: 10	
Á landi:	27	Á landi:	5
Á sjó:	59	Á sjó:	4
Í fossa og vötn:	8	Í fossa og vötn:	1

Frá árunum 2003 til 2006 hvarf enginn, hvorki á landi né sjó. Það sem af er árinu 2007 hafa tveir horfið á Íslandi og eru það Þjóðverjarnir sem leitað hefur verið að síðustu daga við Svínafellsjökul.

„Þegar ljóst er að engar upplýsingar hafa komið í langan tíma sem leiða okkur að hinum týnda þá er það sameiginleg ákvörðun þeirra sem að málum koma að hætta leit," segir Geir Jón.

- lbb

Gallerí Keflavík
Hafnargata 32
20% LJÓSANÆTUR-AFSLÁTTUR
DAGANA 30. ÁGÚST TIL 2. SEPTEMBER
Opnunartímar fimmt. og föst. kl. 11 til kl. 21 - lau. kl. 11 til kl.18

SPURNING DAGSINS

Jóhann, ertu nokkra stund að semja Ó, Njarðvík og Ó, Hafnir?

„Nei, nei, þau gætu þá verið lögin næstu tvö árin."

Njarðvíkingar eru óánægðir með að lag Ljósanætur í Reykjanesbæ í ár heiti Ó, Keflavík. Njarðvík og Hafnir mynda sveitarfélagið Reykjanesbæ auk Keflavíkur. Jóhann Helgason samdi Ó, Keflavík.

Vill skýrar reglur um framkvæmd fjárlaga:

Lærum af þessu

SAMGÖNGUR „Aðalatriðið er að tryggja að svona gerist ekki aftur. Við verðum að læra af þessu og setja skýrar reglur til að koma í veg fyrir að þessi röð mistaka geti endurtekið sig," segir formaður samgöngunefndar, Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Í gær fundaði samgöngunefnd og bar Grímseyjarferju á góma. Fulltrúar bæði úr fjármála- og samgönguráðuneyti, ásamt fulltrúum Vegagerðar og Ríkisendurskoðunar komu fyrir nefndina. Ekki var rætt um hver bæri ábyrgð á málinu.

„Menn felldu engan slíkan stóradóm á þessum fundi. Málið er enn í ferli hjá fjárlaganefnd og það á eftir að fá endanlegt álit þessara aðila og þá væntanlega um hver beri ábyrgð," segir Steinunn.

Þó hefðu stjórnarliðar og stjórnarandstaða spurt gagnrýninna spurninga og fengið skýr svör. Ljóst sé að rannsaka þurfi nánar hvernig staðið var að ákvarðanatöku við kaup ferjunnar og hvernig þau fóru úr böndunum.

„Niðurstaða fundarins er sú að málið heldur áfram í samgöngunefnd. Við bíðum eftir frekari skýrslum, meðal annars frá Vegagerðinni, um málið í heild sinni," segir Steinunn. - kóþ

GRÍMSEYINGAR RÆÐI FERJUMÁL

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna og fulltrúi þeirra í samgöngunefnd, lagði til við nefndina í gær að Grímseyingar fengju að koma nánar að umræðunni um Grímseyjarferju.

Vel var tekið í erindi Árna og á að bjóða fulltrúa sveitarstjórnar Grímseyjar á fund samgöngunefndar um miðjan september.

„Grímseyingar sjálfir hafa lítið fengið að tjá sig um þetta," segir Árni. Tími sé til kominn að bæta úr því.

Árni segir blasa við að menn hafi veðjað á rangan hest við ferjukaupin. Nær hefði verið að smíða nýja ferju.

VERKLAGSREGLUR ÓRANNSAKAÐAR

KRISTJÁN MÖLLER

Rannsókn á hvort verklagsreglur samgönguráðuneytis hafi verið brotnar við kaup á Grímseyjarferju er ólokið að sögn Kristjáns Möller ráðherra.

Ráðuneytisstjórinn, Ragnhildur Hjaltadóttir, sagði í yfirlýsingu 15. ágúst að ljóst væri „að orðið hefur ákveðið brot á skýrum verklagsreglum ráðuneytisins [...] Tekið verður á því með viðeigandi hætti". „Ég er enn að sjá ný gögn um þetta. Ég vil fá heildstæða mynd gagnvart því sem gera þarf í ráðuneytinu," segir Kristján. Hann tekur þó ekki undir að Ragnhildur hafi talað að óathuguðu máli.

Fimmtán fyrirtæki hugsanlega sektuð

Vinnumálastofnun hefur gefið fimmtán fyrirtækjum, sem eru með óskráða erlenda starfsmenn í vinnu, lokaviðvörun. Tvö verktakafyrirtæki á Kárahnjúkum talin vera starfsmannaleigur. Ekkert verið gert í kærunni gegn Formaco.

VINNUMARKAÐUR Vinnumálastofnun hefur sent lokaviðvörun til fimmtán verktakafyrirtækja og hótað þeim dagsektum fyrir að hafa ekki skráð erlenda starfsmenn sína á löglegan hátt, segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar. „Þetta eru fyrirtæki sem hafa ráðið erlenda starfsmenn til sín með beinum ráðningum og sem eru ekki búin að fara eftir áminningum okkar um skráningu þeirra. Þetta er lokaúrræði sem við grípum til," segir Gissur en vill ekki greina frá nöfnum fyrirtækjanna.

Hann segir að hundruð verktakafyrirtækja hafi fengið bréf frá Vinnumálastofnun þar sem þau eru áminnt fyrir að hafa ekki staðið sig í skráningu erlendra starfsmanna sinna. „Flest verktakafyrirtækin brugðust vel við áminningum okkar og leiðréttu sín mál, en núna standa þessi fimmtán fyrirtæki eftir sem hafa fengið lokaviðvörun," segir Gissur og bætir því við að í bréfinu sé nefndur tiltekinn frestur sem fyrirtækin fá áður en Vinnumálastofnun byrjar að sekta þau. Sektirnar geta numið allt að fimmtíu þúsund krónum á dag.

Gissur segir að rannsóknin á fyrirtækjunum fimmtán tengist ekki rannsókninni á óskráðu, erlendu starfsmönnunum tuttugu sem lentu í rútuslysinu á Bessastaðafjalli á sunnudaginn. Fyrirtækin þrjú sem starfsmennirnir tuttugu vinna hjá hafa fengið frest fram á föstudagsmorgun til að skila tilskildum gögnum um þá til Vinnumálastofnunar.

Hann bætir því við að Vinnumálastofnun gruni einnig að tvö fyrirtæki sem eru með starfsmenn sem vinna að byggingu Kárahnjúkavirkjunar séu ekki verktakafyrirtæki heldur starfsmannaleigur. „Hörðustu viðurlög við slíku broti eru að Vinnumálastofnun stöðvi rekstur fyrirtækjanna," segir Gissur. Hann vill ekki heldur gefa upp hvaða tvö fyrirtæki þetta eru.

Spurður um af hverju Vinnumálastofnun hafi ekki áður sektað verktakafyrirtæki fyrir að hafa ekki skráð starfsmenn sína löglega, til dæmis fyrirtækið Formaco sem Verkalýðsfélag Akraness kærði til lögreglu í byrjun júní fyrir að vera með fjórtán óskráða erlenda starfsmenn í vinnu, segir Gissur að Vinnumálastofnun beiti ekki hörðustu viðurlögum í fyrstu áminningu.

Kæran gegn Formaco er nú til meðferðar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir að rætt hafi verið við Formaco og að eftir það hafi fyrirtækið skráð erlendu starfsmennina. „Í mörgum tilfellum er þetta ekki einbeittur brotavilji hjá fyrirtækjunum og þeim er gefinn tími til að laga sín mál," segir Gissur.

Ekki hafa fengist upplýsingar um stöðu kærunnar gegn Formaco hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hún ekki verið tekin fyrir hjá lögfræðideild embættisins. ingifreyr@frettabladid.is

ERLENT VINNUAFL Erlendir starfsmenn við störf á Kárahnjúkum. Yfirvöld í landinu ætla í framtíðinni að taka harðar á verktakafyrirtækjum sem brjóta íslensk lög. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint.

KÆRAN GEGN FORMACO EHF.

Verkalýðsfélag Akraness kærði Formaco ehf. í byrjun júní fyrir að hafa ekki tilkynnt fjórtán Lithóa sem störfuðu hjá fyrirtækinu til yfirvalda eins og lög gera ráð fyrir. Mennirnir voru ekki með íslenska kennitölu. Þeir höfðu starfað hjá Formaco í tæpt ár og sumir lengur.

Í kærunni frá verkalýðsfélaginu kom fram að ekki hefði verið staðið skil á lögbundnum skattgreiðslum né gjöldum til ríkisins vegna mannanna. Kæran gegn Formaco er til meðferðar hjá lögfræðideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en hefur ekki verið tekin fyrir.

HÚSBRUNI Í EYJUM Vel gekk að slökkva eldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Húsbruni í Vestmannaeyjum:

Miðaldra hjón misstu heimilið

LÖGREGLUMÁL Miðaldra hjón í Vestmannaeyjum fengu gistingu á vegum Rauða krossins í nótt eftir að miklar skemmdir urðu á húsi þeirra í bruna í gær. Að sögn Tryggva Ólafssonar lögreglufulltrúa var maðurinn uppi á lofti en konan ásamt gestkomandi konu inni í stofu þegar eldur gaus upp í steikarolíu í potti inni í eldhúsi á sjötta tímanum í gær.

„Þau gerðu hið eina rétta; komu sér út og kölluðu á hjálp," segir Tryggvi, sem kveður fólkinu hafa verið illa brugðið enda húsið orðið óíbúðarhæft. Hann segir eldinn að mestu hafa verið slökknaðan þegar slökkvilið bar að. Þrátt fyrir mikið tjón hefði getað farið enn verr. - gar

ALÞINGI

Vill fund í félagsmálanefnd

Ögmundur Jónasson, fulltrúi VG í félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, hefur krafist þess að nefndin verði kölluð saman sem fyrst til að fjalla um eftirlit með réttarstöðu erlendra verkamanna á Íslandi.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í mannlausum bíl

Eldur kom upp í mannlausum bíl á áttunda tímanum í gær. Bíllinn stóð á bílaplani við Súðarvog í Reykjavík, og var nokkuð af bildekkjum inni í honum. Grunur er um íkveikju.

ÍSMÓT 2007 í Laugardalshöll:

200 fagmenn sýna tísku

SÝNINGAR Það verður mikið um að vera í nýju Laugardalshöllinni þegar fagmenn úr tískuiðnaðinum koma saman til að sýna handverk sitt og keppa um fagmann ársins í hinum ýmsu iðngreinum innan Samtaka iðnaðarins.

TÍSKUTEYMI Keppni tískuteyma verður einn af hápunktum hátíðarinnar.

Að auki verður vegleg sölusýning í Höllinni þar sem yfir fimmtíu sýnendur taka þátt og kynna og selja allt sem viðkemur tísku, útliti og dekri.

Sýningin verður opin laugardag og sunnudag kl. 10-17 og er aðgangur ókeypis. Sextán síðna aukablað um ÍSMÓT 2007 fylgir Fréttablaðinu í dag - sig

Sígaunar í Þingeyjasveit:

Buðu gull fyrir bensín á bílinn

LÖGREGLUMÁL Fimm sígaunar frá Rúmeníu reyndu í gær að kaupa bensín á Laugum í Þingeyjasveit í skiptum fyrir skartgripi úr gulli. Aðalsteinn Júlíusson, varðstjóri hjá lögreglunni á Húsavík, segir lögreglumenn sem fóru á staðinn hafa talið að gullið væri í raun messing.

„Lögreglan hefur varað við svona hópum sem fara um og reyna að selja ómerkilegt drasl sem ekta skartgripi. Það er rétt að hvetja fólk til að eiga ekki viðskipti við þessa hópa heldur tilkynna frekar um þá til lögreglu," segir Aðalsteinn sem reiknar með að sígaunarnir hafi verið á leið til Seyðisfjarðar um borð í Norrænu. - gar

BÍLL DAGSINS

PEUGEOT 307

Nýskr. 11.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 44 þús. km.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Fyrrverandi yfirmaður í Abu Ghraib-fangelsinu sleppur með skrekkinn:

Sýknaður af flestum ákærum

BANDARÍKIN, AP Réttarhöldum yfir bandaríska undirliðþjálfanum Steven L. Jordan lauk í gær með því að herdómstóllinn áminnti hann fyrir að hafa ekki hlýðnast skipunum um að þegja um rannsókn á illri meðferð fanga í Abu Ghraib-fangelsinu í Írak.

Jordan var yfirmaður í fangelsinu á þeim tíma er hinar illræmdu misþyrmingar á föngum áttu sér stað. Hann er eini yfirmaðurinn sem ákærður var í málinu, en ellefu undirmenn hans hafa þegar verið dæmdir, þar af einn til tíu ára fangelsisvistar.

Jordan var sýknaður af þremur ákæruliðum. Hann þótti ekki hafa brotið reglur með því að heimila notkun hunda við yfirheyrslur. Hann þótti ekki heldur hafa gerst sekur um að sýna grimmd og illa meðferð á föngum með því að neyða þá til að vera nakta og hræða þá með hundum. Loks þótti hann ekki hafa brugðist skyldum sínum með því að veita ekki undirmönnum sínum næga þjálfun í mannúðlegum yfirheyrsluaðferðum.

Hann þótti hins vegar hafa brotið af sér með því að senda nokkrum hermönnum upplýsingar um rannsókn málsins í tölvupósti vorið 2004.

„Við lítum svo sannarlega á þetta sem sigur," sagði Kris Poppe, verjandi Jordans, að loknum réttarhöldunum í gær. - gb

STEVEN L. JORDAN Sum mannréttindasamtök hafa gagnrýnt dóminn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.toyota.is

Nýtt upphaf

Auris - Nýtt upphaf. Ný Toyota.

Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákn um karakter, tákn um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.

Toyota kynnir nýjan bíl, nýja tegund: Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.

Verð frá: 1.880.000 kr.

TODAY **TOMORROW** TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070

ÍSLENSKA SÍA ISI CE 38567 08/07

GENGIÐ 29.08.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	64,23	64,53
Sterlingspund	129,23	129,85
Evra	87,46	87,94
Dönsk króna	11,744	11,812
Norsk króna	10,982	11,046
Sænsk króna	9,311	9,365
Japanskt jen	0,5593	0,5625
SDR	98,37	98,95

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 118,8583

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Engin ástæða til að viðhalda átakahefð í umræðu um varnarmál segir ráðherra:

Ógnarmat unnið í ráðuneyti

ÞJÓÐARÖRYGGI Unnið er að gerð ógnarmats fyrir Ísland í utanríkisráðuneytinu. Löngu tímabært er að vinna slíkt mat og allar áætlanir um viðbúnað eru ófullnægjandi án þess, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra á ráðstefnu í Norræna húsinu í gær.

Ingibjörg sagði nýja tíma hafa runnið upp í öryggis- og varnarmálum Íslands við brotthvarf varnarliðsins. Útfæra þurfi lýðræðislegri vinnubrögð en hingað til hafi tíðkast þegar þjóðaröryggi hafi borið á góma, og skilgreina valdmörk og valdheimildir.

Sátt er um varnarmál í nágrannalöndunum og engin ástæða fyrir Íslendinga að viðhalda átakahefð, sagði Ingibjörg. Varnir séu sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar og eigi ekki að vera undirorpnar pólitískum sviptingum á heimavelli heldur byggja á ígrunduðu mati á þeim váboðum sem þjóðin standi andspænis á hverjum tíma.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR „Nýir tímar í öryggis- og varnarmálum.“

Hún ítrekaði að samráðsvettvangi stjórnmálaflokka um öryggis- og varnarmál yrði komið á fót, eins og boðað var í yfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar við brotthvarf varnarliðsins. Einnig yrði stofnuð öflug rannsóknarstofnun sem taka ætti virkan þátt í alþjóðlegu fræðasamstarfi.

Ingibjörg benti í ræðu sinni á að öryggis- og varnarmál snerust ekki eingöngu um hefðbundin stríðsátök lengur, heldur viðbrögð við umhverfisvá, mengun, náttúruhamförum, farsóttum og vörnum gegn hryðjuverkum. - bj

Háskóli Íslands:

Þjóðinni boðið í þjóðhagfræði

MENNTUN Fyrirlestrar í Háskóla Íslands í þjóðhagfræði fyrir byrjendur verða öllum opnir í vetur.

Þetta er þriðja árið í röð sem viðskipta- og hagfræðideild háskólans býður upp á opna fyrirlestra í þjóðhagfræði.

Upplýsingavefur námskeiðsins verður opinn öllum til að auðvelda áhugasömum að nýta sér kennsluna sem best.

Kennari á námskeiðinu er Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor. Fyrirlestrarnir verða haldnir í Háskólabíói á þriðjudögum og hefjast klukkan hálf eitt. - aví

Fyrrum umhverfisráðherra:

Jónína vill engu svara um veginn

UMHVERFISMÁL Jónína Bjartmarz, fyrrverandi umhverfisráðherra, vill engu svara um úrskurð sinn um Gjábakkaveg við Þingvelli.

JÓNÍNA BJARTMARZ

Hún vísar í úrskurðinn sjálfan; þar sé svörin að finna.

Fram hefur komið að Jónína hafi hunsað áskorun fjölmargra vatnalífræðinga um að fallið verði frá vegagerð við vatnið. Þeir telja að lagning vegarins sé ógn við lífríki vatnsins. Því svarar hún í engu.

Jónína vill heldur ekki segja neitt um hugsanleg áhrif vegarins á stöðu Þingvalla á heimsminjaskrá. - kóþ

Össur endurskoðar vatnalög:

Vill að vatn sé ekki einkaeign

STJÓRNMÁL Össur Skarphéðinsson iðnaðarráherra hefur látið embættismenn sína hefja endurskoðun á vatnalögum sem samþykkt voru á Alþingi í fyrra. Þetta kom fram í ríkissjónvarpinu í gær þar sem ráðherrann sagði endurskoðunina sérstaklega beinast að þeim ákvæðum laganna sem hann teldi fela í sér einkaeign á vatni og grunnvatni. Össur var meðal þáverandi stjórnarandstæðinga sem gagnrýndu frumvarpið til vatnalaganna harðlega 2006 og greiddi atkvæði gegn því. Eftir deilur var samþykkt að lögin tækju ekki gildi fyrr en 1. nóvember næstkomandi. - gar

Erum eftir á í verðmætamati

Hefði Kárahnjúkavirkjun risið í Noregi hefðu eigendur vatnsréttinda líklega fengið 3,2 til 6,3 milljarða króna. Nefnd mat réttindin á 1,6 milljarða. Líklegt að greiðslur séu enn hærri annars staðar segir hagfræðiprófessor.

ORKUMÁL Vatnsréttindi í Noregi eru tvöfalt til fjórfalt verðmætari en hér á landi, miðað við úrskurð matsnefndar vegna Kárahnjúkavirkjunar. Hefði virkjunin risið í Noregi hefðu vatnsréttarhafar fengið 3,2 til 6,3 milljarða í bætur, ekki 1,6 milljarða eins og meirihluti matsnefndarinnar taldi eðlilegt, jafnvel þó nýjustu aðferðum hefði ekki verið beitt.

Vatnsaflsvirkjanir eru margar í Noregi, en á undanförnum árum hafa einkum risið smærri virkjanir. Odd Stiansen, lögmaður hjá fyrirtækinu Statkraft, raforkufyrirtæki í ríkiseigu, segir að í gegnum tíðina hafi verðmæti vatnsréttinda verið reiknuð út frá vatnsmagni og hæðarmismun. Nú séu þó teikn á lofti um að þeirri aðferðafræði verði breytt, og miðað verði við verðmæti virkjana.

„Þetta er fróðlegur samanburður, en það er ekki þar með sagt að þetta sé rétt í Noregi,“ segir Ragnar Árnason, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands. Hann segir líklegt að greiðslur séu enn hærri í öðrum löndum, til dæmis Bandaríkjunum.

„Okkar menningarheimur er svipaður þeim norska, og við erum eitthvað á eftir í þessari þróun. Ég hef þá trú að hér séu menn ekki að borga mikið fyrir vatnsréttindin, miðað við það sem gengur og gerist í heiminum,“ segir Ragnar.

Hann segir norskan menningarheim svipaðan og íslenskan, og afnotin af rafmagni séu svipuð. Þess vegna sé það mjög áhugavert að við svipaðar aðstæður og hér á landi séu norsk fyrirtæki að greiða mun meira fyrir vatnsréttindin en sem nemur niðurstöðu matsnefndar sem mat verðmæti vatnsréttinda við Kárahnjúka.

Lögmenn landeigenda bentu á leið Norðmanna í áliti sínu vegna matsnefndarinnar, en einnig var þar fjallað um nýlegt tilvik þar sem vikið er frá gömlu aðferðafræðinni og vatnsréttindin þess í stað metin út frá heildartekjum af virkjuninni.

Það er aðferðin sem landeigendur vilja nota, segir Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður vatnsréttindahafa við Jökulsá á Dal. Hann segir síðastnefndu aðferðina eiga einkar vel við vegna Kárahnjúkavirkjunar, enda tengd söluverði á raforkunni.

Hilmar segir að vatnsréttindin ættu í raun að vera verðmætari hér á landi en í Noregi. Þar sé búið að virkja alla auðvelda kosti, og því séu nýrri virkjanir að einhverju leyti óhagkvæmari. Á Íslandi sé ekki búið að virkja næstum jafn mikið, og því margir hagkvæmir kostir í boði, sem ætti að þýða hærra verð fyrir vatnsréttinn, enda hægt að virkja með minni tilkostnaði.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, vildi ekki tjá sig um þennan samanburð við verðmæti vatnsréttinda í Noregi. Hann sagði ekki eðlilegt að fulltrúi Landsvirkjunar fjallaði um mál tengd úrskurði matsnefndarinnar á meðan Landsvirkjun og eigendur vatnsréttar væru ekki búnir að taka ákvörðun um hvort úrskurður matsnefndarinnar yrði kærður til dómstóla. brjann@frettabladid.is

JÖKULSÁ STÍFLUÐ Viðstaddir fylgdust grannt með þegar tappinn var settur í Hálslón síðasta haust og rennslið í ánni minnkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NORSKA AÐFERÐAFRÆÐIN AÐ BREYTAST

Samkvæmt upplýsingum frá norska raforkufyrirtækinu Statkraft hefur þumalfingursreglan við mat á vatnsréttindum í Noregi verið sú að greiða sem samsvarar ríflega 3.400 íslenskum krónum fyrir hvert náttúrulegt hestafl, sem reiknað er úr frá hæðamismuni og vatnsmagni.

Væri sú krónutala notuð miðað við forsendur Kárahnjúkavirkjunar væru vatnsréttindin metin á tæplega 3,2 milljarða króna, tvöfalt meira en úrskurðað var um af matsnefnd.

Odd Stiansen, lögmaður hjá Statkraft, segir að nýlega hafi vatnsréttindin verið metin mun hærra en áður hafi tíðkast. Nú sé til dæmis talað um sem samsvarar tæplega 6.900 krónum fyrir hvert náttúrulegt hestafl. Miðað við þá tölu væru vatnsréttindin vegna Kárahnjúkavirkjunar metin á 6,3 milljarða króna, fjórfalt mat matsnefndarinnar íslensku.

Hann segir þó teikn á lofti um að aðferðafræðin sé að breytast. Í nýlegum dómi um vatnsréttindi vegna lítillar virkjunar hafi vatnsréttareigendum verið dæmdur helmingur tekna af byggingu virkjunarinnar. Þeim úrskurði hafi Statkraft þó skotið til æðra dómstigs.

Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

NÆSTA HELGI Á föstudagskvöldið og aðfaranótt laugardagsins er lægð á leiðinni austur yfir land með vætu um allt land. Á laugardeginum snýst vindur smám saman til norðvestlægrar eða vestlægrar áttar með rigningu nyrðra en skúrum syðra. Smám saman styttir þó upp á landinu sunnanverðu eftir því sem líður á síðdegið og kvöldið. Á sunnudag verður úrkomulítið í fyrstu en síðdegis verður komin rigning.

REYKJAVÍK Í DAG Suðvestan 5-8 m/s. Rigning eða skúrir. Hiti 10-13 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun



3-10 m/s stífastur með ströndum.

» laugardagur



5-8 m/s en allt að 10 m/s allra syðst og norðaustast.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	15°C	skúrir	London	21°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	16°C skúrir
Billund	15°C	rigning	París	21°C	léttskýjað	Basel	19°C skúrir
Osló	16°C	léttskýjað	Amsterdam	19°C	skúrir	Alicante	29°C léttskýjað
Stokkhólmur	14°C	léttskýjað	Frankfurt	21°C	hálfskýjað	Algarve	26°C léttskýjað
Gautaborg	17°C	skúrir	Berlín	19°C	skúrir	Las Palmas	23°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

LAGERSALA

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

UPPBOÐ á völdum vörum 4 sinnum á dag – Misstu ekki af skemmtilegum og mögnuðum uppboðum.

Verðdæmi

CREATIVE

Creative MuVo 512kb
Mp3 spilari
Verð áður 8.995 kr.
Tilboðsverð 2.900 kr.

Verðdæmi

NOKIA

Nokia 6101
Verð áður 14.995 kr.
Tilboðsverð 8.900 kr.

Verðdæmi

YAMAHA

Yamaha RXN600 magnari
Verð áður 69.900 kr.
Tilboðsverð 39.900 kr.

Verðdæmi

KEF

KEF heimabíósett KHT 5000
Verð áður 129.900 kr.
Tilboðsverð 59.900 kr.

Fimmtudaginn 30. ágúst til 3. september að Dalvegi 28.

Ótrúlegt verð og mögnuð uppboð 4 sinnum á dag

- *Flatskjáir*
- *Magnarar*
- *Hátalarar*
- *Veggfestingar*
- *Sjónvarpsborð*
- *Farsímar*
- *Aukahlutir fyrir farsíma*
- *Talstöðvar*
- *Myndbandstökuvélar*
- *Mp3/Mp4 spilarar og aukahlutir*
- *Heyrnartól*
- *Vefmyndavélar*
- *Flybook fartölvur*

PIPAR • SÍA • 71620



Dalvegi 28 / Opið fimmtudag 12-22 föstudag, laugardag, sunnudag og mánudag 12-18

Hátæknni

KJÖRKASSINN

Eru eldvarnarmál á meðferðarstofnunum í ólestri?

Já	59%
Nei	41%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á Vinnumálastofnun að beita sektum skrái verktakafyrirtæki starfsmenn sína ekki á löglegan hátt hér á landi?

Segðu þína skoðun á visir.is

Þormóður Árni Egilsson hætti í lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í júlí og sneri sér að íþróttakennslu:

Ástandið er skelfilegt vegna lágra launa

KJARAMÁL „Ástandið er alveg skelfilegt, því það er alltof mikið af reynslulitlu fólki úti á vettvangi. Það er engum greiði gerður með því.“

Þetta segir Þormóður Árni Egilsson, fyrrverandi lögreglumaður á höfuðborgarsvæðinu. Hann hætti í lögreglunni í júlí og hefur nú snúið sér að íþróttakennslu í Hagaskóla, enda lærður íþróttakennari.

Þormóður Árni segir að stór hluti ástæðunnar fyrir því að hann hætti í lögreglunni sé lág laun. Hann var í umferðardeild áður en hann tók til við kennsluna.

„Launin hjá lögreglunni eru alls ekki í samræmi við það álag, þá ábyrgð og þann vinnutíma sem lögreglumenn eru seldir undir. Fólk þarf að takast á við alls konar hluti í starfi, auk þess sem það þarf á stundum að vinna langar vaktir, aukavaktir og annað.

Að ófaglærðu lögreglumönnunum ólöstuðum þá þekkist það hvergi annars staðar að þeir hoppi inn í lögreglustarfið af fullum þunga. Það eykur verulega álagið á þá lögreglumenn sem starfa fyrir. Þeir þurfa að kenna hinum ófaglærðu, auk þess að sinna sínum störfum. Þeir eru því oft í tvöfaldri vinnu og ættu að fá greitt samkvæmt því.“ - jss

ÞORMÓÐUR ÁRNI EGILSSON Kveðst myndu íhuga að hverfa aftur til lögreglustarfa ef launin hækkuðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DANICA WHITE Lenti í höndum sómalskra sjóræningja 1. júní.

Sjóránsgíslar snúa heim:

Danir voru 83 daga í gíslingu

DANMÖRK, AP Fimm manna áhöfn danska flutningaskipsins Danica White, sem sómalskir sjóræningjar rændu 1. júní síðastliðinn, sneru í gær heilir á húfi heim til Danmerkur. Útgerð Danica White greiddi fyrir þá lausnargjald hinn 12. þessa mánaðar og tíu dögum síðar voru skipið og áhöfnin afhent áhöfn fransks herskips með bækistöðvar í Djíbútí.

Sjóræningjarnir höfðu krafist 1,5 milljóna Bandaríkjadala – andvirði 96 milljóna króna – í lausnargjald, en óljóst er hve mikið útgerðin, H. Folmer & Co., greiddi þegar til kom. - aa

ÍRAK

Hlé á árásum

Sjía-klerkurinn Muqtada al-Sadr boðar nú hálfs árs hlé á allri starfsemi Mahdi-hers síns, meðan endurskipulagning hersins fer fram. Þessi öflugi her al-Sadrs er sagður hafa sundrast í ólíkar fylkingar.

Lögreglan orðin bensínlaus í samkeppni um gott fólk

Brotthvarf lögreglumanna úr starfi er vaxandi áhyggjuefni lögregluyfirvalda. Fagfélag bíður viðbragða fjármálaráðuneytis. „Án starfsmannanna erum við ekki neitt,“ segir lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

KJARAMÁL Alls hafa 36 lögreglumenn sagt starfi sínu lausu það sem af er þessu ári, flestir á höfuðborgarsvæðinu. Þrettán til viðbótar eru í launalausu leyfi. Um áramót munu svo 45 manns hverfa úr almennu deild lögreglunnar og halda áfram námi í Lögregluskólanum. Fjórir þeirra sem hafa hætt eru komnir aftur til baka, samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra.

Fulltrúar Landssambands lögreglumanna hafa í tvígang átt fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytisins og gert þeim grein fyrir stöðunni sem skapast hefur vegna óánægju lögreglumanna með kjör sín. Landssambandið hefur nú beðið viðbragða um nokkurra vikna skeið eftir þessa fundi, en engin fengið.

„Það er ekkert launungarmál að við höfum töluverðar áhyggjur af þessu,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. „Það blasir við okkur eins og flestum öðrum opinberum stofnunum að við erum búnir að tapa niður býsna miklu í samkeppni um góða og öfluga starfsmenn. Þar má hugsanlega kenna um þessu langa samningstímabili, sem hefur í raun gert það að verkum að opinberir aðilar, þar á meðal lögreglan, eru orðnir bensínlausir í þessari samkeppni við einkageirann um gott og öflugt starfsfólk. Þetta kemur fram hjá okkur í aukinni starfsmannaveltu og aðsókninni í Lögregluskólann. Ég tel það mjög brýnt verkefni að finna allar leiðir til þess að bæta og styrkja starfsumhverfi lögreglumanna. Ég styð þá baráttu heils hugar og mun leggja mitt að mörkum í hana.“

Spurður hvað þurfi fyrst og fremst til að snúa fólksflótta-þróuninni innan lögreglunnar við segir lögreglustjóri hið opinbera þurfa almennt að velta fyrir sér hvort ekki sé þörf á því að gera einhverjar launalagfæringar áður en samningstímabilinu ljúki.

„Menn innan löggæslunnar hafa sett sér metnaðarfull markmið, en ef við höfum ekki gott og öflugt starfsfólk til að fylgja því eftir getum við sleppt því að setja þessi markmið, því án starfsmannanna erum við ekki neitt.“

Steinar Adolfsson, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna, segir lögreglumenn hafa dregist kjaralega aftur úr tilteknum viðmiðunarstéttum.

„Almenningur á rétt á og kröfu um að í lögreglunni sé hæft fagfólk að störfum,“ segir hann. „Við teljum reynslu í þessu starfi afar mikilvæga fyrir rétt vinnubrögð og það er áhyggjuefni ef dýrmæt reynsla tapast frá okkur vegna launamálanna.“ jss@frettabladid.is

SAMANBURÐUR GRUNNLAUNA

	Lögreglumenn	*Fangaverðir	Tollverðir
Afleysingar	135.135	162.040	186.056
Nemar	148.987	162.040	195.359
Útskrifaðir	176.783	185.276	215.383
Eftir 10 ár	209.641	235.114	237.460

*Taxtar miðast við 1. desember 2007.

LAUNATAFLA LÖGREGLUMANNA

	Grunnröðun	5 ár í starfi	10 ár í starfi	13 ár í starfi	15 ár í starfi
Afleysingamaður	135.135				
Nemi/héraðslögreglumaður	148.987				
Lögreglumaður	176.783	199.658	209.641		235.846
Aðstoðarvarðstjóri/sérsveit	209.641	220.123	231.129		247.638
Varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður	220.123	231.129	242.685	254.242	260.020
Lögreglufulltrúi/aðalvarðstjóri	242.685	248.752	260.886	273.021	
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	385.896				
Yfirlögregluþjónn	405.191				

*Upplýsingar frá landssambandi lögreglumnanna.

Íbúðareigandi gegnt Laugavegi 4 til 6 kærir og vill deiliskipulag fellt úr gildi:

Kærir nýtt hótel á Laugavegi

SKIPULAGSMÁL Eigandi íbúðar á Laugavegi 5 hefur kært deiliskipulag sem gerir ráð fyrir miklum breytingum á lóðunum á Laugavegi 4 og 6.

Halla Bergþóra Pálmadóttir, sem býr í risíbúð, segir í kæru sinni að þegar nýtt deiliskipulag fyrir umræddar lóðir hafi verið samþykkt í fyrra hafi hagsmunaaðilum ekki verið kynnt sú breyting eins og borið hafi að gera. Þá telji hún að ekki hafi öll gögn í málinu verið lögð fram. Eigi það meðal annars við um skuggavarp. Í bréfi sem Halla sendi skipulagsráði í október í fyrra víkur hún einnig að þessu:

„Í grenndarkynningu sem nú stendur yfir fylgir illskiljanleg teikning af skuggavarpi og er teikningin miðuð við þegar sólin er hæst á lofti eða 21. júní. Sennilega er það vegna þess að mestan hluta ársins byrgir byggingin fyrir sól og skyggir á húsin sem standa norðan megin við Laugaveginn,“ segir Halla.

Þá segir Halla í kæru sinni að í fyrirhugaðri byggingu á Laugavegi 4 og 6 eigi að vera veitingastaður. Samkvæmt þróunaráætlun Reykjavíkur sé hlutfall veitingastaða nú þegar komið langt umfram viðmiðunarmörk. Til merkis um það nefnir Halla að byggingarfulltrúi hafi í september í fyrra synjað um leyfi til veitingarekstur með vísan til þess að ella færi hlutfall veitingastaða yfir tilskilin mörk.

Byggingarfulltrúi samþykkti á þriðjudag að reist yrði fjögurra hæða hótel- og verslunarbygging á Laugavegi 4-6. - gar

LAUGAVEGUR 4-6 Íbúðareigandi andspænis væntanlegu fjögurra hæða hóteli óttast að það varpi skugga á húsin við norðanverðan Laugaveg.

Dior

DIOR HAUST 2007

Nýjir haustlitir frá Dior komnir í verslanir.
Vertu velkomin og kynntu þér nýjustu tískulitina
frá Dior og John Galliano.

DIOR KYNNING 30. ÁGÚST -1. SEPTEMBER
í Hagkaupum Kringlunni, Smáralind og Skeifunni.
Sérfræðingar frá Dior verða í verslunum og gefa góð ráð.
Góð tilboð verða í boði.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hver var nýlega skipaður dómari við Hæstarétt Íslands?*
2. *Hverju hótaði maður vopnaður haglabyssu 23 ára manni í Hafnarfirði á þriðjudag?*
3. *Hvar búa tengdaforeldrar Ungfrú Ísland, Jóhönnu Völu Jónsdóttur?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Áfanga náð að sáttum milli stríðandi fylkinga í stjórnmálum Pakistans:

Musharraf og Bhutto semja

PAKISTAN, AP Pervez Musharraf, hershöfðingi og forseti Pakistans, hefur náð samkomulagi við Benazir Bhutto, erkikeppinaut sinn í stjórnmálum og fyrrverandi forsætisráðherra, um framtíðarhlutverk Musharrafs í forystu hersins. Samkomulagið er talið stór áfangi að sátt milli hinna pólitísku fjenda um að deila völdum í landinu.

„Báðir aðilar hafa veitt samhljóða samþykki sitt," sagði sjeik Rashid Ahmed, ráðherra járnbrautamála og náinn samherji Musharrafs.

Hliðstæð ummæli voru höfð eftir hinni útlægu Bhutto í bresku dagblaði, þó að hvorki hún né Ahmed segðu hreint út að Musharraf hefði fallist á kröfu Bhutto um að hann viki sem yfirmaður heraflans. Bhutto og aðrir talsmenn stjórnarandstöðunnar segja að stjórnarskráin skyldi Musharraf til að láta af stjórn hersins áður en hann biður þingið í haust um umboð til að sitja í fimm ár til viðbótar á forsetastóli.

Musharraf komst til valda í valdaráni hersins árið 1999. Fjarað hefur undan valdi hans síðan í mars í vor, er hann reyndi að reka forseta hæstaréttar en kom því ekki í gegn. - aa

MUSHARRAF FRÁ? Forsetinn í herbúningnum á risaveggspjaldi í Islamabad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grunnskólanemar í Reykjavík:

Ókeypis fjarnám í fjölbraut

MENNTUN Allir nemendur í 8.-10. bekk grunnskóla í Reykjavík munu geta stundað fjarnám í Fjölbrautaskólanum við Ármúla frá og með þessu skólaári. Fjarnámið verður nemendum og skólum að kostnaðarlausu. Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri og Gísli Ragnarsson, skólameistari FÁ, skrifuðu undir samning þess efnis í gær.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur verið í fremstu röð í þessum málum en þar hefur verið starfrækt öflugt fjarnám í fimm ár. - þeb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ofsaakstur

Lögreglan á Blönduósi stöðvaði karlmann á fimmtugsaldri á 166 kílómetra hraða á klukkustund á Holtavörðuheiði í fyrradag. Maðurinn má búast við 150 þúsund króna sekt og var hann sviptur ökuréttindum.

SAMGÖNGUNEFND

Ólöf Nordal varaformaður

Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, var í gær kjörin varaformaður samgöngunefndar. Ólöf er lögfræðingur að mennt og hefur starfað sem framkvæmdastjóri Orkusölunnar. Ólöf var fyrst kjörin á þing síðastliðið vor.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Lyfjaakstur við Akrafjall

Tuttugu og fjögurra ára karlmaður var stöðvaður í fyrrinótt við Akrafjall grunaður um lyfjaakstur. Hann var einn í bílnum. Þrátt fyrir ungan aldur á maðurinn langan sakaferil að baki. Mál hans er nú til meðferðar hjá yfirvöldum.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514	142.714	99.900
1400sn/mín/5 kg		
Þurrkari T7644C	135.571	94.900
rakaþéttir/6 kg		

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

LANDHELGISÞYRLA Nú eru björgunarþyrlurnar tvær í stað einnar áður. Læknum var ekki fjölgað að sama skapi. Einn þeirra hefur sagt upp vegna þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landspítali skoðar þyrluþjónustuna

Landspítali ætlar að fara yfir nýtt fyrirkomulag björgunarþyrlna Landhelgisgæslunnar. Forstjóri Landhelgisgæslu segir óvíst að annan lækni þurfi. Dómsmálaráðuneyti hafi skilning á stöðunni.

HEILBRIGÐISMÁL „Við höfum verið í sambandi við Landhelgisgæsluna út af þessu, þarna er ný staða komin upp og við þurfum að leita leiða til að leysa þetta," segir Már Kristjánsson, sviðsstjóri á slysa- og bráðasviði Landspítalans.

Þegar björgunarþyrlum Landhelgisgæslunnar var fjölgað úr einni í tvær var ráðin flugáhöfn til að manna hina þyrluna. Hins vegar er gert ráð fyrir að sami læknirinn, eða stöðugildi hans, sinni þeim báðum. Komi tvö útköll á sama tíma er óvíst hvort læknar finnist í þau bæði.

Nýverið sagði reyndasti þyrllæknir landsins starfi sínu lausu vegna þessa. Hann segir álagið á læknana vera óeðlilega mikið.

„Það er ákveðin óánægja með framkvæmdina," segir Már. „Við erum að leita leiða til að veita þá þjónustu sem við höfum skuldbundið okkur til að veita. Við þurfum að ræða þetta við Landhelgisgæsluna og yfirvöld heilbrigðis- og dómsmála."

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, er afar ánægður með samstarf Gæslunnar við Landspítalann. Hins vegar megi ávallt gera betur og unnið sé að því.

Hann vill ekki tjá sig um hvort núverandi læknisþjónusta sé fullnægjandi eða ekki, það sé læknisfræðilegt álitamál.

GEORG LÁRUSSON

MÁR KRISTJÁNSSON

Samkvæmt heimildum innan Landhelgisgæslunnar ríkir óánægja með nýtt fyrirkomulag og áhafnir þyrlna séu óöruggari við björgunarstörf en áður var.

Georg neitar þessu ekki beint, en ítrekar að mat Gæslunnar sé „að þetta sé í góðu horfi. Það hefur ekki komið til vandræða enn þá. Hins vegar getur alltaf komið upp sú staða að við þurfum fleiri lækna eða fleiri þyrlur," segir hann.

Georg kveður yfirmenn sína í dómsmálaráðuneyti hafa fullan skilning á málinu.

„Hins vegar er ekkert sem segir að búið sé að sannfæra einn eða neinn um að það þurfi fleiri lækna. Þetta er í stöðugri skoðun og ekki hægt að ákveða hér og nú hvort þetta eigi að vera svona eða hinsegin." klemens@frettabladid.is

UPPSEGJANLEGUR SAMNINGUR

Núverandi samningur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis við dóms- og kirkjumálaráðuneyti um bráðaþjónustu Landspítalans í björgunarþyrlum Landhelgisgæslu var undirritaður í janúar árið 2005. Hann gildir ótímabundið en honum má segja upp með sex mánaða fyrirvara.

BÍLL + TÖLVA

FRÁ 15.500 Á MÁNUÐI

100% lán

Nú býður Bílaþing HEKLU nokkra vel valda bíla með **sumar-** og **vetrardekkjum** á einstökum kjörum. Viðskiptavinir munu að auki fá glæsilega Hewlett Packard fartölvu.

HP Pavilion dv6331

Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,8 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 2 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 160GB SATA
Geisladrif: Lightscribe dual layer DVD skrifari
Minniskortalesari: 5 í 1
Vefmyndavél og fjarstýring
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 7200, allt að 256 MB
Stýrikerfi: Microsoft Windows Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki
2ja ára ábyrgð frá Opnum Kerfum

Listaverð: 119.900 kr.

Verðdæmi
Skoda Fabia, nýskráður: 28.1.2004
Ekinn 32 þús km. - Verð **950.000** kr.

aðeins **15.531** kr. á mán. í 72 mánuði.

Verðdæmi
VW Polo, nýskráður: 18.6.2004
Ekinn 57 þús km. - Verð **990.000** kr.

aðeins **16.162** kr. á mán. í 72 mánuði.

HEKLA

www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Laugavegur 174 | Klettháls 11 | Símanúmer 590 5040 | Opnunartími mánudaga–föstudaga 10–18 og laugardaga 12–16

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 07-1205

ÍSLENSKU BYGGINGARLISTA VERÐLAUNIN 2007

ÍSLENSKU BYGGINGARLISTA-VERÐLAUNIN 2007

Arkitektafélag Íslands efnir til Íslensku byggingarlistaverðlaunanna sem veitt verða á Kjarvalsstöðum 20. október nk.

Óskað er eftir tilnefningum til verðlaunanna og getur allt áhugafólk um byggingarlist og skipulagsmál tilnefnt verkefni. Verkefni sem koma til greina eru þau sem tekin hafa verið í notkun frá ársbyrjun 2005.

Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út **miðvikudaginn 12. september nk.**

Valin verk verða kynnt á sýningu á Kjarvalsstöðum sem opnuð verður 20. október samhliða því að verðlaunin verða veitt. Verkefnunum verða einnig gerð skil í sýningarbók sem kemur út sama dag.

Fjárhagslegur bakhjarl verðlaunanna er Þyrping hf., þróunarfélag á sviði skipulagsmála og mannvirkjagerðar.

Eyðublað vegna tilnefninga og nánari upplýsingar um Íslensku byggingarlistaverðlaunin má nálgast á vefsíðu Arkitektafélags Íslands, **www.ai.is**.

Verkefnisstjórn Íslensku byggingarlistaverðlaunanna

Aí Arkitektafélag Íslands

ÞYRPING

HMS SCOTT Skipið er mjög fullkomlega búið. Um borð er meðal annars líkamsræktaraðstaða fyrir áhafnarmeðlimi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Breska rannsóknarskipið Scott liggur við Skarfabakka:

Eltir góða veðrið

RANNSÓKNIR Breska rannsóknarskipið Scott liggur þessa dagana við bryggju í Reykjavík. Skipið kom frá mælingum á Atlantshafshryggnum austur af Kanada.

Skipið er sjötta stærsta skip breska flotans og er þetta í fyrsta skipti síðan í maí 2002 sem breskt herskip kemur til landsins. Skipið tilheyrir breska flotanum þó það hafi ekkert hernaðarlegt gildi. Helstu verkefni skipsins eru djúpsjávarrannsóknir á fjögur til sex þúsund metra dýpi í Atlantshafi og Indlandshafi. Skipið safnar gögnum um hafsbotninn sem eru send til hafrannsóknastofnunar í Bretlandi.

„Við erum við mælingar í Atlantshafi yfir sumartímann og förum síðan í Indlandshafið þegar vetur gengur í garð hérna. Því má segja að við eltum góða veðrið," segir skipstjórinn Andrew Vincent Swain. „Það er reyndar ekki gert til að liggja í sólbaði heldur er starfið þess eðlis að við þurfum þokkalegt veður til að sinna því."

Þegar jarðskjálftarnir urðu við Súmötru um jólin árið 2004 var MHS Scott á nálægum slóðum. Skipið fór á svæðið þar sem upptök skjálftans urðu og var þar næstu vikurnar við mælingar á hafsbotninum. - aví

RANNSÓKNARSKIPIÐ HMS SCOTT

- Skipið er sjöunda stærsta skip breska flotans eða um 13.500 rúmlestir. Það var tekið í notkun 30. júní 1997.
- Skipið hefur siglt yfir 500 þúsund sjómílur sem jafngildir yfir 23 hringjum um jörðina.
- Á fullum afköstum getur skipið dýptarmælt yfir 2.500 ferkílómetra svæði á sólarhring og tæki því 41 dag að mæla svæði jafnstórt Íslandi.
- Skipið er við mælingar að lágmarki 307 daga á hverju ári og mælir því rúmlega 0,2 prósent af heimshöfunum á ári, þrátt fyrir mikla afkastagetu.

LJÓSASALA

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM 21-28 ÁGÚST

NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í

LUMEX

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

Skógareldarnir í Grikklandi gætu kostað stjórnina meirihlutann:

Harðar ásakanir ganga á víxl

GRIKKLAND, AP Þúsundir slökkviliðsmanna, þar af hundruð frá öðrum löndum, börðust enn við skógarelda í Grikklandi í gær. Eldarnir, sem kviknuðu á föstudaginn, eru þó í rénun, en hafa kostað 64 manns lífið og skilið eftir sig nærri 200 þúsund ekrur af brenndu landi.

„Þetta er þjóðarharmleikur," segir Karolos Papoulias, forseti Grikklands, en bætti því við að grískir stjórnmálamenn þyrftu að sýna svolítinn „þroska" þegar talið berst að hamförunum.

Harðvítugar pólitískar deilur hafa sprottið út af eldunum og viðbrögðum stjórnvalda við þeim, sem stjórnarandstæðingar segja hafa komið allt of seint og verið alltof máttlitlar.

Stutt er í þingkosningar í Grikklandi og þykja jafnvel líkur á því að stjórnin missi meirihluta sinn vegna þessara deilna.

Grikkir búa sig einnig undir efnahagsleg áhrif af eldunum, sem hafa nú þegar kostað ríkissjóð meira en 300 milljón evra í neyðarhjálp. Talið er að tjón af völdum eldsins kosti mun meira.

Frá föstudegi til sunnudags brunnu 184 þúsund hektarar, meira en allt árið 2000, sem til þessa hefur verið versta ár skógarelda í Grikklandi.

Ofan á allt þetta varð svo sterkur jarðskjálfti í sunnanverðu Grikklandi í gær og mældist hann fimm stig á Richterkvarða. - gb

PRESTUR Í EYÐILAGÐRI KIRKJU Kontos Panagiotis prestur í kirkju í þorpinu Greka á Pelópsskaga. Kirkjan er nú rústir einar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bæjarstjóraskipti í Mosfellsbæ:

Haraldur nýr bæjarstjóri

STJÓRNMÁL Haraldur Sverrisson mun taka við stöðu Ragnheiðar Ríkharðsdóttur sem bæjarstjóri í Mosfellsbæ á morgun.

Ragnheiður hefur gegnt starfinu í fimm ár en hún var kjörin alþingismaður síðastliðið vor. Haraldur Sverrisson er skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Mosfellsbæjar. Hann er viðskiptafræðingur að mennt og með framhaldsmenntun í fjármálum frá University of Arizona í Bandaríkjunum. - lbb

RÁÐHÚSIÐ Verður framvegis á forræði nýs eignasjóðs.

Breytingar hjá borginni:

Nýr sjóður um borgareignir

REYKJAVÍK Leggja á niður framkvæmdasvið Reykjavíkur og skipulagssjóð borgarinnar og færa flest verkefni þeirra undir sérstakan eignasjóð. Tillaga um þetta verður lögð fram í borgarráði í dag. Verkefni á sviði samgöngumála flytjast ekki frá framkvæmdasviðinu yfir til eignasjóðsins heldur verða framvegis á hendi umhverfissviðs borgarinnar.

Hinum nýja eignasjóði er meðal annars ætlað að halda utan um allar fasteignir borgarinnar og annast rekstur þeirra og viðhald. Sjóðurinn mun þannig í raun verða eins konar fasteignafélag í eigu borgarinnar. - gar

EUROFIGHTER TYPHOON Valið stendur milli sex orrustuþotna. NORDICPHOTOS/AFP

Útboð fyrir Indlandsher:

Þotukaup fyrir 640 milljarða

INDLAND, AP Indverska ríkisstjórnin hefur boðið sex flugvélaframleiðendum að taka þátt í útboði í smíði 126 orrustuþotna fyrir indverska flugherinn, að andvirði allt að tíu milljarða Bandaríkjadala eða 640 milljarða króna.

Meðal þotna sem valið stendur á milli eru hin rússneska MIG-35, hin sænska JAS-39 Gripen, hin franska Dassault Rafale, hin bandaríska Lockheed F-16 og hin evrópska Eurofighter Typhoon.

Indlandsstjórn áskilur sér rétt til að kaupa allar þoturnar af einum framleiðanda eða gera samninga við fleiri en einn. - aa



GLEÐIN VIÐ VÖLD Margir litskrúðugir dansarar spígsporuðu um götur Lundúna. Tilefnið var síðasti dagur Notting Hill götuhátíðarinnar í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Talibanar hafa látið tólf gíslanna lausa

Ráðherra í ríkisstjórn Afganistans gagnrýnir samkomulag Suður-Kóreu við talibana og segir það fordæmi fyrir frekari gíslatökur. Talibanar náðu ekki fram öllum kröfum sínum, en segja alla gíslana fá frelsið innan tveggja sólarhringa.

AFGANISTAN, AP Talibanar í Afganistan höfðu í gær látið lausa tólf af þeim nítján suður-kóresku gíslum, sem þeir hafa haft í haldi í nærri sex vikur. Jafnframt sögðust þeir ætla að láta þá fimm sem eftir voru einnig lausa innan tveggja sólarhringa.

Þeir voru afhentir fulltrúum Rauða krossins á þremur stöðum í Afganistan. Enginn af gíslunum tólf sagði neitt við fréttamenn áður en þeir fóru inn í bifreið Rauða krossins. Konurnar í hópnum huldu allar höfuð sitt með klút.

Ættingjar þeirra sem látnir voru lausir lýstu hins vegar létti sínum. „Ég vona að hinir, sem eftir eru, verði líka látnir lausir fljótlega," sagði Lee Jung-Hoon, bróðir einnar konunnar, í Suður-Kóreu.

Gíslarnir voru látnir lausir eftir að samkomulag náðist á fundi talibana og fulltrúa Suður-Kóreu í Afganistan á þriðjudag.

Amin Farhang, einn af ráðherrum í ríkisstjórn Afganistans, hefur gagnrýnt samkomulagið. Hann segir hættu á því að samkomulagið virki hvetjandi á talibana: „Við óttumst að þetta verði haft að fordæmi. Að talibanar haldi áfram að taka gísla til að ná fram markmiðum sínum í Afganistan."

Suður-Kóreustjórn hefur þó lagt áherslu á að hún hafi eingöngu lofað talibönum því sem áður hafði verið ákveðið, nefnilega að kalla herlið sitt heim frá Afganistan fyrir áramót. Jafnframt ítrekaði stjórnin að hún muni koma í veg fyrir að suður-kóreskir trúboðar haldi til starfa í Afganistan, en þessu hafði stjórnin einnig áður lofað að gera.

Talibanarnir höfðu einnig krafist þess að félagar þeirra, sem sitja í fangelsi í Afganistan, yrðu látnir lausir í skiptum fyrir gíslana. Afgönsk stjórnvöld sögðu slíkt ekki koma til greina.

Þrátt fyrir að talibanarnir hafi ekki náð fram öllum kröfum sínum virðist gíslatakan hafa styrkt stöðu þeirra.

Hópur talibana rændi hinn 19. júlí 23 Suður-Kóreumönnum, sem voru á ferð í bifreið frá Kabúl til Kandahar. Í lok júlí myrtu þeir tvo gíslanna, en í byrjun ágúst létu þeir tvo lausa.

Töluvert hefur verið um mannrán í Afganistan á síðustu mánuðum. Þýskur verkfræðingur og fjórir afganskir starfsbræður hans voru teknir í gíslingu deginum áður en Suður-Kóreumennirnir, en þeir eru enn í haldi. gudsteinn@frettabladid.is

HLUTI GÍSLANNA LÁTINN LAUS Enginn þeirra ræddi við fréttamenn. Konurnar voru allar með slæðu fyrir andliti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Auglýsing afturkölluð:

Starfið fellur sennilega niður

REYKJAVÍK Borgaryfirvöld hafa afturkallað auglýsingu um starf sviðsstjóra umhverfissviðs. Gísli Marteinn Baldursson, formaður stjórnkerfisnefndar, segir að óforsvaranlegt hafi verið að halda þeirri auglýsingu til streitu þar sem umhverfissvið falli sennilega niður sem sjálfstætt svið og þar með breytist eða falli starfið niður í yfirvofandi stjórnkerfisbreytingum.

„Umsóknarfresturinn var ekki útrunninn og því hefur skrifstofa borgarstjóra sennilega ákveðið að nota tækifærið og afturkalla auglýsinguna," segir Gísli Marteinn. Ekki er ljóst hvernig stjórnkerfisbreytingarnar verða en það skýrist í borgarráði á fimmtudaginn. Þá verður lögð fram tillaga sem sennilega verður vísað í stjórnkerfisnefnd. - ghs

UPPISTÖÐULÓN OG VÖTN NACA eru sjálfstæð samtök sautján Asíuríkja í fiskeldismálum.

Þróunarsamvinnustofnun:

Styður veiðistjórnun í Asíu

UTANRÍKISMÁL Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) styður verkefni um fiskveiðistjórnun í vötnum og uppistöðulónum í Asíu.

Verkefnið er unnið í samvinnu við NACA sem eru stærstu samtök heims í fiskeldismálum.

Árni Helgason, umdæmisstjóri ÞSSÍ, segir í frétt frá stofnuninni að NACA leggi áherslu á að byggja upp fiskeldi þannig að það þjóni fólkinu sem mest. Valdi ekki óþarfa umhverfisröskun og sé rekið með ábyrgum og sjálfbærum hætti.

Ástæðan fyrir því að ÞSSÍ tekur þátt í verkefninu er sú að verkefnið kemur sér vel fyrir Sri Lanka, samstarfsland Íslands í þróunarsamvinnu. - aví

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók yfir á rauðu

Harður árekstur varð á gatnamótum Dalvegs og Nýbýlavegs í Kópavogi klukkan hálfníu í gærmorgun. Ökumaður ók yfir á rauðu ljósi og á annan bíl, sem í voru ökumaður og farþegi. Ökumaður þess bíls slasaðist nokkuð við áreksturinn en farþeginn slapp ómeiddur. Ökumann hins bílsins sakaði ekki.

HEILDSÖLU LAGERSALA

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði.
Mikið úval af: skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golffatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

50-80% afsláttur

Verðdæmi:	verð áður	verð nú
3. Laga jakkar:	29.900,-	**11.900,-**
Skíðabuxur:	15.900,-	**7.900,-**
Soft Shell peysur	13.900,-	**6.900,-**
Barnaúlpur	7.900,-	**3.900,-**
Skíðaúlpur	18.900,-	**8.900,-**
Golfjakkar	16.900,-	**7.900,-**

Opnunartími:		
Fimmtudagur	30. ágúst	kl. 14-20
Föstudagur	31. ágúst	kl. 14-20
Laugardagur	1. september	kl. 10-18
Sunndagur	2. september	kl. 11-18
Mánudagur	3. september	kl. 14-20

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 - Kópavogi

ZO•ON ICELAND

Ungir framsóknarmenn:

Kalla eftir ókeypis bókum

STJÓRNMÁL Ungir framsóknarmenn kalla eftir ókeypis skólabókum fyrir framhaldsskólanema sem Samfylkingin lofaði fyrir síðustu kosningar. Þetta kemur fram í ályktun félagsins.

„Samfylkingin lofaði einnig að innritunar- og efnisgjöld yrðu felld niður. Það er ábyrgðarlaust að fara með svona loforð ef ekki stendur til að standa við það.

Samfylkingin gekk í sumum kjördæmum svo langt að senda ávísun fyrir bókakostnaði stílaða á nemendur. Samband ungra framsóknarmanna skorar á þingmenn Samfylkingar að standa við gefin loforð.“ - aví

Engar viðræður í sumar um kaup borgarinnar á lóðinni Austurstræti 22:

Vilja miklu meira en boðið er

SKIPULAGSMÁL „Það munar tugum prósenta,“ segir Ástráður Haraldsson, lögmaður eigenda Austurstrætis 22, um það sem ber á milli hugmynda eigendanna og hugmynda borgaryfirvalda um kaupverð á eigninni.

Lögmaðurinn vill ekki upplýsa hvert uppsett verð er í krónum talið.

Eins og kunnugt er gereyðilagðist Austurstræti 22 í miklum bruna í apríl. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri lýsti því yfir á meðan enn brunnu eldar í húsinu að götumyndin yrði endurbyggð til fyrra horfs.

Ástráður Haraldsson segir að frá því í vor hafi í raun engar viðræður farið fram um kaup borgarinnar á húsinu. Eigendur vilji fénýta eign sína og hann bendir á að samkvæmt gildandi deiliskipulagi sé heimilt að reisa allt að 1.700 fermetra byggingu á lóðinni. Húsið sem brann var aðeins rúmir 650 fermetrar. „Borgin virðist hafa rómantískari hugmyndir um uppbyggingu á svæðinu og er enn að skoða það mál. Á meðan bíða eigendur Austurstrætis 22 með að setja fram sínar hugmyndir,“ segir hann.

Austurstræti 22 er í eigu samnefnds einkahlutafélags og Kristínar Haraldsdóttur. Ástráður segir eigendurna tengda fjölskyldu sem eignast hafi húsið fyrir hartnær einni öld. „Þetta eru reykvískar prívatpersónur og vilja vera það áfram,“ segir lögmaðurinn. - gar

AUSTURSTRÆTI 22 Uppbygging á brunareitnum bíður á meðan borgaryfirvöld skoða málið nánar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ABBAS OG OLMERT Stefna að samningum fyrir lok október. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Abbas og Olmert hittast:

Ræddu erfiðustu hitamálin

JERÚSALEM, AP Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, og Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, hittust í Jerúsalem á þriðjudag og ræddu í fyrsta sinn ítarlega nokkur helstu deilumál Ísraela og Palestínumanna.

Abbas byrjaði fundinn á að vara við því að friðarráðstefna í haust yrði tímasóun ef skautað yrði framhjá stóru deilumálunum, svo sem örlögum palestínsku flóttamannanna, endanlegri útfærslu landamæra og stöðu Jerúsalemborgar.

Eftir fundinn staðfestu báðir að Ísraelar hefðu látið af tregðu sinni til að ræða þessi mál.

„Við erum komnir á það stig að taka ákvarðanir,“ sagði Saeb Erekat, aðalsamningafulltrúi Ísraels. - gb

Grímseyjarferja og fjárlög:

Forsætisnefnd bíður átekta

ALÞINGI Forsætisnefnd ræddi ekki málefni Grímseyjarferju efnislega á nýafloknum fundi í Stykkishólmi, þar sem fjárlaganefnd á enn ólokið umfjöllun sinni um málið.

ÁSTA R. JÓHANNSDÓTTIR

Þó var rætt um fjárheimildir, líkar þeim sem ráðherrar beittu við kaup á ferjunni.

Fulltrúar Ríkisendurskoðunar voru spurðir hvort þeir sæju ástæðu til að „taka á þessu með lagabreytingum“, segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fulltrúi Samfylkingar í nefndinni.

Ásta segir að Ríkisendurskoðun hafi gefið ráðleggingar, en engin niðurstaða hafi fengist. „Þetta er í skoðun,“ segir hún. - kóþ

Slys við Hellisheiðarvirkjun:

Festist í vörubíl

LÖGREGLUMÁL Ökumaður vörubifreiðar slasaðist töluvert eftir bílveltu við Hellisheiðarvirkjun laust fyrir klukkan níu á þriðjudagskvöld. Hann er þó ekki í lífshætti.

Vörubifreiðin fór út af veginum í beygju og valt. Ökumaðurinn, sem er um tvítugt, festist í bílnum. Þurfti að losa hann út og flytja á Landspítalann í Fossvogi til aðhlynningar. - sgj

© Inter IKEA Systems B.V. 2007

NÝR VÖRULISTI

ferskur innblástur

Á ÞITT HEIMILI

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

IKEA®

„ORÐRÉTT“

Búið mál

„En ég er feginn að það skuli vera búið að afgreiða þetta. Nú er þetta mál úr sögunni.“

LÚÐVÍK GIZURARSON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR FÉKK ÚR ÞVÍ SKORIÐ Á ÞRIÐJUDAG AÐ 99,9 PRÓSENT LÍKUR SÉU Á ÞVÍ AÐ HERMANN JÓNASSON HAFI VERIÐ FAÐIR HANS.

Fréttablaðið, 29. ágúst

Lögbrotin ekki liðin

„Það verður ekki liðið að verktakafyrirtæki brjóti lög með þessum hætti.“

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA VILL KOMA Í VEG FYRIR AÐ FYRIRTÆKI SKRÁI EKKI ERLENDA STARFSMENN SÍNA HÉR Á LANDI.

Fréttablaðið, 29. ágúst

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI

Snýst allt um að manna leikskólana

„Það sem er að frétta hjá mér þessa dagana er að það snýst allt um að manna leikskólana svo að fleiri börn fái vistun,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi og formaður leikskólaráðs Reykjavíkurborgar. Hún segir að ágætlega gangi að manna leikskólana en þó mætti ganga betur. „Svo er ég pínulítið vonsvikin yfir landsleiknum hjá stelpunum okkar, sem mér fannst spila miklu betur en Slóvenar og áttu skilið að sigra.“ Þorbjörg segist fylgjast mikið með kvennalandsliðinu í knattspyrnu og þykir þær vera með frábært lið. „Ég vona að þó að það verði bakleiðin að því að komast til Finnlands, þá muni þær ná því. Ég vona að ég geti stutt þær í því,“ segir hún.

Auk þess að vera formaður í leikskólaráði er Þorbjörg í umhverfisráði og stjórn Strætó bs. Mikið hefur verið að gerast á báðum vígstöðvum í sumar. Þorbjörg segist þó hafa tekið sér sumarfrí. „Ég ferðaðist um landið í sumar, sem var yndislegt í þessu góða veðri. Íslenska sumarið hefur verið frábært. Nú er vinnan komin á fullt og haustverkin taka við, að taka til í kompunni og koma öllum í fjölskyldunni í rútínuna aftur. Það gengur ágætlega,“ segir Þorbjörg að lokum.

KERTI:

LJÓS Í MYRKRINU Í FIMM ÞÚSUND ÁR

■ Kertagerð á sér sjálfstæðan uppruna í mörgum menningarsamfélögum. Talið er að Egyptar og Krítverjar hafi búið til kerti úr býflugnavaxi árið 3000 fyrir Krist. Lengst af var tólg þó algengasta hráefnið í kertagerð. Á 18. öld lærðu menn að búa til gæðakerti úr hvalspiki og var notast við það til ársins 1830, þegar vaxið sem við þekkjum í dag kom til sögunnar. Skömmu síðar var fótunum kippt undan kertagerð með tilkomu steinolíunnar og olíulampinn leysti kertin af hólmi. Síðan hafa kerti aðallega verið notuð sem skrautmunir og við helgihald.

Lífið tekur á sig nýja mynd

Lífið er að taka á sig nýja mynd á Keflavíkurflugvelli þessa dagana; hermennirnir eru löngu farnir og nú eru borgararnir mættir á Völlinn, reiðubúnir að láta til sín taka. Skólinn er byrjaður, bæði hjá fullorðna fólkinu og börnunum, og fjöldi fólks mætir á hverjum degi til vinnu hjá verktakafyrirtækjum, skólum og Dreifingarmiðstöðinni og iðnaðarmennirnir eru á fullu að laga húsnæði að íslenskum kröfum og leggja lokahönd á breytingarnar. Og fólkinu á eftir að fara fjölgandi. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* blaðamaður *og Gunnar V. Andrésson* ljósmyndari voru á ferð á Vellinum í síðustu viku og tóku þá þessar myndir.

TÍVOLÍ Í LEIKSKÓLANUM Á leikskóla Hjallastefnunnar á Keflavíkurflugvelli má finna þessa fínu lest. Börnin geta leikið sér þar og svo geta þau farið í „tívolí“ eins og þau hrópa upp yfir sig af gleði þegar þau sjá leiktækin sem Bandaríkjamenn byggðu undir þaki til að komast undan íslenskri veðráttu. Þar er risastórt víkingaskip.

STÚDENTAR FLUTTIR INN Stúdentarnir eru flestir fluttir inn í íbúðirnar sínar sem þeir leigja fyrir mun minni pening en tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Sumir þeirra ferðast á hverjum degi til Reykjavíkur til að sækja tíma í háskólanum þar. Telma Dögg Ægisdóttir er í efnaverkfræði við Háskóla Íslands.



KIRKJUNNI BREYTT Kirkjunni á Keflavíkurflugvelli verður breytt í kennsluhúsnæði fyrir Keili. Jóhann Sævar Kristbergsson trésmiður hefur ekki látið sitt ekki eftir liggja en hann starfar hjá ÍAV þjónustu.

TÍNIR TIL VÖRUR Guðbjörg M. Jónsdóttir er „í tínslunni“ hjá Dreifingarmiðstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Hún líður um ganganá „birninum“ eins og vagninn er kallaður og tínir til vörur fyrir viðskiptavini.

SJÓNARHÓLL

ÓSKRÁÐIR VERKAMENN Á ÍSLANDI

Verið að misnota aðstöðu

GUNNAR ÞÓR NILSEN
Ljósmyndari

„Mér finnst að það ætti að endurskoða reglugerðir og lög varðandi innflutning á erlendum verkamönnum. Og það ætti að taka hart á þeim fyrirtækjum sem brjóta lögin og sekta þau stórkostlega gerist þau brotleg,“ segir Gunnar Þór Nilsen ljósmyndari. Á sunnudaginn lentu 29 erlendir verkamenn í bílslysi í Fljótsdal en í ljós kom að tuttugu þeirra eru ekki skráðir hjá Vinnumálastofnun. Mennirnir unnu hjá verktakafyrirtækinu Arnarfelli við að byggja Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar.
„Þetta eru mannslíf sem skipta máli en það er greinilegt að þessi stórfyrirtæki hugsa ekki um það. Þetta er ekki í lagi. Fólkið er flutt inn í tonnatali á lúsarlaunum og það versta er að það virðist vera þakklátt fyrir að fá þessa vinnu, það er það versta við þetta. Fyrirtækin eru að misnota sér aðstæður þessa fólks. Mér finnst svívirðilegt að fyrirtæki sem eiga næga fjármuni geti ekki séð af nokkrum aurum til að sjá til þess að pappírar starfsmanna séu í lagi og launin mönnum bjóðandi.“

UPPRIFJUN Í STÆRÐFRÆÐI Upprifjun í stærðfræði getur verið góð í byrjun annarinnar. Hér má sjá Sigurvin Ólafsson og Elsu Eðvarðsdóttur sem stunda nám í frumgreinadeild Keilis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚT AÐ LEIKA Maria Niznienska frá Slóvakíu býr Bergmann Albert Ramirez undir það að fara út að leika sér.

SUMAR TILBOÐ!

30-50% AFSLÁTTUR!

BAÐ
INNRÉTTINGAR

40% AFSLÁTTUR!

WLU 151 49.900,-

Hvítt háglans innrétting stærð: 115x48 sm

Ölur á MDF 125 x 48 sm

50% AFSLÁTTUR!

49.900,-

A 7121 110 breidd x 42 dýpt Hvít eik á MDF 120 x 48 sm

Eplaviður á MDF 152x48 sm

Ölur á MDF 182x48 sm

50% AFSLÁTTUR!

52,900,-

A-827 85 x 50 sm

VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT!

FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA

HÁGLANS

Hvítt háglans 120x48

Hlynur á MDF 102 x 48 sm

50% AFSLÁTTUR!

39,900,-

A-826 60 x 50 sm

Hnota á MDF 120 x 48 sm

40% AFSLÁTTUR!

49.900,-

Hnota 115 x 48 sm

Kirsuberjaviður á MDF 162 x 48 sm

Hvít fulningur 61 x 34 sm

50% AFSLÁTTUR!

25,900,-

Horninnrétting 60 x 60 sm

Allar innréttingar afgreiddar af lager

Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Svona erum við

> Innflutt steypustyrktarjárn í tonnum



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: AÐSKILNAÐUR TRÚAR- OG STJÓRNMÁLA Í TYRKLANDI

Kjarni kemalismans

Abdullah Gül, utanríkisráðherra úr hinum íslamsk-sinnaða stjórnarflokki AKP (Réttlætis- og þróunarflokknum), var á þriðjudag kjörinn forseti Tyrklands í þriðju lotu atkvæðagreiðslu um embættið á þjóðþinginu í Ankara. Kjör hans markar allnokkur tímamót í tyrkneskum stjórnmálum, þar sem hann er fulltrúi fyrir flokk sem aðhyllist hugmyndafræði sem ekki virðir þau ströngu skil milli trúar- og stjórnmála sem fyrri forsetar lýðveldisins og mestöll stjórnmálaelíta landsins hefur haft í heiðri allt frá stofnun lýðveldisins á millistríðsárunum. Hann segist reyndar sjálfur munu virða þessi skil rétt eins og fyrirrennararnir, en þar sem forsetinn hefur vald til að hafna nýjum lögum óttast veraldarhyggjusinnar að Gül muni láta trúarlega sannfæringu sína blandast inn í stjórnarathafnir.

Hvað er veraldarhyggja?
Veraldarhyggja er hugmyndafræði sem byggir á vilja til að halda trúmálum algerlega utan við stjórnmál og stjórnkerfi ríkisins. Hún er kjarni kemalismans svokallaða, sem kenndur er við Mustafa Kemal Atatürk, stofnanda tyrkneska lýðveldisins. Hún var skráð árið 1937 í stjórnarskrá lýðveldisins sem ein af grundvallarreglum tyrkneska ríkisins, en hún var löngu áður orðin það í reynd. Það var til að mynda í nafni veraldarhyggjunnar sem tyrkneskar konur fengu kosningarétt árið 1931, áratug fyrr en konur í Frakklandi.

Þótt langflestir íbúar Tyrklands séu múslimar hefur tyrkneska ríkið hvorki a) opinber trúarbrögð, né b) beitir sér í þágu neinna trúarbragða. Ríkið hefur ennfremur c) „hlutlaust eftirlit" með trúmálum í landinu og að trúarbrögð blandist ekki í stjórnvaldsaðgerðir.

Hver ver veraldarhyggjuna?
Tyrkneski herinn hefur alla tíð frá stofnun lýðveldisins árið 1923 álitið það hlutverk sitt að standa vörð um hina kemalísku veraldarhyggju. Hann hefur á liðnum áratugum rænt völdum fjórum sinnum í nafni þessa hlutverks síns.

SPURT & SVARAÐ
TÝNDIR FERÐAMENN Á HÁLENDINU

KRISTINN ÓLAFSSON
Framkvæmdastjóri Landsbjargar.

Ferðaplanið mikilvægast

Síðustu daga hefur leit staðið yfir á hálendinu að tveimur Þjóðverjum sem hafa verið týndir í á fjórðu viku. Leitin er sögð ein umfangsmesta leit síðari ára. Kristinn Ólafsson er framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Hvernig geta ferðamenn á hálendinu búið sig betur til að auðvelda starf björgunarsveita?
Fyrst og fremst með ábyrgari ferðamennsku. Þeir sem ferðast um svona fáfarin svæði ættu að skilja eftir sig ferðaplan. Hvert þeir ætla að fara og hvenær þeir ætla að vera komnir á áfangastað. Það myndi auðvelda starf björgunarsveitanna mjög mikið.

En eru einhver tæki og tól sem ferðamenn ættu að hafa með sér?
Tæknin leysir þetta skipulag aldrei af hólmi en hún kemur til viðbótar. Fjarskiptin þurfa að vera í lagi. Menn geta haft gervihnattarsíma, Tetra-talstöðvar, NMT- eða GSM-síma allt eftir því hvert ferðinni er heitið. Svo eru til neyðarsendar og fleiri tæki sem væri æskilegt að menn hefðu meðferðis.

Háar launakröfur og nýtt skipulag áfallatrygginga

Aðilar vinnumarkaðarins undirbúa nú komandi kjarasamninga og er óhætt að segja að samningarnir virðist ætla að vera óvenjusnemma í vinnslu, svo snemma að nýir samningar taki við þegar þeir gömlu renna út um áramótin. Líkur benda til þess að samningstímabilið verði stutt; aðeins verði samið til tveggja ára.

Háværar raddir innan verkalýðshreyfingarinnar, sérstaklega innan Starfsgreinasambandsins, krefjast þess að samið verði um verulegar launahækkanir, jafnvel upp á tugi þúsunda króna, og má búast við að kröfugerð Starfsgreinasambandsins verði í samræmi við það. Vinna landssambandanna hefur gengið út á það í sumar að safna saman gögnum og má búast við að kröfugerðin verði endanlega mótuð í september.

„Okkar grunnhugmynd er sú að gera kjarasamninga sem geta samræmst lágri verðbólgu. Við reynum að láta alla þá samninga sem við gerum, vera í samhengi hver við annan og það er í mörg horn að líta. Aðstæður geta verið mjög mismunandi en á endanum þurfum við að geta komið öllum samningum heim og saman án þess að stofna stöðugleikanum í hættu," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA.

Margt getur borið til tíðinda í viðræðunum á næstu mánuðum. Komið hefur fram í fréttum að starfsmenn Alþýðusambandsins, ASÍ, hafa unnið að tillögum um breytingar á veikinda- og slysarétti á almennum vinnumarkaði í óformlegu samstarfi við starfsmenn Samtaka atvinnulífsins. Hugmyndin er að einfalda kerfið og sameina öll réttindi í einn áfallatryggingasjóð. Eftir tvo mánuði á launum hjá vinnuveitanda tæki áfallatryggingasjóðurinn við. Stefnt er að því að tryggja góða framfærslu í áföllum þannig að viðkomandi fái fyrst níutíu prósent launa, svo áttatíu prósent og loks sjötíu prósent í allt að fimm ár. Vonir standa til að þetta nýja kerfi nái líka til starfsmanna hins opinbera.

Hafna breytingunum
Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar úti á landi hafa margir hverjir lýst efasemdum sínum um breytingarnar á veikinda- og slysarétti og jafnvel hafnað þeim alfarið. Þeir telja sig vita of lítið um þessar hugmyndir og vilja fá að sjá nánari útfærslu. Þeir óttast að félagsmenn verði fyrir skerðingum. Þó hefur verið bent á, til dæmis af Kristjáni Gunnarssyni, formanni Starfsgreinasambandsins, að þeir tekjulægstu og réttindaminnstu græði mest á þessum breytingum en félagsmenn Starfsgreinasambandsins eru einmitt í þeim hópi.

Stefnt er að því að hugmyndir og útreikningar ASÍ liggi fyrir í lok þessarar viku eða byrjun næstu og í framhaldi af því skýrist hvernig forystumenn innan verkalýðshreyfingarinnar taka hugmyndunum og hvort af þessu verður eða ekki. Ef af verður er um grundvallarbreytingu að ræða, stórt framfaraskref, og ganga sumir svo langt að tala um stærstu breytinguna frá því lífeyrissjóðunum var komið á. Ef samningar takast má búast við að samið verði um eins árs aðlögunartíma þar sem gengið verður frá nýja kerfinu áður en það er tekið í gagnið.

Endurhæfing efld
Í tengslum við áfallatryggingasjóð má svo búast við að endurhæfingar- og endurmenntunarkerfið verði eflt og gert átak til að hjálpa aftur út á vinnumarkað þeim sem hafa horfið þaðan vegna veikinda eða slysa en reynslan hefur sýnt að verulegar líkur eru á því að þeir sem eru sex mánuði eða lengur frá vinnumarkaði komi aldrei inn á hann aftur.

Rætt hefur verið um að gera kjarasamninga aðeins til tveggja ára og er áhugi á því innan ASÍ og SA. Spurning er hvort samið verði um kaupmáttarmarkmið eins og síðustu ár og þeim fylgt eftir með endurskoðunarákvæðum eins og áður. Þá verður klárlega áhersla á það í viðræðunum að færa kauptaxta að greiddu kaupi en það tengist áhyggjunum af því að erlent launafólk fái taxtakaup í stað markaðslauna.

Vilhjálmur segir að í september skýrist hvort hægt verði að semja um nýtt fyrirkomulag á sjúkrakerfinu í þeirri samningalotu sem fyrir höndum er. Málið sé flókið, til dæmis þurfi að breyta lögum og vinna með ýmis smáatriði sem ekki er hægt að sjá fyrir en koma upp þegar vinnan er hafin. „Við verðum að gefa því góðan tíma til að það fari vel af stað," segir hann.

Stefnt er að því að taka á kynbundnu launamisrétti í tengslum við kjarasamningana og er það í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Það er talið verða eitt af stóru viðfangsefnunum í næstu kjarasamningum. Ýmsar hugmyndir eru í umræðunni en allar eru þær skammt á veg komnar.

RAUSNARLEGAR LAUNAHÆKKANIR Stefnt er að því að semja um nýjan áfallatryggingasjóð sem tryggir góða framfærslu í allt að fimm ár eftir að áfall ríður yfir auk þess sem háværar kröfur eru um launahækkanir upp á tugi þúsunda króna.

HELSTU ATRIÐIN

- Samræming á veikinda- og slysarétti og stofnun áfallatryggingasjóðs.
- Starfsendurhæfing efld.
- Góð framfærsla tryggð.
- Hugmyndin mætir efasemdum innan verkalýðshreyfingarinnar.
- Stefnt að samningum til tveggja ára.
- Tekið á kynbundnu launamisrétti.

Í FYRRA FALLINU Horfur eru á því að samningaviðræður verði í fyrra fallinu í haust og er jafnvel búist við að nýr samningur taki við strax og gamli samningurinn rennur út um áramót. Hér fundar forysta verkalýðshreyfingarinnar. Myndin er úr safni.

FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

Brúarhlaup Selfoss 2007



1. september Hlaupið hefst kl. 12:00, hjólreiðar kl. 11:00 og hálfmaraþon kl. 11:30

Fyrir alla aldurshópa sem vilja hlaupa, ganga eða hjóla

Þátttökugjald: 1.200 kr. fyrir 14 ára og eldri, 600 kr. fyrir 13 ára og yngri, 1.500 kr. fyrir 10 km hlaup og 2.000 kr. fyrir hálfmaraþon. Allir þátttakendur fá keppnisbol við skráningu og verðlaunapening við komu í mark. Veittur er fjölskylduafsláttur.
Verðlaunaafhending: Að loknu hlaupi við **Landsbankann Selfossi** kl. 14:00.

Skráning: Á hlaup.is og í Landsbankanum Selfossi.
Nánari upplýsingar: Sími 482-3182 og 825-2130 og á umfs.is/frjalsar og hlaup.is

Landsbankinn

2,5 og 5 km skemmtiskokk, 10 km hlaup, hálfmaraþon ásamt 5 og 10 km hjólreiðum

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

allt að 37% afsláttur

SJÓNVÖRP

HÁFAR OG GUFUGLEYPAR

allt að 50% afsláttur

allt að 29% afsláttur

ÞVOTTAVÉLAR

ÍSSKÁPAR

15% afsláttur

allt að 70% afsláttur

HLJÓMTÆKI

15% afsláttur

SMÁTÆKI

allt að 46% afsláttur

OFNAR HELLUBORÐ

ÚTSALAN

ÚTSÖLULOK

ÚTSALAN
ÚTSALAN
ÚTSALAN

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Life's Good

Útgjöldin

> Kílóverð á tekexi í febrúarmánuði



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: RÚNAR JÚLÍUSSON TÓNLISTARMAÐUR

Sérsmíðaður Zemitas-gítar

„Bestu kaupin sem ég hef gert var þegar ég keypti fyrsta bassann minn. Hann var af gerðinni Framus og ég fékk hann í Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur, sem var í Aðalstræti árið 1963," segir Rúnar Júlíusson tónlistarmaður. „Það vantaði bassaleikara í Hljóma og ég fékk djobbið út á þennan bassa og af því að ég var snöggur að læra á hann."

Rúnar segir samt erfitt að gera upp á milli bassans og Zemitas-gítarsins sem hann keypti á Englandi árið 1976. Sá var sérsmíðaður eftir teikningum Rúnars og gítarsmiðsins. „Hann var eitt ár í smíðum og kostaði nokkur hundruð pund," segir Rúnar, sem semur enn í dag mikið af tónlist sinni á þann gítar, en hann er nýbúinn að gefa út plötuna Snákar í garðinum.

„Verstu kaupin voru svo támjóir skór sem ég keypti á einhverju tískutrippi á sjöunda áratugnum. Ég gekk í þeim í tvö ár og skemmdi tærnar á mér. Þær voru orðnar eins og píramídi í laginu og hafa ekki jafnað sig enn þá. Núna fengi ég mér sko bara sandala," segir Rúnar og hlær.

GÓÐ HÚSRÁÐ

BRAUÐ BJARGAR SYKRI

■ *Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands, sem nýverið taldi selina á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, kann illa við að púðursykurinn harðni um of.*

Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands, kann ráð til að varna því að púðursykurinn harðni. Hún segir að eitt besta húsráðið sem hún hafi á hraðbergi sé að skella brauðsneið í sykurílát heimilisins og láta hana liggja þar yfir nóttina.

Að morgni dags bíður þá lungamjúkur sykurinn hinna árrisulu, tilbúinn á súrmjólkina eða hvað það er sem fólk vill fá sér í morgunverð.

■ **Dýrast / ódýrast**

Handsnyrting

Handsnyrting er ekki sama og handsnyrting. Það kom í ljós þegar óformleg verðathugun Fréttablaðsins var gerð á nokkrum snyrtistofum sem bjóða upp á handsnyrtingu.

Handsnyrting getur innifalið alls konar meðferð eins og steinanudd, skrúbbmeðferð, maskáburð, lakk og slípun. Í Laugum Spa kostar Spa handsnyrting 6.500 krónur en meðferðin tekur 70 mínútur. Á Baðstofunni kostar Lúxus handsnyrting 5.900 krónur og tekur sú meðferð 75 mínútur. Á Snyrtistofunni Dís kostar handsnyrting með lakki 4.600 krónur. Á Diva snyrtistofu kostar lúxus handsnyrting með lakki 5.000 krónur og tekur 75 mínútur. Hjá Comfort snyrtistofu kostar lúxushandsnyrting með lakki 4.700 krónur og tekur meðferðin 60 mínútur.

■ **Útsölur**

Grill og reiðhjól

Hægt er að gera góð kaup á útigrillum og reiðhjólum þessa dagana en þau eru víða á tilboði. Yfir hörðustu vetrarmánuðina er einfaldlega hægt að skella græjunum inn í geymslu og taka þau glænýj upp úr kassanum í vor. Þetta er kannski jafnspennandi og að fjárfesta í jólaskrauti í janúar en hvort tveggja er hagkvæmt.

Líkamsræktarkortið ódýrast hjá Gym 80

Árskort í líkamsrækt er langódýrast hjá Gym 80 og dýrast hjá Nordica Spa, Hreyfingu og Mecca Spa. Þriggja mánaða kort er ódýrast hjá Gym 80. Ekki er tekið tillit til þjónustu eða annarra tilboða en þriggja mánaða eða árs.

PÚLAÐ Í RÆKTINNI Landsmenn geta tekið á því í ræktinni fyrir 9.900 krónur, eða 4.950 krónur fyrir konur, í þrjá mánuði hjá Gym 80. Um tilboð er að ræða sem rennur út á laugardag. Ekki er tekið tillit til þess hvort aðeins er um tækjasal, hóptíma og/eða spa að ræða, hvað þá mismunandi þjónustu.

Árskort í líkamsrækt er dýrast hjá Nordica Spa, Laugum, Hreyfingu og Mecca Spa samkvæmt lauslegri verðkönnun sem Fréttablaðið gerði í síma í vikunni. Árskortið kostar 178 þúsund hjá Nordica Spa, tæp 150 þúsund hjá Laugum með baðstofu, tæpar 83 þúsund krónur hjá Hreyfingu miðað við 6.900 krónur á mánuði í eitt ár og 79 þúsund krónur hjá Mecca Spa. Þetta gefur þó ekki alveg rétta mynd þar sem árskortið hjá Hreyfingu gildir frá áramótum. Árskortið er ódýrast hjá Gym 80. Þar kostar það aðeins 22.900 krónur fyrir karlmanninn en er helmingi ódýrara fyrir konur til 1. september.

Þriggja mánaða kort í líkamsrækt er dýrast hjá Nordica Spa, eða 69 þúsund krónur, 64 þúsund hjá Laugum ef um heilsurækt og baðstofu er að ræða og þriðja dýrast hjá Dansrækt JSB. Þar kostar það 21.700 krónur í eingreiðslu. Langódýrast er þriggja mánaða kortið hjá Gym 80, eða 9.900. Sama gildir um það og árskortið; fram til næstu mánaðamóta fá konur þriggja mánaða kort með helmings afslætti.

Flestallar líkamsræktarstöðvarnar hafa ýmis tilboð á boðstólum og er misjafnt hvað tilboðin standa lengi. Rétt er að nefna að Hreyfing býður þeim sem vilja binda sig til eins árs í nýju stöðinni við Glæsibæ upp á að greiða fast gjald 1.990 á mánuði fram til áramóta og velja síðan á milli þriggja leiða sem kosta 6.900, 12.700 eða 19.500 á mánuði í ár.

Ingibjörg Reynisdóttir, sölustjóri Hreyfingar, bendir á að allir viðskiptavinir Hreyfingar hafi aðgang að heilsurækt og spa og telur að samanburður við aðrar líkamsræktarstöðvar sé ekki fyllilega sanngjarn. „Hreyfing flytur í nýtt húsnæði um áramótin þannig að við erum akkúrat í millibilsástandi," segir hún.

Brynjar Guðmundsson, starfsmaður Gym 80, segir að ekki komi á óvart að Gym 80 hafi lægsta verðið. „Eftir að við flutt-um stöðina hefur þetta verið rólegt og við þurfum að ná fólki inn. Við erum með tuttugu karla að lyfta á móti einni konu og þurfum að jafna það út."

Ástrún Jónasdóttir, afgreiðslustjóri Dansræktar JSB, segir að kort sem gildi til lengri tíma séu alltaf ódýrari „til að fá fólk til að stunda líkamsrækt lengur. Það kynnist staðnum betur og sér betur hve gott er að vera hér," segir hún.

Í þessari verðkönnun er ekki tekið tillit til aðstöðu, hvers konar líkamsrækt um ræðir eða hvernig þjónustan er.

ghs@frettabladid.is

LÍKAMSRÆKTARKORT

	Þrír mán.	Tólf mán.
Laugar	21.900	51.800
- m/baðstofu	64.000	149.000
Nordica Spa	69.000	178.000
ISF	19.900*	43.080
Hress**	19.990	43.990
Hreyfing	19.500	82.800****
Dansrækt JSB	21.700	52.800
Gym 80	9.900***	22.900***
Bjarg	20.000	46.000
Bootcamp		75.000
Mecca Spa		79.000
Curves		44.400

Verðkönnun gerð í síma þriðjudaginn 28. ágúst. Einnig var stuðst við verðskrár á netinu. Gert er ráð fyrir eingreiðslu. Ekki er tekið tillit til þess hvernig aðstaðan er eða hvaða þjónusta er innifalin í verðinu. Það er mjög misjafnt milli stöðva.

* Miðað við hefðbundið þriggja mánaða kort. Tilboð er á fitness-korti sem gildir fram til jóla á 17.900 krónur.
** Tilboð til 3. september: Þriggja mánaða kort sem gildir í fjóra mánuði.
*** Konur fá kortið á hálfvirði fram til mánaðamóta.
**** Miðað við lægsta verð, 6.900 á mánuði, í eitt ár.

Tilboðsdagar Vatnsvirkjans!

Hreinlætistæki með miklum afslætti í verslunum Vatnsvirkjans.
Komdu og gerðu góð kaup - tilboðin gilda meðan birgðir endast!

50%
afsláttur af öllum fylgihlutum fyrir baðherbergi

Vatnsvirkinn hefur verið leiðandi í sölu á hreinlætistækjum í ríflega 50 ár!

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Smiðjuvegi 42 - Kópavogi - Sími: 557 5400 - www.vatnsvirkinn.is

Kjarni málsins

> Skráðir nemendur í háskólum á Íslandi frá 2000 til 2006



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

menntun
nám, fróðleikur og vísindi

VÍSINDAMAÐURINN: UNNUR MARÍA BERGSVEINSDÓTTIR SAGNFRÆÐINGUR

Segja frá uppvexti sínum í Reykjavík

Unnu María Bergsveinsdóttir, sagnfræðingur og starfsmaður Miðstöðvar munnlegrar sögu í Þjóðarbókhlöðunni, vinnur að því í ár að safna sögum af uppvaxtarárum fólks sem alist hefur upp í Reykjavík; verkefnið heitir Reykjavíkursögur. „Við ræðum við fólk um hvernig því fannst að alast upp í Reykjavík. Við höfum tekið um fjörutíu viðtöl það sem af er árinu, þar af þrettán á menningarnótt við fólk á aldrinum þriggja upp í 83 ára," segir Unnur og bætir því við að hægt sé að hlusta á brot úr viðtölunum á vefsíðu miðstöðvarinnar: www.munnlegsaga.is.

„Eldra fólkið sem við ræddum við sagði okkur meðal annars frá tívolíinu, Melavellinum og hvernig það var að leika sér í húsgrunninum á Bændahöllinni þegar verið var að byggja hana, á meðan það yngra

sagði okkur hvernig var að alast upp í Breiðholtinu," segir Unnur.

Sagnfræðingnum þykir áhugavert hversu ólíkar hugmyndir eldra og yngra fólk hefur um Reykjavík. „Maður fær það á tilfinninguna að eldra fólkið hafi upplifað borgina sem eina heild, lítinn og vinalegan stað, en að yngra fólkið upplifi sig eins og það tilheyri ákveðnu hverfi, til dæmis Árbænum, en ekki endilega Reykjavík. Þetta er mjög lógískt því Reykjavík hefur stækkað svo mikið á síðustu árum," segir Unnur.

Unnur segir að Reykvíkingar sem vilja segja sögur frá uppvaxtarárum sínum geti komið í viðtal í miðstöðina á fjórðu hæð í Þjóðarbókhlöðunni 15. og 22. september á milli klukkan tíu og tólf. Miðstöðin verður í samstarfi við Viðar Eggertsson dagskrárgerðarmann og Rás 1 frá og með haustinu og verða gerðir útvarpsþættir þar sem viðtölin verða notuð. Þættirnir verða á dagskrá Rásar 1 í vetur.

■ **Afmæli**

Háskólinn á Akureyri tuttugu ára

Háskólinn á Akureyri verður tuttugu ára hinn 5. september. Skólinn var stofnaður árið 1987 og var kennt í tveimur námsdeildum fyrsta starfsárið, heilbrigðis- og rekstrardeild. Fastráðnir starfsmenn voru fjórir það árið og nemendur 31. Vöxtur skólans hefur verið hraður frá upphafi og var boðið upp á nám á sautján fræðasviðum á síðasta ári og voru rúmlega fjórtán hundruð nemendur í skólanum.

■ **Nafnasamkeppni**

Hvað á Háskólatorg að heita?

Byggingarnefnd Háskólatorgs efnir til samkeppni um nafn fyrir þrjá byggingarhluta Háskólatorgs. Samkeppnin fer fram rafrænt og stendur frá og með 27. ágúst til 14. september. Allir starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og starfsmenn Félagsstofnunar stúdenta geta tekið þátt í keppninni. Áætlað er að tilkynna um niðurstöðu samkeppninnar við hátíðlega athöfn 9. október næstkomandi.

■ **Málþing**

Rætt um skrift, skrifræði og handrit

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum heldur málþing um skrift, skriftarfræði og handrit í dag í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Þingið stendur á milli klukkan eitt og fimm.

Loksins, loksins gefin út spænsk-íslensk orðabók

Ný spænsk-íslensk orðabók er talin marka tímamót í spænskukennslu í landinu. Tvöfalt fleiri nemendur á framhaldsskólastigi læra nú spænsku en um aldamótin. Spænskukennarar fagnar útgáfu bókarinnar. Stór-Madrídingurinn Kristinn R. Ólafsson telur dónaorðin í orðabókinni vera til marks um ágæti hennar.

SPÆNSK-ÍSLENSKA ORÐABÓKIN KOMIN ÚT Madrídingurinn Kristinn R. Ólafsson, Þorlákur Karlsson, deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík, og Margrét Jónsdóttir ritstjóri við stæðu af spænsk-íslensku orðabókinni í prentsmiðjunni Odda á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Margrét Jónsdóttir, einn af fimm ritstjórum spænsk-íslensku orðabókarinnar, sem Mál og menning gaf út í vikunni, segir að útgáfa bókarinnar sé bylting fyrir spænskukennslu á Íslandi.

„Loksins fá kennarar og nemendur nauðsynlegt verkfæri í spænskunámi hér á landi. Hingað til hafa nemendur þurft að nota ensku sem millilið því engin spænsk-íslensk orðabók hefur verið til. Það hindrar og tefur fyrir því að þeir tileinki sér tungumálið," segir Margrét og bendir á það hversu miklu fleiri Íslendingar læri spænsku nú en fyrir nokkrum árum. „Fjöldi nemenda sem leggur stund á spænsku á framhaldsskólastigi hefur tvöfaldast á sjö árum." Margrét segir að búast megi við enn meiri fjölgun nemenda í spænskunámi á grunn- og framhaldsskólastigi með útgáfu orðabókarinnar.

Að sögn Margrétar verður svo gefin út íslensk-spænsk orðabók í byrjun næsta árs.

Ida Semey, spænskukennari í Menntaskólanum í Hamrahlíð, segir að spænskukennarar í landinu hafi beðið eftir slíkri orðabók í mörg ár. „Loksins fáum við almennilega orðabók. Hún nýtist ekki aðeins framhaldsskóla- og háskólanemum heldur líka öllum þeim sem leggja stund á spænsku," segir Ida og bætir því við að þegar íslensk-spænska orðabókin komi út á næsta ári verði kennarar og nemendur í spænsku á grænni grein.

Spænskukennarinn segir að hún mæli með því við alla nemendur sína að þeir kaupi sér nýju orðabókina til að nota í náminu.

Stór-Madrídingurinn góðkunni, Kristinn R. Ólafsson, segir að útgáfa bókarinnar sé fagnaðarefni. „Það var tími til kominn að við fengjum góða spænska orðabók."

Kristinn segir að bókin sé falleg og lykti vel. „Ég er búinn að fá eintak af henni. Hún er vel unnin og ég er ánægður með orðskýringarnar í henni. Það fyrsta sem ég gerði var að fletta upp á dónaorðunum því Spánverjar nota þau mikið. Ragnið er eðlilegur þáttur í spænskri tungu, sem er stundum dálítið karlmiðuð. Mikið af helstu blótsyrðum Spánverja eru í bókinni; ég tel að það sé til marks um gæði hennar," segir Kristinn og bætir því við að orðin sem hann hafi flett upp séu meðal annars coño og cojonudo sem þýði píka og andskotinn á íslensku.

Spurður segir Kristinn að þrátt fyrir að hann sé reiprennandi í spænsku þá muni hann líklega nota orðabókina mikið í framtíðinni eins og aðrir Íslendingar sem leggja fyrir sig spænsku hér eftir.

ingifreyr@frettabladid.is

SPÆNSK-ÍSLENSKA ORÐABÓKIN

Höfundar: Guðrún Halla Tulinius, Margrét Jónsdóttir, Ragnheiður Kristinsdóttir, Sigrún Á. Eiríksdóttir og Teodoro Manrique Antón.
Útgefandi: Mál og menning. Bókin er unnin í samstarfi Háskólans í Reykjavík og Eddu útgáfu.
Lýsing: Um 27.000 uppflettiorð; ríflega 13.000 orðasambönd og máldæmi; orðaforði daglegs máls og fjölda fræðasviða; rammagreinar með umfjöllun um sérstök atriði í spænskri menningu; uppflettiorð prentuð með bláum lit til að auðvelda leit að orðum.
Lengd: 576 blaðsíður.

FJÖLDI SPÆNSKUNEMA

Á framhaldsskólastigi 2002-2006

2002-2003 1.855
2003-2004 2.185
2004-2005 2.428
2005-2006 2.780

Heimild: Hagstofa Íslands

VÍNBÚÐ

AÐ KAUPA VÍN ER EKKERT GRÍN

Hafðu skilríkin meðferðis.

Takk fyrir að sýna okkur skilríki að eigin frumkvæði þegar þú kemur í Vínbúðina. Þannig leggjumst við á eitt um að takmarka aðgengi unglinga að áfengi.

PERLURUGL!

ÚTIVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

Í PERLUNNI

HEFST Í DAG FIMMTUDAG 30. ÁGÚST, KI 12:00
OG STENDUR TIL 9. SEPTEMBER
- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA -

GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR VETURINN

Skór

Herraskór frá.....	2000 kr.
Dömuskór frá.....	1000 kr.
Barnaskór frá.....	500 kr.
Ecco dömuskór frá. 5000 áður	11995 kr.
Dömustígvél frá..... 3000 áður	14995 kr.

Blend

Jakkar frá.....	3000 kr.
Peysur frá.....	1500 kr.
Skyrtur frá.....	1500 kr.
Bolir frá.....	1000 kr.
Buxur frá.....	2000 kr.
Kjólar frá.....	1500 kr.
Pils frá.....	1500 kr.

66°Norður

Jakkar frá.....	4.500 – 7.500 kr.
Fleece frá.....	3.000 – 4.500 kr.
Dúnúlpur frá.....	9.000 kr.
Fylgihlutir frá.....	500 – 1.000 kr.
Krakka buxur frá.	1.500 – 3.000 kr.
Krakka úlpur frá..	3.000 kr.



BLEND Gre
Kaupfélagið

66° NORÐUR

ecco

BLEND
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
8.173 **+0,02%**

Fjöldi viðskipta: 472
Velta: 7.119 milljónir

MESTA HÆKKUN

TRYGGINGAMIÐST.	+1,66%
LANDSBANKINN	+1,00%
CENTURY ALUM.	+0,78%

MESTA LÆKKUN

FØROYA BANKI	-2,17%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	-2,02%
BAKKAVÖR	-0,74%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,30 +0,43% ... Bakkavör 67,00 -0,74% ... Eimskipafélagið 41,30 -2,02% ... Exista 33,20 +0,00% ... FL Group 25,90 +0,19% ... Glitnir 28,05 +0,18% ... Icelandair 26,75 +0,00% ... Kaupþing 1.143 -0,26% ... Landsbankinn 40,50 +1,00% ... ... Straumur-Burðarás 20,30 -0,25% ... Össur 105,50 -0,47% ... Teymi 6,12 -0,49%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn

Fleiri sparisjóðir eru hf.

Það er ekki öldungis rétt sem fram hefur komið í fjölmiðlum að SPRON sé fyrsti sparisjóðurinn sem verður hlutafélag. Tveir aðrir sparisjóðir eru nefnilega hlutafélög, nb.is-sparisjóður hf. (Netbankinn) og Sparisjóður Kaupþings hf. Þeir „sluppu" nefnilega í gegn áður en núgildandi lögum um sparisjóði var breytt árið 2004 sem margir vilja meina að hafi verið sett til höfuðs Kaupþingi og SPRON.

Óhentug löggjöf

Það er athyglisvert að renna huganum aftur til þess tíma þegar Kaupþing reyndi að ná yfirráðum í SPRON. Þá studdi þorri forsvarsmanna í sparisjóðaheiminum og stór meirihluti þingmanna það að sett yrðu lög sem kæmu í veg fyrir að bankar gætu tekið yfir sparisjóði. Á þeim rúmu þremur árum sem liðin eru frá því að lögin voru sett hefur umhverfi fjármálafyrirtækja tekið gjörbreytingum og er ljóst að sparisjóðirnir hafa setið eftir í sínu rekstrarformi. Stjórnendur sparisjóða, einkum þeirra stærstu, hafa hins vegar smám saman áttað sig á því að hlutafélagavæðing sparisjóða er nauðsynleg ætli sjóðirnir sér að takast á við harða samkeppni sem ríkir á innlendum fjármálamarkaði. Núverandi löggjöf er hins vegar óhentug fyrir sparisjóði hvað varðar breytingu í hlutafélag eins og löng fæðing SPRON hf. ber glöggt vitni. Því ber að fagna frumkvæði viðskiptaráðherra sem hefur skipað nefnd til að fara yfir gildandi löggjöf um sparisjóði svo að þeir geti þróast með eðlilegum hætti.

MARKAÐSPUNKTAR

Fjármálaeftirlitið veitti Straumi-Burðarási fjárfestingarbanka starfsleyfi sem viðskiptabanki á þriðjudag og fær bankinn heimild til að taka við innlánum frá viðskiptavinum. Bankinn er orðinn einn af fimm viðskiptabönkum landsins ásamt Glitni, Icebank, Kaupþingi og Landsbankanum.

Stjórn norrænu OMX-kauphallarsamstæðunnar sendi kauphöllinni í Dubai bréf í gær þar sem svara er óskað við nokkrum spurningum svo hægt sé að meta yfirtökutilboð kauphallarinnar í OMX.

Væntingavísitalan í Þýskalandi lækkaði talsvert á milli mánaða í ágúst en Þjóðverjar hafa ekki verið svartsýnni um horfur í efnahagsmálum í hálft ár.

Tap Flögu minna en í fyrra

Flaga Group tapaði fyrir skatta 176 þúsund Bandaríkjadölum á öðrum ársfjórðungi þessa árs, eða sem nemur rúmum 11 milljónum króna, samkvæmt ársfjórðungsuppgjöri sem birt var í gær. Tapið er um þrisvar sinnum minna en á sama tíma í fyrra en það nam þá 532 þúsund dölum.

Tekjur Flögu á ársfjórðungnum jukust um 11,6 prósent milli ára, voru 8,9 milljónir dala. Tekjur á fyrstu sex mánuðum ársins nema 16,1 milljón dala, en það er 4,8 prósenta aukning. Rekstrarkostnaður jókst aðeins milli ára, nam 5,5 milljónum dala á síðasta fjórðungi, en 4,9 milljónir í fyrra. **- óká**

Spá aukinni verðbólgu

Útsölulok boða aukna verðbólgu í september. Bankarnir spá aukinni verðbólgu fram yfir áramót. Landsbankinn spáir hröðum bata þegar kemur fram á næsta ár, en Kaupþing og Glitnir telja hjöðnunina verða hægari.

ÚTSÖLUR Aukin verðbólga í september skrifast að stórum hluta á lok sumarútsala, en spáð er allt að 12 prósenta verðhækkun á fatnaði og skóm. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verðbólgukúfur er framundan gangi spár greiningardeilda viðskiptabankanna þriggja eftir. Landsbankinn spáir hraðri hjöðnun á næsta ári þar sem markmiðum Seðlabankans verði náð, en hinir bankarnir tveir halda að batinn verði ekki fyrr en á þarnæsta ári.

Í september spáir Kaupþing 1,3 prósenta hækkun á vísitölu neysluverðs milli mánaða, en Glitnir 1,2 prósenta hækkun. Tólf mánaða verðbólga færi við það úr 3,4 prósentum í 4,1 eða 4,2 prósent. Í byrjun þessa árs var verðbólgan 6,9 prósent.

Í spá greiningardeildar Landsbankans er fyrirséð verðbólga næstu mánaða að hluta sögð vegna árstíðabundinna liða, auk þess sem mark sitt á þróunina setji hátt olíuverð og fasteignaverðbólga. Bankinn gerir ráð fyrir að kúfurinn nái hámarki í byrjun næsta árs en þá fari verðbólga í rúmlega sex prósent. Eftir það er gert ráð fyrir hraðri hjöðnun þannig að verðbólgumarkmiði Seðlabankans verði náð á seinni hluta næsta árs. „Frá upphafi til loka þessa árs spáum við 5,6 prósenta verðbólgu og 1,6 prósentum á því næsta," segir í umfjöllun Landsbankans. Gengislækkun krónunnar á síðustu vikum er einnig sögð munu hafa áhrif til aukinnar verðbólgu til skamms tíma, en þegar líður á haustið reiknar Landsbankinn með að gengið styrkist á ný. Kaupþing og Glitnir benda á að meðal árstíðabundinna liða sem stuðli að aukinni verðbólgu í september séu verðhækkanir vegna loka á sumarútsölum. Þannig gerir Kaupþing ráð fyrir að verð á fatnaði og skóm hækki um 12 prósent í mánuðinum. Þá virðist vera framundan talsverð verðhækkun á matvöru sem rakin er til lækkandi gengis krónunnar og hækkandi verði á hráefnum úti í heimi. Glitnir segir að búast megi við áframhaldandi hækkun á húsnæðisverði, og verði á matvöru.

Í spá Kaupþings kemur fram að styrking krónunnar á fyrri helmingi ársins hafi leitt til minni verðhækkana en ella hefðu orðið. Þá segir bankinn aukinn launakostnað fyrirtækja smám saman hafa verið að skila sér út í verðlag. „Að mati Greiningardeildar má gera ráð fyrir að enn frekari áhrifa muni gæta á meðan þensla ríkir á vinnumarkaði. Þá verða kjarasamningar lausir nú um áramótin sem setur enn frekari þrýsting á laun." Á móti er gert ráð fyrir að umsvif á fasteignamarkaði kólni fljótt í ljósi hækkandi vaxtakjara og erfiðara aðgengi að lánsfé. Bankinn gerir hins vegar ekki ráð fyrir að verðbólgumarkmiði Seðlabankans verði náð fyrr en árið 2009.

olikr@frettabladid.is

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

Hagvöxtur, verðbólga og hagstjórn:
Ráðstefna til heiðurs Edmund Phelps nóbelsverðlaunahafa í hagfræði

Fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins kl. 14:00-16:30, föstudaginn 31. ágúst

Prófessor Edmund Phelps hefur á undanförnum árum átt í margvíslegu samstarfi við kennara Háskóla Íslands. Hann var gerður að heiðursdoktor við skólann árið 2004. Í tilefni þess að árið 2006 hlaut hann nóbelsverðlaunin í hagfræði býður viðskipta- og hagfræðideild til þessarar ráðstefnu honum til heiðurs.

14:00-14:15	Setning. Forseti Ísland, herra Ólafur Ragnar Grímsson
14:15-14:30	Gylfi Zoega, Háskóli Íslands. Stutt yfirlit yfir framlag Edmund Phelps til hagfræði
14:30-15:00	Philippe Aghion, Harvard University „Education and Growth after Nelson and Phelps"
15:00-15:30	Luis Cunha, Universidade Nova de Lisboa, „Real Appreciation and the Current Account : A New Rationale for Euro Countries"
15:30-16:00	Amar Bhide, Columbia Business School, „Why They Stay at Home: The Globalisation of Venture Capital Businesses "
16:00-16:30	Edmund Phelps, Columbia University
16:30-17:00	Spurningar og umræða.
17:00	Léttar veitingar í Þjóðminjasafni

Fundarstjóri er Már Guðmundsson hjá Alþjóðagreiðslubankanum í Basel.

Aðgangur er ókeypis. Fundurinn verður haldinn á ensku.

Ráðstefna þessi er fjármögnuð með styrk frá Landsbanka Íslands.

Landsbankinn

ÁGÚST GUÐMUNDSSON FORSTJÓRI Bakkavör hefur keypt breska matvælafyrirtækið Exotic Farm Produce. Kaupverð fæst ekki uppgefið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bakkavör kaupir enn í Bretlandi

Bakkavör hefur fest kaup á breska matvælafyrirtækinu Exotic Farm Produce. Fram kemur í tilkynningu frá Bakkavör að kaupin hafi verið fjármögnuð úr sjóðum félagsins en að kaupverð sé trúnaðarmál.

Exotic Farm Produce sérhæfir sig í sölu úrvalsgrænmetis og framleiðslu á fersku niðurskornu grænmeti, ýmiss konar salötum ásamt ferskum tilbúnum réttum og meðlæti.

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Lincolnskíri á Bretlandi og hjá því starfa 370 manns. „Exotic Farm Produce fellur vel að rekstri þeirra fyrirtækja sem fyrir eru í eigu Bakkavarar. Þetta er vel rekið fyrirtæki með góðar horfur um framtíðarvöxt," sagði Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar. **- jsk**

Askar Capital fær starfsleyfi í hendur

Askar Capital fékk í gær starfsleyfi sem fjárfestingarbanki frá Fjármálaeftirlitinu. „Við erum nú fullgilt fjármálafyrirtæki og megum reka starfsemi sem við höfum ekki haft heimild til að stunda, til að mynda eignastýringu," segir Tómas Sigurðsson, framkvæmdastjóri fasteignaráðgjafar Askar Capital.

Askar Capital, sem er að stærstum hluta í eigu fjármálafyrirtækisins Milestone, starfar nú í Reykjavík og Lúxemborg og hefur tekið húsnæði á leigu í Búkarest og Hong Kong þar sem starfsemi fasteignaráðgjafarinnar verður. Þá er í deiglunni að opna skrifstofur í Lundúnum og jafnvel á Indlandi síðar á árinu að sögn Tómasar. Um sextíu manns starfa hjá fyrirtækinu. **- eþa**

Acer orðið með þeim stærstu

Asíski tölvuframleiðandinn Acer hefur keypt bandarískan keppinaut sinn, bandaríska tölvuframleiðandann Gateway, fyrir 710 milljónir dala, jafnviði 46,5 milljarða króna. Með yfirtökunni verður til þriðji stærsti tölvuframleiðandi í heimi.

Kaupin ollu nokkrum taugatitringi hjá kínverska tölvuframleiðandanum Lenovo, sem til dæmis framleiðir tölvur undir merkjum IBM. Lenovo ætlaði að stækka við með því að gera tilboð í tölvuframleiðslu hollenska fyrirtækisins Packard Bell í Evrópu, en Gateway á forkaupsrétt að framleiðslunni.

Stjórnir Acer og Gateway segja í sameiginlegri tilkynningu að útlit sé fyrir að með samrunanum verði hægt að spara allt að 150 milljónir dala, svo sem með lægri framleiðslukostnaði. - jab

FARTÖLVUR FRÁ ACER Acer verður þriðji stærsti tölvuframleiðandi í heimi með kaupum á bandaríska fyrirtækinu Gateway.

Eik Livaloc Struktur
3ja stafa, borðastærð
14x189x2.200 mm
146600

Frábært verð
Nýtt parket frá frændum okkar í Danmörku.
Livalov krækja - ekkert lím.

Gæða gólfefni
á lægra verði

Askur Family hvíttaður
Borðastærð 15x207x2,200 mm
146912
3.390 m²

Eik natúr planki
Breiður planki með stórum kvistum og miklum litabrigðum, borðastærð 15x180x2,200 mm
146931
4.890 m²

Nýtt
hjá Húsasmiðjunni
BARLINEK

BarClick krækja, ekkert lím, auðvelt í lögn

Askur Family
3ja stafa, sterk litabrigði, borðastærð 15x207x2,200 mm
146911
3.190 m²

Eik Family planki
Breiður klassískur eikarplanki
Borðastærð 15x180x2,200 mm
146932
5.190 m²

Eik Espresso planki
Breiður planki dökkbæsaður
Borðastærð 15x180x2,200 mm
146933
5.490 m²

Sama lága verðið um land allt

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýr vegur gegnum þjóðgarðinn á Þingvöllum:

Náttúran verður að njóta vafans

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Ekkert virðist því til fyrirstöðu að nýr Gjábakkavegur milli Þingvalla og Laugarvatns verði lagður. Allir þar til bærir aðilar hafa lagt blessun sína yfir veginn og staðsetningu hans.

Málið er þó ekki alveg svona einfalt því í ljós hefur komið að ekki hefur verið tekið tillit til röksemda þeirra fræðimanna sem best þekkja til lífríkis Þingvallavatns.

Í frétt blaðsins í gær kom fram að nær allir starfandi vatnalíffræðingar landsins skoruðu á þáverandi umhverfisráðherra, Jónínu Bjartmarz, að hafna nýja Gjábakkaveginum. Ástæðan er umhverfisspjöll sem vísindamennirnir telja að umferð um veginn kunni að valda.

Hinn virti vatnalíffræðingur í Kaupmannahöfn, Pétur M. Jónasson, hefur einnig miklar efasemdir um málið og hefur, eins og fram kom í frétt blaðsins á laugardaginn, kært úrskurð Skipulagsstofnunar um staðsetningu vegarins til UNESCO. Pétur telur jafnvel að nýi vegurinn geti valdið því að þjóðgarðurinn á Þingvöllum verði tekinn af heimsminjaskrá UNESCO.

Nýr Gjábakkavegur er nær Þingvallavatni en sá gamli, auk þess sem vegurinn á að vera beinn og breiður með 90 kílómetra hámarkshraða. Ljóst er því að umferð um nýjan veg verður mun meiri en um gamla veginn. Þetta telja vísindamennirnir að geti valdið niturmengun í vatninu sem muni raska lífríki þess og meðal annars hafa áhrif á búsvæði hinna fjögurra bleikjuafbrigða sem í vatninu lifa, þar á meðal kuðungableikju og sílableikju sem friðlýstar eru.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er eini staðurinn á Íslandi sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Þó ekki væri nema af þeirri ástæðu einni ætti að slá varnagla við hinum nýja Gjábakkavegi.

Pétur hefur bent á að leggja megi veg sunnan Lyngdalsheiðar og þá utan vatnasviðs Þingvallavatns. Ljóst er að þeir sem hafa hagsmuni af því að greiðfær leið sé milli Þingvalla og Laugarvatns munu hafa takmarkaðan áhuga á þeim kosti vegna þess að vegurinn er þá talsvert lengra frá veginum yfir Mosfellsheiði og lengir því ferðalagið frá höfuðborgarsvæðinu að Laugarvatni.

Vissulega eru greiðar samgöngur hagsmunamál en þegar um er að ræða þann merka stað Þingvöll, þjóðgarð og eina staðinn á Íslandi sem komist hefur á heimsminjaskrá, hlýtur þeirri spurningu að vera varpað fram hvort náttúran verði ekki að njóta vafans.

Bæta má veginn milli Þingvalla og Laugarvatns á þeim stað sem hann er nú og þar með bæta samgöngur innan sveitarfélagsins Bláskógabyggðar. Vissulega verður vegurinn þá alltaf erfiður yfirferðar eða ófær einhverja daga á vetri, hjá því verður ekki komist.

Einnig má benda á að fyrir þá sem ferðast til og frá höfuðborgarsvæðinu nýtast fjármunir til vegagerðar mun betur í tvöföldun Suðurlandsvegar sem ákveðin hefur verið án þess að vera á vegaáætlun.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óvænt útspil

Femínistinn Sóley Tómasdóttir gerir ráðningu Páls Hreinssonar í Hæstarétt að umtalsefni á bloggsíðu sinni. Undir bloggfærslunni „Surprise" segist Sóley handviss um að Páll sé mun hæfari til starfsins en Sigríður Ingvarsdóttir sem var meðal umsækjenda. Sóley tekur það skýrt fram að hún þekki ekkert til Páls eða starfa hans en spyr svo hvort Björn Bjarnason dómsmálaráðherra myndi fara eftir öðru en menntun og hæfni við mannaráðningar.

Nörd í hár saman við femínista

Eins og oft vill verða í netheimum eru ekki allir á eitt sáttir við færslu Sóleyjar. Þannig blandar Gunnlaugur Snær Ólafsson sér inn í umræðuna og segir Sóleyju enn og aftur vera með sama endalausa tuðið án þess að þekkja málið eða geta fært rök fyrir málflutningi sínum. Gunnlaugur, sem bloggar undir heitinu Íhaldsmaðurinn, er þekktur fyrir að standa vörð um frelsi einstaklingsins en hann er hvað þekktastur fyrir að vera einn liðsmanna knattspyrnuliðsins FC Nörd.

Svalur á því

Í öllum ólátunum um ísskápinn í Vínbúðinni í Austurstræti hefur annar ísskápur legið óbættur hjá garði, það er sá sem er inni á skrifstofu borgarstjóra í Ráðhúsi Reykjavíkur. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson kom ísskápnum fyrir eftir að hann settist í stól borgarstjóra og geymir í honum ýmis matvæli og drykki sem þarf að kæla, til dæmis guðaveigar sem hann ber á borð þegar tigna gesti ber að garði. Ekki stendur til að taka ísskápinn úr sambandi og aðgengi að honum þykir nokkuð gott.

kristjan@frettabladid.is

Þjóðernaskipti á ræningjum

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Nýlendusaga

Nýlendukúgun hverfur ekki eins og dögg fyrir sólu, þótt nýlenduherrarnir hverfi af vettvangi og heimamenn fái að taka sér sjálfstæði. Það er gömul saga og ný, að heimamenn hlaupa gjarnan í skarðið, ef þeir geta.

Evrópuþjóðirnar, sem skiptu Afríku á milli sín á Berlínarfundinum 1885, fóru illa með álfuna, einkum Belgar og Portúgalar. Þeir drýgðu grimmileg illvirki í nýlendum sínum. Þegar Portúgalar hrökkluðust loksins burt frá Afríku, skildu þeir nýlendurnar þar eftir í rjúkandi rúst, þar á meðal Angólu og Mósambík. Þeir tóku meira að segja símalínurnar með sér og helltu steypu í pípulagnir og leiðslur, úr því að þeir urðu að skilja þær eftir. Viðskilnaður Belga í Kongó 1960 var engu skárri, og var Belgía þó fullþroska lýðræðisríki ólíkt Portúgal, sem var frumstætt einræðisríki fram til 1975, þegar nýlenduveldi Portúgals í Afríku leið undir lok. Angóla, Kongó og Mósambík loguðu í ófriði lengi á eftir. Friður brauzt út í Angólu 2002 og í Mósambík 1992, en ástandið á báðum stöðum er ennþá hörmulegra en tárum taki. Kongó logar enn.

Heimatilbúnar hörmungar

Margir Afríkumenn eru uppteknir af hörmungarsögu nýlendutímans eins og eðlilegt er og kenna nýlenduveldunum að mestu leyti um ófarir sínar. Samt er saga margra þessara landa að fengnu sjálfstæði engu minni sorgarsaga, og hún er að miklu leyti heimatilbúin, enda þótt arfleifð nýlendutímans kasti stórum skugga yfir álfuna. Þessi þráláta blinda á eigin afglöp birtist skýrt í afstöðu margra Afríkubúa til ástandsins í Simbabve síðustu ár, þar sem frelsishetjan Róbert Múgabe hefur með óstjórn og ofbeldi lagt landið í rúst eða því sem næst á nokkrum árum. Múgabe er gamall marxisti og uppfullur af alls kyns ranghugmyndum um efnahagsmál og margt annað. Ef okkur vantar peninga, þá bara prentum við þá, segir hann; seðlabankastjórinn er bezti vinur hans og botnar hvorki upp né niður í sambandinu milli peningaprentunar og verðbólgu.

Simbabve átti bjarta framtíð fyrir sér líkt og Suður-Afríka, en landið rambar nú á barmi hruns. Verðbólgan er komin upp undir átta þúsund prósent á ári, og annað er eftir því. Ekkert hagkerfi stenzt til lengdar svo mikla verðbólgu, þar eð framleiðslan lætur undan og hagkerfið með. Jafnvel Nelson Mandela, hugrakkasti stjórnmálamaður heimsins, vék sér lengi vel undan því að segja Múgabe til syndanna, gömlum vopnabróður úr baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni. En nú hefur Mandela fundið leið: hann hefur tekið sæti ásamt öðrum gömlum kempum, þar á meðal Jimmy Carter fyrrverandi Bandaríkjaforseta og Mary Robinson fyrrum forseta Írlands, í öldungaráði, sem ætlar sér meðal annars að láta ástandið í Simbabve til sín taka. Vonandi láta þau Múgabe heyra það óþvegið. Ferill hans í Simbabve er varla skárri en ferill Portúgala í Angólu og Mósambík.

Innlend einokun

Íslendingum hætti lengi vel með líku lagi til að kenna Dönum um allt, sem aflaga fór hér heima. Á sama tíma og margir stjórnmálamenn héldu áfram að úthúða Dönum fyrir einokunarverzlunina og aðrar gamlar misgerðir, njörvuðu þeir sjálfir viðskiptalífið í svo níðþunga fjötra, að ekki hefur enn tekizt að leysa þá til fulls af landinu. Ein skýrasta birtingarmynd þessara heimatilbúnu viðja er andstaða allra stjórnmálaflokkanna nema eins gegn inngöngu Íslands í ESB: það er eins og það skipti flokkana engu máli, að ítrekaðar skoðanakannanir Gallups og annarra sýna, að meiri hluti kjósenda allra flokka er yfirleitt hlynntur aðild. Þvergirðingur flokkanna vitnar um virðingarleysi gagnvart almenningi. Flokkarnir ganga erinda bænda, útvegsmanna og annarra framleiðenda, og hagsmunir neytenda sitja á hakanum. Þeir vita, að ESB líður ekki fákeppni og okur og myndi setja þeim stólinn fyrir dyrnar. Í þessu ljósi þarf að skoða mótþróa flokkanna gegn ESB-aðild.

Annar angi málsins birtist fyrir kosningarnar nú í vor. Þá hömuðust málsvarar þáverandi stjórnarflokka – með Seðlabankann í eftirdragi! – við að þræta fyrir vaxtaokrið í bönkunum, þótt opinberar vaxtatöflur bankanna sjálfra tækju af öll tvímæli um okrið. Seðlabankinn var jafnvel látinn leggja fram leynilega útreikninga, sem áttu að sýna, að munur útlánsvaxta og innlánsvaxta væri óverulegur. Þessir útreikningar Seðlabankans hafa ekki enn fengizt birtir opinberlega, ekki frekar en bankarnir fást nú til að greina frá gjöldunum, sem þeir leggja á yfirdrætti, svo sem fram hefur komið í fréttum Ríkisútvarpsins. Það flaut með útvarpsfréttinni, að bankarnir fylgdu allir sömu verðskrá og hvorki Fjármálaeftirlitið né Samkeppniseftirlitið hygðust kanna málið. Nú þyrfti Ísland að vera í ESB, því að þá gætu bankarnir átt von á heimsókn þaðan klukkan sex í fyrramálið.

Borgarbúar stíga skrefin

UMRÆÐAN

Umhverfismál

JAKOB HRAFNSSON

Áhugi borgarbúa á umhverfismálum í borgum hefur vaxið á undanförnum misserum. Áhuginn birtist meðal annars í vilja til að hlúa að grænum útivistarsvæðum í borginni, til að draga úr loftmengun sem skapast af samgöngum og finna leiðir til að breyta ferðavenjum sínum. Einnig hefur áhugi á endurvinnslu aukist og viðleitni til að halda borginni hreinni.

Reykjavíkurborg hefur leitast við að koma til móts við þennan áhuga og einnig haft frumkvæði til að ýta verkefnum úr vör. Framtíðarsýn borgarinnar birtist í stefnumótun hennar í átt að sjálfbæru samfélagi og framkvæmdin birtist í Grænu skrefunum í Reykjavík.

Almenningssamgöngur hafa verið í brennidepli í sumar og hefur Reykjavíkurborg haft frumkvæði að því að strætó verði gjaldfrjáls skólaárið 2007-2008 fyrir nemendur í framhalds- og háskólum. Nemendur hafa fagnað þessum fríkortum sem hafa gengið hratt út og birst hafa viðtöl við nemendur sem ætla að fresta bílakaupum eða hvíla bílinn í vetur. „Ég er mjög ánægð með kortið, ég var næstum kominn á hausinn á síðasta skólaári vegna kaupa á strætókortum, held ég hafi eytt um 35 þúsund krónum í strætó," sagði einn nemandi í frétt á einum vefmiðlinum.

Framsóknarmenn í Reykjavík settu verkefnið Frítt í strætó fyrir námsmenn á dagskrá fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar, það fór síðan inn í málefnasamning nýs meirihluta sjálfstæðismanna og framsóknarmanna og varð það síðar eitt af Grænu skrefunum í Reykjavík. Þessi aðgerð er bæði góður samgöngustyrkur handa nemendum og tækifæri fyrir Strætó bs. til að afla sér framtíðarfarþega.

Annað grænt samgönguskref hefur verið stigið í Reykjavík í sumar. Bifreiðar sem falla undir skilgreiningu sænsku vegagerðarinnar um eldsneytisnotkun og útblástur teljast nú visthæfar: Reykjavíkurborg ákvað að umbuna þeim sem velja að keyra á visthæfum bifreiðum á götum borgarinnar með því að veita þeim frítt í stöðumælastæði. Áhugi á bifreiðum af þessu tagi virðist mikill og margir hugsa sér að slá tvær flugur í einu höggi: að spara og draga úr mengun.

Höfundur er varaformaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar.

Húsgagna Lagersala

Rýmingarsala

Sófasett frá 59,000

Mikið úrval af sófasettum. rúmum, sófaborðum, borðstofuborðum, stólum, skápum, svefnsófar o.m.fl.

Dugguvogur 2 (við hlið Slippfélagsins)
S: 557-9510

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

Ú á chihuahua! Þessa flottu skó keypti Mundi í Tókýó þar sem hann sýndi fatalínuna í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mundu mig

Forsíða símaskrárinnar leiddi til þess að Mundi gerðist fatahönnuður.

„Það var haldin samkeppni um hönnun forsíðunnar í Listaháskólanum og ég fékk þá hugmynd að láta prjóna einhverja grafík í íslenska ull," segir Guðmundur Hallgrímsson, eða Mundi, sem nú hefur tekið sér frí frá námi í grafísku hönnunardeildinni til að sinna fatahönnun.

„Ég fór með hugmyndina, geimfaramunstur, á prjónastofuna Janus þar sem verkið var unnið og í leiðinni lét ég prjóna fleiri munstur. Þetta kom svo rosalega vel út að ég bað þau að gera úr þessu peysu og þannig byrjaði þetta að vinda upp á sig," segir Mundi að lokum en hans fínu og frumlegu prjónaflíkur verða fáanlegar í KronKron á næstunni.

margret@frettabladid.is

TENGI
Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is • tengi@tengi.is • Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051

Ofnar eru bestir ómálaðir. Bæði nýjar og eldri gerðir. Málningin einangrar ofninn og því hitar slíkur ofn ekki vel, svo ekki sé minnst á hitaveitureikninginn.

Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRÝÐI

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400

Fílarnir eru af öllum stærðum og gerðum og koma alls staðar að úr heiminum.

Fjölbreytt fílaflóra

Starfsfólk Lyfju á Smáratorgi hefur skemmtilegt áhugamál. Í hvert sinn sem einhver fer til útlanda snýr sá eða sú aftur með fíl í farteskinu.

Margir viðskiptavinir Lyfju á Smáratorgi reka upp stór augu þegar þeim verður litið á hillu fulla af fílastyttum af öllum stærðum og gerðum. „Ætli það séu ekki um fimm ár síðan við byrjuðum að safna styttum af fílum," segir Lovísa Sigrún Svavarsdóttir, yfirlyfjatæknir hjá Lyfju, sem var stödd á Spáni þegar hún keypti fyrsta fílinn í safnið. „Það er svo mikið af fólki sem safnar styttum og fer með heim til sín. Hér í Lyfju er opið frá átta á morgnana til miðnættis og mörg okkar eru meira hér en heima hjá okkur," segir Lovísa og þótti því tilvalið að geyma fílana í vinnunni.

Lovísa er yfir sig ánægð með sístækkandi fílasafnið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

En af hverju fílar? „Fílar eru stór og stæðileg dýr, fjölskyldu-væn, trú og trygg sínum, alveg eins og við starfsfólkið í Lyfju," segir Lovísa og hlær. Hún segir vinnufélaga sína hafa tekið hugmyndinni að fílasöfnuninni fagnandi. „Nú er svo komið að þegar starfsfólk heldur til útlanda segjum við bless og góða ferð, vertu landi og þjóð til sóma og mundu eftir fíl," segir Lovísa glaðlega.

Fílaflóran á hillunni er skrautleg og fjölbreytt. „Fílarnir koma alls staðar að; Kína, Spáni, Ameríku, Egyptalandi og víðar," útskýrir Lovísa og segir að fílarnir, bæði ljótir og fagrir, séu íðilfagrir í augum starfsfólksins.

Þar sem fílasafnið fer stöðugt stækkandi fer plássið undir þá að sama skapi minnkandi. „Þetta er orðið þannig að vörurnar sem við erum að selja eru farnar að vera svolítið fyrir þeim," segir Lovísa. Þá hafa viðskiptavinir talsverðan áhuga á stytt-unum. „Í hverri viku spyr fólk út í fílana og svo eru einhverjir sem fala þá til kaups," segir Lovísa en fílarnir eru þó ekki til sölu fyrir nokkurt fé. „Það líður örugglega ekki á löngu þar til einhver fastakúnni kemur með fíl handa okkur, einn dag-inn gerist það," segir Lovísa kankvís.

solveig@frettabladid.is

Fílarnir eru misfagrir en Lovísa segir þá alla fallega í augum starfsfólks Lyfju.

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



flooré GÓLFHITI

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur
Sími 567 1330 • Fax 567 1345 • www.hringas.is
Hringás ehf.

visir.is
Fyrstur með fréttirnar

Vaknar þú oft á nóttunni?

SagaPro er náttúruvara úr íslenskri ætihvönn ætluð þeim sem þurfa oft á salernið á nóttunni.

Sækjum styrk í íslenskt náttúruafl!

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

Fæst í lyfja- og heilsuvöruverslunum

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Christian Dior vetrartískan býður upp á dramatískar kápur og kjóla með asísku ívafi og miklum smáatriðum á ermum. Ýmist útsaum, pels eða púff.

Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Veturinn í lit en ekki svarthvítur

Eitt sinn heyrði ég mér eldri og fróðari konu í tískubransanum segja að það væru ekki tískuhönnuðir heldur efnaframleiðendur sem ákveddu hvaða litir yrðu í tísku á komandi árstíðum. Við ófróðari höldum auðvitað að það sé einskær tilviljun að allt í einu noti allir hönnuðir anísgult eða dumbrautt í sinni tískulínu. En það skyldi þó ekki vera vegna þess að þeir kaupa efnin á sömu kaupstefnu? Hvað um það, ef litið er á aukaliti haust- og vetrartískunnar, ef frá er talið svart, þá eru það ótrúlega oft sömu litirnir sem ganga eins og þráður í gegnum hinar ýmsu tískulínur. Annars er það einkennandi fyrir tískuna þennan vetur sem fram undan er að heldur er meira um sterka liti en oft áður svo sem fagurblátt, dumbrautt og dökkbleikt. Áhrif 7. og 8. áratugarins eru sömuleiðis heldur að minnka hjá tískuhúsunum þótt enn sé andi þeirra ríkjandi í fjöldaframleiðslubúðunum og pilsin síkki.

Christian Lacroix er samur við sig og hefur sjaldan verið eins svartur og í vetur. Kjólarnir hans eru stuttir með áprentun og við þá eru notuð bróderuð belti að hætti

Vetrartíska Christian Lacroix.

Lacroix. Kjólarnir líkjast hátískunni hjá honum enda sífellt algengara að fjöldaframleidda lúxustískan (prêt-à-porter) kalli á gríðarlega vinnu við smáatriði líkt og hátískuflíkur. Þetta er þó ekki beinlínis það besta í byl.

Nicolas Ghesquiére hjá Balenciaga er heldur heppilegri fyrir íslenskar aðstæður. Hann er með alls kyns yfirhafnir úr munstruðum ullarefnum sem gætu jafnt verið frá Austur-Evrópu eða Himalayafjöllum sem háskólaklæðnaður vestra. Þröngar, þykkar sokkabuxur eru notaðar við enda „leggings“ enn á sínum stað í vetrartískunni og aldrei vinsælli. Leggings má finna í öllum ódýrari búðunum, jafnt einlitar sem munstraðar og alls kyns lufsulegir kjólar úr bómull eru notaðir við. Fínt á norrænum slóðum fyrir þær sem vilja vera í kjólum yfir veturinn án þess þó að stofna lífi sínu og heilsu í hættu. Rykfrakkinn (trench) er ómissandi í vetur og hefur hver tískuhönnuður hannað í það minnsta einn, kannski vegna þess hve vetur hafa verið mildir síðustu ár. Þannig er allavega ein söluleg yfirhöfn í boði ef veðrið klikkar.

Mikið er um dýr skinn í vetrartískunni sem fara lítið fyrir brjóstið á tískusjúklingum þótt dýraverndunarsinnar mótmæli. Það gerðist á sýningu Christian Lacroix að nakin kona skellti sér upp á senu með mótmælaspjald með áletruninni „Ég vil heldur vera ber en í loðfeldi“. Í vetur er það slönguskinn, strútsskinn og loðfeldir sem halda hita á fínum frúm. Svo er eftir að sjá hvort það verði einhver vetur svo loðfeldirnir komi að notum en það er nú önnur saga.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea

Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Tölvu- og skjalatöskur
fyrir dömur og herra
Drangey
Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is

COMB & CARE
Sjampó og næring til varnar flóka
- Mild formúla sem svíður ekki undan.
- Sterkt flókavarnarefni fyrir sítt hár.
- Hárið verður hreint, mjúkt og viðráðanlegt.
- Endingargóður ilmur.

Flókasprey og flókahárkrem
- Verndar raka hársins með B5 vítamíni.
- Fjarlægir flóka, auðveldar greiðslu og verndar hreinlæti hársins.
- Endingargóður ilmur.

Auðvelt í notkun – frábær árangur
(Lúsaforvörn) Lúsin helst síður í vel hirtu hári. Inniheldur rósmarín sem fælir lúsina frá.
Dr Fischer
Fæst í apótekum um land allt.

New Night
í þínu hverfi
Falleg undirföt og náttföt.
Mikið úrval
New Night
Hverafold 123 • 112 Reykjavík

ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM
::QUITLET
FISKISLÓÐ 75
ALVÖRU SKÓMARKAÐUR
STÆRÐIR 36-41 1.900,-
STÆRÐIR 36-41 3.900,-
STÆRÐIR 27-35 2.900,-
STÆRÐIR 31-47,7 4.000,-
OPNUNARTÍMI:
Mán.-Fös. 13:00-18:00
Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (út á Granda)
101 Reykjavík, s:514-4407
X18 SKECHERS every1

Yfirhafnir í úrvali
Mörg góð tilboð
Jakkar aðeins 2 verð
2.900
5.900
50%
afsláttur af öllum síðum kápum
Stuttkápur 2.900
Regnkápur 2.900
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opnunartími :
Laugardagur 10 - 16
alla virka daga 10 - 18

Haustið býður alltaf upp á smákvef og slen. Þess vegna er kjörið að birgja sig upp af vítamíni og lýsi og muna að fá nægan svefn.

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Adam Emilsson deildarstjóri í skódeild Intersport á Bíldshöfða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki hlaupið í hlaupaskókaup

Haustið er tíminn þegar flestir huga að aukinni hreysti og heilsurækt, en ekki hentar öllum það sama þegar valdir eru hlaupaskór.

„Margt ber að hafa í huga við val á hlaupaskóm," segir Adam Emilsson, deildarstjóri í skódeild Intersport.

„Flestir hlaupaskór eru nú steyptir að innan eða utan, sem þýðir að þeir sem ganga meira út eða inn á jörkum fá stuðning við fótinn svo hann stígi alltaf rétt. Þá þarf einnig að huga að dempun í hlaupaskóm en þar eru í boði loftdempun, frauðdempun og gelpúðar, og misjafnt hvað hverjum og einum þykir þægilegast þar," segir Adam, en íþróttavörumerkin bjóða flest sitt eigið demparakerfi.

„Þá vita ekki allir um mikilvægi þess að kaupa hlaupaskó númeri stærri en venjulega er notað, en það er vegna þess að fóturinn þarf aukapláss þegar hann þrútnar við hlaup og áreynslu.

Þá er gott að sparka fram í tá skósins sem verið er að máta, án þess að reima, og geta þá auðveldlega komið fingri aftan við hælinn til viðmiðunar," segir Adam, sem mælir með göngugreiningu áður en menn fara út í kaup á hlaupaskóm.

„Þannig fæst nákvæm greining á því hvernig skór henta best, hversu mjúkir þeir þurfa að vera og hvernig styrkingu þarf, en þetta skiptir miklu ef menn eru til dæmis slæmir í hnjám eða baki." Að sögn Adams eru flestir hlaupaskór gerðir úr strigaefnum sem anda vel.

„En þá skipta sokkar ekki síður máli og til eru sérstakir hlaupasokkar úr gerviteygjuefni sem anda betur en bómull, því ætli menn í bómullarsokkum inn undir hlaupaskó með öndunareiginleika virkar öndunin ekki sem skyldi," segir Adam og bendir á meðalendingu hlaupaskóa, sem er tvö til þrjú ár miðað við meðalnotkun.

„Með skópari hvers vörumerkis er uppgefinn hámarks kílómetrafjöldi svo slit hlaupaskóa getur verið afar mismunandi," segir Adam.

Verð á hlaupaskóm í Intersport er frá 7.500 krónum upp í 22.900 krónur.

Nike Shox NC Premium kr. 19.900

Asics Gel Nimbus krónur 16.900

Adidas Trediac krónur 9.900

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAGINN
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!
Komdu við í versluninni eða kíktu á www.tekk.is
TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

Borðaðu þig granna(n)
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
Nánari upplýsingar
Sími 865-8407
www.vigtarradgjafarnir.is

ENGLAKRÓPPAR
Farðu ekki hálfa leið, náðu en betri árangri með okkur
Við hjálpum þér að komast í form
Við losum þig við appelsínuhúð slit, slappa húð & aukakíló!
4, 6 og 8 vikna átak í boði
...fleiri frábær tilboð á vefsíðunni okkar
www.englakroppar.is
"Fake bake brúnkumeðferð"
ENGLAKROPPAR / LANGARIMA 21 / S: 587 3750

EINKATÍMAR · HÓPTÍMAR
HUGRÆN TEYGJULEIKFIMI
TAI CHI · KUNG FU
脱 涵 退
HEILSU DREKINN
Kínversk heilsulind
SKEIFUNNI 3J · SÍMI 553 8282 · WWW.HEILSUDREKINN.IS

Ný meðferð fyrir MS-sjúklinga

LÍKLEGT ER AÐ ESTRÓGEN DRAGI ÚR EINKENNUM MS-SJÚKDÓMSINS

Vísindamenn hafa lagt til að ný meðferð verði notuð gegn heila- og mænusigg-sjúkdómnum (MS) sem felur í sér notkun á hormóninu estrógen. Meðferðin felst í því að estrógen-hormónið er notað til að bægja frá eða jafnvel snúa við einkennum sjúkdómsins án þess að til komi þær algengu hliðarverkanir sem hormónameðferðum fylgja. Sjúkdómurinn virðist leggjast í dvala á meðan konur með sjúkdóminn eru þungaðar og dró það athygli vísindamanna að estrógeni, en estrógenmagn líkamans magnast til muna við þungun. Hins vegar að þungun lokinni leggst sjúkdómurinn á konurnar aftur og þá af meiri þunga. *- keþ*

Meðgöngusundi fylgir slökun og vellíðan, en einnig fyrirbyggjandi æfingar fyrir grindina. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Svamlað með börn í kúlum

Það er blátt áfram yndislegt fyrir ófrískar konur að finna til þyngdarleysis með bumbur sínar í sæbláu vatni, enda hafa vinsældir meðgöngusunds aukist með ári hverju.

Það var Jóhanna Sif Gunnarsdóttir sjúkraþjálfari sem byrjaði með meðgöngusund árið 2001.

„Jóhanna var frumkvöðull og byrjaði starf sitt á Grensási með tvær konur. Hún hafði sjálf upplifað grindarvandamál á meðgöngu, verið með ófrískar konur í meðferðum og þróaði sundæfingar sínar frá grunni um leið og hún kynnti sér erlendar kennsluaðferðir," segir Hólmfríður Berglind Þorsteinsdóttir, sjúkraþjálfari og kennari í meðgöngusundi, en þær Sandra Dögg Árnadóttir sjúkraþjálfari tóku við sundstarfinu af Jóhönnu árið 2005.

„Orðspor meðgöngusunds Jóhönnu óx jafnt og þétt, og enn hefur það aldrei verið auglýst en vex enn í vinsældum," segir Hólmfríður og bætir við að hópafjöldi hafi meira en tvöfaldast síðan þær Sandra tóku við því.

„Í meðgöngusundi eru gerðar æfingar sem auka stöðugleika líkamans og vinna á móti eðlilegu losi í grindinni á meðgöngu. Með því þjálfast upp vöðvar sem reyna að gera það sem liðböndin annars gerðu og vinna upp los sem getur valdið grindargliðnun ef það verður of mikið. Slíku fylgja miklir verkir sem geta varað áfram eftir meðgöngu sé ekkert að gert," segir Hólmfríður og bendir á aukna vellíðan samfara æfingunum.

„Konur njóta mikillar slökunar í vatninu, losna við bjúg og upplifa þyngdarleysi, sem er þægilegt þegar þær þyngjast á meðgöngunni. Allar konur geta stundað meðgöngusund, utan frábendinga frá læknum ef blæðir eða slímtappi hefur losnað og þær mega ekki fara í vatn."

Að söng Hólmfríðar koma konur gjarnan á námskeið síðustu þrjá mánuði meðgöngunnar, en stundum fyrr til að fyrirbyggja grindargliðnun hafi þær átt í slíkum vanda áður.

„Þetta eru yndislegir tímar og alltaf myndast skemmtilegur mórall og góður andi meðal kvenna. Vinátta kviknar oft og iðulega, og lifir áfram lengi eftir að námskeiðinu lýkur. Á heimasíðunni www.medgongusund.is geta þær skráð sig í spjallhópa og þar er oft líflegt og gaman, enda spennandi og skemmtilegur tími að vera með barni," segir Hólmfríður, en nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á heimasíðunni.

Hólmfríður Berglind Þorsteinsdóttir, sjúkraþjálfari og kennari í meðgöngusundi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verðandi mæður slaka á í meðgöngusundi í sundlaug Hrafnistu í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ingvi Hrafn Jónsson, útvarpsmaður

Vaknar þú oft á nóttunni?

Sæktu styrk í íslenskt náttúruafl!

SagaPro er náttúruvara úr íslenskri ætihvönn ætluð þeim sem þurfa oft á salernið á nóttunni.

„Ég hefði ekki trúað að ein lítil SagaPro tafla úr ætihvönn fyrir svefn myndi breyta svo gersamlega lífi mínu úr 4 til 5 salernisferðum á hverri nóttu í eina eða enga. Ég óska öllum fullorðnum karlmönnum til hamingju með SagaPro og ekki síður eiginkonum þeirra".

Fæst í lyfja- og heilsuvöruverslunum

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

HREYFI|GREINING

- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstíls námskeið
- Frábær staðsetning

Viltu komast í form?

Talya Freeman, Jógakennari · Arna Hrönn Aradóttir, Rope Joga kennari · Sævar Kristjánsson, íþróttafræðingur BSc · Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari BSc, MTc, MHSc · Birkir Már Kristinsson, sjúkraþjálfunarnemi · Sandra Dögg Árnadóttir, sjúkraþjálfari BSc · Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir, sjúkraþjálfari BSc, MTc

Ný námskeið eru að hefjast

Bakleikfimi
Betri líðan í hálsi, herðum og baki. Skráning á harpahe@hi.is. **www.bakleikfimi.is**

Í formi til framtíðar*
Skráning er hafin í þessi vinsælu aðhalds- og lífsstílsnámskeið fyrir konur. 8 vikna námskeið.

Rope Joga
hjá Örnu Ara. Námskeið eru að hefjast. Skráning í síma 511 1575.

Jóga fyrir
stirða og byrjendur
Talya og Guðmundur kynna grunnhreyfingar þar sem öndun og hreyfing fara saman. Engin þekking á jóga er nauðsynleg og hentar öllum.

Vigtarráðgjafarnir
Íslensku vigtarráðgjafarnir vigta alla þriðjudaga kl. 11.30-12.30. Fundur kl. 12.30.

Bumban burt*
Lokuð námskeið fyrir karla sem vilja ná árangri. 8 vikna námskeið.

Móðir og barn
Skráning er hafin í fimm vikna námskeið Söndru Daggar Árnadóttur.

Líkamsrækt
Frábær aðstaða til að æfa á eigin vegum á þægilegum stað. Opnir tímar. Stundaskrá: **www.hreyfigreining.is**

Næst

*Við erum í samstarfi við íslensku vigtarráðgjafana. Við tökum hressilega bæði á hreyfingu og mataræði.

Nánari upplýsingar um fleiri námskeið og stundaskrá fyrir haustið 2007 á www.hreyfigreining.is

HREYFI|GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

BÍLAR & FARARTÆKI

RANGE ROVER- DISEL. Árgerð 2003, ekinn 95 þ.km, Dísel, Sjálfskiptur. Verð 5.750.000. Áhvílandi:4.700þ. Umboðsbíll. Skipti á ódýrari.

BMW Z-3. Árgerð 1997, ekinn 109 þ.km, Bensín, 5 gírar. Verð Ásett Verð:1.490.000. Tilboð:990þús.stgr - Rugl Verð!

Bílahornið
Funahöfða 5, 110 Reykjavík
Sími: 567 2400
www.bilahornid.is

Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

DÍSEL FORD TRANSIT DÍSEL árg 9/1998 ek. 106 þ. km. Ásett 890 þ. Ný skoðaður 08 án athugasemda. Möguleiki á allt að 100% láni.Til sýnis og sölu hjá Heimsbílum, s. 567 4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is Raðnúmer 250056.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á Heimsbílum Kletthálsi 2 S: 567-4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is
www.heimsbilar.is

AUDI A4 SEDAN árg 1/2004, ek 60 þ. km, 2.0L SJSK, fallegur bíll, sk 09, Verð 2.590 þ. Nánari uppl á www.arnarbílar.is rn: 110532 S. 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

Nissan Patrol árgerð 1997, diesel, beinskiptur, ek. 140 þús., 33" dekk, þjónustubók, sk.'08, 100% lán, verð kr. 1.150.000 S. 821 6292

VW Caddy diesel árgerð 2005 ek. 92 þús.km., lítur mjög vel út, sk.'08, verð kr. 1.270.000, m.vsk., 100% lánað, s. 821 6292

Ford F-250 Lariat árgerð 2004, diesel 6,0 sjálfskiptur, með öllum aukabúnaði, innfluttur nýr (Brimborg), ekinn aðeins 45 þús.km. (ekki meiraprófsbíll), sk.'08, verð kr. 3.250.000 S. 821 6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Lincoln Mark LT árg. 2007 ekinn 0 Einn með Öllu S. 898 2811.

Chevrolet Silverado 2500 HD 6,6 Duramax Diesel LD árg. 2006 ek. 23 Þ km 6 manna leður. GOTT VERÐ S. 898 2811

Dodge Ram Mega Cap 2500 Laramie Diesel árg 2006 ek. 32 Þ. km Góður Bíll.Hús leður. S. 898 2811. www.plus-gallery.is

Tilboð Toy Corolla 99' ek. 140þ. 1300 bsk. 5dyra cd, sk. 08 verð 420þ. S. 616 6237

Benz C 230 Kompressor Sport,'05 sjálfsk. lúga. o.fl. ekinn 55.000 Verð 3,9 m. STGR. Uppl. 899 0410

Expedition '07, ek. 3.500 km. lúxusjeppi með nær öllum aukahlutum Listaverð um 6,5m. gott stgr verð. Uppl. 664 1707

Edge SEL Awd '07 frábær bíll, hlaðinn aukabúnaði. Verð 4,7m. Uppl. 898 9910

Eini billinn á landinu
2005 Ford 500, 3L V6 vél, 18" felgur, topplúga, leður og allur hugsanlegur aukabúnaður. Ásett verð 2.9! Einar s. 698 4030.

Dodge Stratus árg. 97 2.4 ek. 102 þ. Flottur í skólann. Verð 230 þ. Uppl. í s. 897 0018.

Vitara árg. '97 1600. Ek. 131 þús. Breyttur 33" er á 32" nýlegum dekkjum. Mikið endurnýjaður. Ásettverð 340 þús. Uppl. í s. 899 4810.

GMC Sierra 1500 X-Cab- 4WD nýsk. '03 Sk. '08. Uppl. í s. 691 7979.
Uppl. í s. 691 7979.

Cadillac Fleetwood árg '83, dísel, Verður fornbíll um áramót, í toppstandi, ek. 140 þús. Verð 650 þús. Uppl. í s. 861 3158.

Auðveld kaup
PEUGEOT 406 S/D. Árg. 05/'04. Ek. 90 þ. Sk. '09. Abs. Krókur. Sjálfskiptur. Fæst á yfirtöku. S. 661 8185.

100% Lán
CITROEN XSARA PICASSO 2,0 EXCLUSIVE. Árg. 02/'05. Ek. 46 þ. Sk. '08. Abs. Sjálfskiptur. S. 897 2425.

3jaHerb Heilsárshús !!
Travelking 690. Árg. '07. Sólarsella. 2 geymar. 2 gas. Fortjald. Cd. 154L vatnstankur. TV loftnet, Gólfhiti og fl. Gott lán. S. 661 8185.

Peugeot 307. Árg. '03, ek. 97 þ. Sk. '08. 100% Lán. Ný timareim. S. 661 8197.

Toyota Avensi árg.'05. Ek. 91 þús. Ssk. Yfirtaka + 100 þús. Uppl. í s. 868 5144.

MMC Montero árg.'01. Ek. 155 þús. Ssk. Yfirtaka+ ?. Uppl. í s. 868 5144.

Ford 350. Árg '05. Ek. 51 þús. Með öllu. V. 3990 þús. Áhv. 3320. Uppl. í s. 891 9365.

Auðveld kaup
Renault Megane, árg. '06. Ek. 5 þús. Ssk. 1,6L. Fæst á yfirtöku láns uppá 1720 þús. Ekkert út. Uppl. í s. 891 9365.

Honda CRV árg. '05, ek. 37 þús. Verð 2.690 þús. S. 896 5658.

Toyota Corolla, árg 98, ek 110 þús, 1600cc. Verð 390 þús. Sigrún s. 896 2960.

Varahlutir Í Daiwoo Nubira STW árg. 2002. Uppl. í síma 820 7378.

Úrvals Skutbíll
Opel Astra G- Carvan 1600 árg.'00. Bs. Ek. 80 þús. Hvítur saml. Krókur, vindsk. Framljósahl. Álf. fjarst. saml. rafdr. rúður + speglar, filmur, pluss, cd, ný heilsársdekk, ný tímareim, vatnsd. O. fl. Vél ný yfirf. hjá umb. Sk.'08. Veðbandalaus. Bein sala, ásett 640 þús. S. 566 6731 & 692 1823.

Subaru Impreza Station 4x4 árg. '97. Vel með farinn. Verð 290 þ. Sími 692 4976.

Toyota Corolla árg.'95. Ek. 196 þús. Vel með farinn. Verðhugmynd 150 þús. Uppl. í s. 698 9299.

0-250 þús.

Opel Astra árg.'96 ek. 141 þ. Ssk. Verð 180 þ. Vetrar og sumardekk fylgja með. Uppl. í .s 893 9252 & 555 4168.

Toyota Hilux árg. '85. 2,4 bensín. V. 250 þús. Engin skipti. S. 892 4305.

250-499 þús.

Til sölu Daiwoo Nubira station sj., sk., árg. 2000, skoðaður '08, ek. 98.000 km. Ásett 470.000. Tilboð kr. 390.000. S. 820 7378.

Peugot306 árg00 ekinn77þús sumar og vetrardekk, skoðaður08 nýleg tímareim óska eftir tilboði s:8498056

Nissan Primera 1.6 '97 árg. Sk. '08 án ath. Ek. 125 þús. m. smurbók. Verð 290 þús. Upplýsingar í síma: 8220607/8204780

Toyota Corolla St. Árg.' 99. Ek. 140 þ. V. 690 þ. Tilboð 499. Uppl. í s. 699 0376.

VW Golf '98 ek. 115 þ. 3 dyra. Ný tímareim. Sk.'07. Beins. V. 280 þ. S. 824 0223.

VW Passart árg. 04/98. Ek. 140 þ. Ný sko. Verð 290 þús. Uppl. í s. 660 8166.

500-999 þús.

Patról 96 . Vel viðhaldið. 7 manna. Nýlegt hedd og stór vatnskassi. Snyrtilegur.

ljósanótt

FIMMTUDAGUR 30. ÁGÚST 2007

Heiðrar minningu kaupmannsfrúar

Ásmundur Friðriksson býður fimm þúsund gestum í kjötsúpu í anda fyrrverandi kaupmannsfrúar í Keflavík. SJÁ SÍÐU 6

Sparisjóðurinn í Keflavík er aðalstyrktaraðili Ljósanætur í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viljum vera með í öllu

Sparisjóðurinn í Keflavík, sem fagnar 100 ára afmæli á árinu, er aðalstyrktaraðili Ljósanætur, eins og síðastliðin fimm ár. „Við höfum samt styrkt hátíðina alveg frá upphafi. Í tilefni af afmælinu vildum við gera enn betur. Kvöddagskráin á stóra sviðinu á laugardaginn er til dæmis öll í okkar boði, og svo auðvitað flugeldasýningin, eins og alltaf," sagði Baldur Guðmundsson, markaðsstjóri SpKef.

Flugeldasýning á laugardagskvöldinu hefur verið hápunktur hátíðarinnar undanfarin ár. Baldur sagði það bara gleðiefni að sjá fjárstyrkinn fuðra upp fyrir allra augum. „Þegar svona margir fá að taka þátt í gleðinni er það náttúrlega bara hin besta skemmtun," sagði hann og hló við. „Sýningin er örugglega sú sérstakasta á landinu, því bergið hreinlega logar á köflum," sagði hann.

Sparisjóðurinn sér til þess að yngstu börnin fái frítt í leiktæki á borð við hoppukastala og rennibrautir á svæðinu og kostar líka Ljósalagið í ár. „Það var engin keppni í ár. Jóhann Helgason samdi lagið og hann og Rúnar Júl flytja það saman á stóra sviðinu. Þetta eru helstu merkisberar Keflavíkur og Reykjanesbæjar," sagði Baldur. Þar að auki stendur SpKef fyrir Reykjanesmaraþoni á laugardeginum í samvinnu við Lífsstíl.

Baldur sagði samvinnuna við Ljósanótt vera komna til að vera. „Á meðan hátíðin er svona sterk viljum við vera með af fullum krafti. Við látum okkur ekki vanta í það. Við viljum helst vera með í öllu sem hér fer fram í samfélaginu," sagði hann. - sun

Fjölbreytt fjölskylduhátíð

Steinþór Jónsson, upphafsmaður Ljósanætur og formaður Ljósanæturnefndar, segir hátíðina hafa átt veigamikinn þátt í hugarfarsbreytingu í Reykjanesbæ. Undirbúningur hennar hefur staðið yfir í ár.

Steinþór Jónsson og aðrir meðlimir Ljósanæturnefndar hafa unnið að undirbúningi hátíðarinnar síðastliðið ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Steinþór er upphafsmaður Ljósanætur, sem hefur tekið stakkaskiptum frá fyrstu hátíðinni árið 2000. Undirbúningur fyrir Ljósanæturhátíðina sem nú gengur í garð hófst að síðustu Ljósanótt lokinni, enda í mörg horn að líta fyrir svona viðamikla dagskrá.

Eitt af því sem huga þarf að er öryggisnefndin, sem er skipuð björgunarsveitarfólki og lögreglu, ásamt starfsmönnum bæjarins og Ljósanætur. „Við leggjum mikla áherslu á öryggismál. Þetta er Fjölskylduhátíð, með stóru f-i," sagði Steinþór. Því er lögð mikil áhersla á að gera vel við yngri kynslóðina. „Um leið pössum við upp á að allt fari vel fram fram eftir nóttu, og höfum staðið okkur mjög vel í því hingað til," sagði Steinþór.

Hátíðin hefur vaxið gríðarlega frá því hún var fyrst haldin. „Þetta er næststærsta hátíðin á landinu, á eftir Menningarnótt. Á laugardeginum í fyrra, sem er hápunktur hátíðinnar, voru hér fjörutíu þúsund gestir," sagði Steinþór. „En hátíðin er ekki síður stór að því leyti að við erum með gríðarlegt magn atriða, alveg frá fimmtudegi til sunnudags," bætti hann við.

Á meðal dagskrárliða á sunnudag er afhending stjörnuspors, sem stjörnur úr bæjarlífinu, eins og Hljómar og systkinin Ellý og Vilhjálmur Vilhjálmsbörn, hafa hlotið á síðustu árum. Í ár verður Gunnar Eyjólfsson leikari heiðraður með sama hætti. Söguspor, sem er nýtt af nálinni, verður afhjúpað við Sparisjóðinn í Keflavík á morgun, en hann fagnar 100 ára afmæli á árinu og er þar að auki aðalstyrktaraðili Ljósanætur.

Klukkan 13 á laugardag fer svo árgangagangan fram á Hafnargötunni. „Hún hófst í fyrra, en hugmyndin er eiginlega komin frá bróður mínum, Magnúsi. Hann var að koma að vestan og vildi hitta skólafélaga sína og jafnaldra," útskýrði Steinþór. Hugmyndin vatt upp á sig og úr varð að fjölmargir árgangar hittust á Hafnargötunni. „Það vill svo skemmtilega til að hún teygir sig frá númerinu 88, sem er fyrsti árgangurinn sem er orðinn fullorðinn, og endar á Hafnargötu 20, sem nær til elstu bæjarbúa. Það húsnúmer er þar að auki næst aðalsviðinu, svo þeir þurfa að ganga styst," sagði Steinþór. Aðfluttir Reyknesingar og gestir á Ljósanótt eru að sjálfsögðu velkomnir í gönguna, sem Steinþór segir hafa tekist afar vel í fyrra.

Steinþór segir Ljósanótt hafa átt stóran þátt í viðhorfsbreytingu hjá íbúum Reykjanesbæjar. „Eins og ég sagði einhvern tíma á ljóðrænu nótunum var það þannig að þegar við sáum kaldan klettavegginn lýsast upp sáum við að bærinn gæti líka lýst upp og byggi yfir mikilli fegurð ef komið væri rétt að honum," sagði Steinþór. „Bærinn hefur tekið stakkaskiptum á síðustu sjö árum. Ég vil meina að fyrsti neistinn hafi kviknað á fyrstu Ljósanótt. Síðan hefur þetta bál logað glatt," sagði hann. sunna@frettabladid.is

HITAVEITA SUÐURNESJA HF

Listaverk lýsir upp nóttina

Eitt þeirra listaverka sem afhjúpuð verða á Ljósanótt er gjöf Bónuss til bæjarfélagsins. Verkið er í formi ljósastaurakarla sem munu lýsa upp nóttina og er afrakstur listsköpunarhópsins Norðan Bál.

„Þetta eru karlar sem verða settir utan um ljósastaurana, hjá verslun Bónus að Fitjastaldri," útskýrði Örn Alexandersson, einn fimm meðlima Norðan Báls. Verkið, sem ber nafnið Hlutverk, er í takt við fyrri störf hópsins, sem hefur meðal annars klætt ljósastaura í Bankastræti í túlipanaskrúð og breytti staurum við Tjörnina í Reykjavík í risavaxin kerti fyrir síðustu jól. „Verkið kemur til með að standa, en á meðan á Ljósanótt stendur verða karlarnir þar að auki með luktir í höndum," sagði Örn.

Listsköpunarhópurinn Norðan Bál hefur klætt þó nokkra ljósastaura í nýjan búning. Verk hópsins er gjöf Bónuss til Reykjanesbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jóhannes Jónsson í Bónus sagði listaverkagjöfina framhald á stuðningi fyrirtækisins við Ljósanótt. „Við höfum stutt við bakið á Ljósanótt og þeim Reyknesingum undanfarin ár og erum með blómlega starfsemi í Reykjanesbæ. Þess vegna er þetta okkur líka ánægjuefni," sagði hann. „Það er gaman að vinna með þeim sem sjá um hátíðina. Svo mikill er krafturinn og metnaðurinn að við höfum hrifist með," bætti hann við.

Listaverkið verður afhjúpað með viðhöfn kl. 21.30 í kvöld. Veraldarvinir leika tónlist og Karlakór Keflavíkur flytur nokkur lög. - sun



4ra rétta veisla

HUMARSÚPA
rjómalöguð með grilluðum kóngarækjum
1 glas af Tokay Pinot Gris Reserve, Lucien Albrect, Frakkland.

PÖNNUKAKA
fyllt með skógarsveppum og mozzarella-osti
1 glas af Macon Chaintré, Domaine de Lalande Dominique Cornin, Frakkland.

LAMBAHRYGGUR
fillet með steinseljurótarmauki og rósmarínsósu
1 glas af Chianti Riserva Sensi, Toskana, Ítalía.

ÍSLENSKT VANILLUSKYR
með pistasíufroðu og sólberjakrapi
1 glas af Vino Santo Del Chianti Sensi, Toskana, Ítalía.

5.950 kr.

Með fjórum glösum af víni: 8.790 kr.

Nýr A la Carte

Hinir margverðlaunuðu matreiðslumeistarar Perlunnar hafa búið til einstakan A la Carte matseðil sem þú verður að prófa.

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

PERLAN

Veitingahúsið Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · Tölvupóstur: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is

Hringbrot

Menningarlíf í miklum blóma

Mikil gróska í menningarlífi Reykjanesbæjar, að sögn Valgerðar Guðmundsdóttur menningarfulltrúa. Aldrei hafa fleiri menningarviðburðir verið á dagskrá Ljósanætur.

„Ég held að það geti ekki verið nokkur önnur bæjarhátíð á landinu sem er með jafn marga menningarviðburði," sagði Valgerður, sem er menningarfulltrúi Reykjanesbæjar og situr í Ljósanæturnefnd. „Við erum með þessa hefðbundnu dagskrá á útisviðum með helstu stórstjörnum landsins, en þar að auki er mjög viðamikil dagskrá með heimamönnum," bætti hún við.

Tónlistardagskráin í Duushúsum á laugardag er algjörlega á vegum heimafólks, að sögn Valgerðar. Þar verður til dæmis boðið upp á sópransöng, djasssöng og harmonikkuleik, auk þess sem þrír kórar stíga á svið.

„Það skemmtilega er að þó að Reykjanesbær hafi verið hvað frægastur fyrir tónlistarfólk sitt, er líka mikil gróska í annarri listsköpun," sagði Valgerður.

„Við erum með fjörutíu og fimm skráðar sýningar í allt. Þar af tengjast sjö handverki og hönnun, átta eru ljósmyndasýningar og restin af öðru og mjög fjölbreyttu tagi. Þar er til dæmis unnið með vatnsliti, olíu, akrýl, grafík og graffíti," útskýrði hún. Að sýningunum standa 163 listamenn, og Valgerði telst til að heimamenn séu þar rúmlega 150 talsins. „Svo erum við líka með útlenda gesti. Það er ein alþjóðleg listsýning, og sýningar frá tveimur Færeyingum og þremur Norðmönnum," sagði hún.

Af sýningunum er sýning Listasafns Reykjanesbæjar stærst. „Einar Falur Ingólfsson, ljósmyndari Morgunblaðsins, sýnir ljósmyndir sínar þar. Hann er fæddur og uppalinn hér í Keflavík," útskýrði Valgerður, sem sagði það stefnu safnsins að hafa Ljósanætursýninguna tengda bænum. Sýning Einars Fals ber heitið Aftur, en þar ber hann saman bæ uppvaxtarára sinna og bæ dagsins í dag.

Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, segir menningardagskrá Ljósanætur aldrei hafa verið viðameiri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Menningardagskrá þessarar áttundu Ljósanætur er viðameiri í ár en nokkru sinni fyrr. „Við höfum alltaf lagt mjög mikla áherslu á menningu og menningarviðburði, en það fer bara vaxandi frekar en hitt. Það er óhætt að segja að það sé mikil gróska í menningarlífinu í Reykjanesbæ," sagði Valgerður. *sunna@frettabladid.is*

Full búð af nýjum vörum

20% afsl. í tilefni ljósanætur,

fimmtud. - mánudag.

hafnargata 54 • 230 keflavík • s: 4213300

mangó

KEFLAVÍK

Fer á alla viðburði

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, setur Ljósanótt í sjötta skiptið í kvöld. „Þar koma öll grunnskóla- og leikskólabörn bæjarins saman og sleppa litríkum blöðrum í tilefni dagsins. Þær eru jafn litríkar og litróf mannlífsins," útskýrði Árni. Söngsveitin Nylon kemur jafnframt fram og gestir taka undir í fjöldasöng. „Við syngjum fyrsta Ljósalagið á setningunni. Það er okkur öllum minnisstætt," sagði Árni, sem hyggst ekki láta sitt eftir liggja í söngnum. „Ég reyni að raula það með krökkunum," sagði hann kíminn.

Ljósanæturhátíðin var á sínu þriðja ári þegar Árni settist í bæjarstjórastólinn í Reykjanesbæ. Bæjarstjórinn hefur verið duglegur að sækja viðburði hátíðarinnar og ætlar ekki að hverfa frá þeim vana. „Það fer mjög vel saman að njóta þess að fá að vera með og að hafa kannski einhverju hlutverki að gegna," sagði Árni, sem miðar við að fara á alla viðburði Ljósanætur í ár. „Ég ætla að sækja dagskrána eins og hún leggur sig. Í fyrra urðu einhverjir þrír útundan, svo í ár verð ég bara á þeytingi á milli staða," sagði hann kíminn.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ.

Komdu með mér til Færeyja!

Davíð Samúelsson
ferðaráðgjafi

sími: 482 2426 - 861 3426

Ómissandi í bakpokann

Á hátíð eins og Ljósanótt, þar sem úr mörgu er að velja og fólk er á ferðinni heilu dagana, er bakpokinn algjört þarfaþing. Í hann fara aurarnir, myndavélin og regnjakkinn, ásamt þessum nauðsynjum.

Eins og flestir vita er hitatap mest í gegnum höfuðið. Góð húfa kemur því að afar góðum notum ef veðurguðirnir láta til sín taka.

Það er fátt verra en svíðandi hælsæri ef ætlunin er að ganga viðburða á milli allan daginn. Plástur er því ómissandi í hliðarhólfið.

Það er lítið mál að smyrja samlokur til að snæða á túni eða bekk. Fjallgöngublanda úr rúsínum, hnetum og suðusúkkulaði er líka stórsniðug fyrir örmagna smáfólk.

Íslandsmeistaramót hársnyrta, snyrtifræðinga, gullsmiða, klæðskera og ljósmyndara í Samtökum iðnaðarins verður alla helgina í nýju Laugardalshöllinni.

ísmót 2007

FIMMTUDAGUR 30. ÁGÚST 2007

ÍSMÓT 2007

Heitasta sýning ársins

www.si.is/ismot

SI
Samtök iðnaðarins

Félag íslenskra gullsmiða · Meistarafélag í hárgreiðslu · Félag íslenskra snyrtifræðinga · Klæðskera & Kjólameistarafélagið · Ljósmyndara félag Íslands

Runaway Bride 07.07.07 Teymi 1: Berglind Ómarsdóttir klæðskeri, Magnús Þór Reynisson hársnyrtir, Berglind Alfreðsdóttir snyrtifræðingur, Helga Jónsdóttir gullsmiður og Ágústa Kr. Bjarnadóttir ljósmyndari. Módel: Vigdís Lára Ómarsdóttir, 26 ára, þerna á Herjólfi. Númer: 231.

Kvenleg og sterk Teymi 2: Edda Hrönn Atladóttir hönnuður, Berglind Magnúsdóttir klæðskeri, Helena Hólm hársnyrtir, Erla María Sigurgeirsdóttir snyrtifræðingur, Helga Jónsdóttir gullsmiður og Unnur Ólöf Matthíasdóttir ljósmyndari. Módel: Margrét Rut Eddudóttir, 26 ára, nemi við málaradeild Listaháskóla Íslands. Númer: 238.

Andstæður Teymi 3: Laufey Jónsdóttir klæðskeri, Særún Haukdal hársnyrtir, Sigrún Snorradóttir snyrtifræðingur, Svandís Björk Ólafsdóttir gullsmiður, Freyja Gylfadóttir ljósmyndari og Edda Nína Heide úrsmiður. Módel: Hrefna Hermannsdóttir, 43 ára, yfirmaður mötuneytis í leikskóla og módel. Númer: 245.

Glæsileg útkoma hjá tískuteymum

Sjö tískuteymi keppa um titilinn Tískuteymi ársins 2007.

Nú hafa tískuteymin sjö lokið undirbúningi fyrir teymakeppnina á ÍSMÓTI 2007 og skilað inn myndum af módelum sínum. Auk módelsins er í hverju teymi fagmaður úr hverju fagfélagi innan ÍSMÓTS. Hér fyrir neðan má sjá myndir af fullbúnum módelum tískuteymanna eins og þeim var skilað inn í keppnina. Landsmenn geta haft áhrif á úrslitin í keppni tískuteymanna með því að taka þátt í símakosningu. Númer símakosningarinnar er 900-2040 og svo er slegið inn þriggja stafa númer þess teymis sem best þykir.

Númer teymanna koma fram í textanum með hverri mynd.

- sig

The Sixties Teymi 6: Auður Þórisdóttir kjólameistari, Helga Rún Pálsdóttir **hattagerðarmeistari**, Anna Ósk hársnyrtir, Ólöf Bergsdóttir snyrtifræðingur, Dýrfinna Torfadóttir gullsmiður og Ásdís Jónsdóttir ljósmyndari. Módel Kristín Hjálmarsdóttir, 21 árs, sveinn í klæðskurði. Númer: 264.

Kynþokkafullur töffari Teymi 4: María Gunnarsdóttir kjólameistari, Eva Bergmann hársnyrtir, Jónína Hallgrímsdóttir snyrtifræðingur, Helga Jónsdóttir gullsmiður og Gunnar Leifur Jónasson ljósmyndari. Módel: Ingunn Vattnes Jónasdóttir, 33 ára, hjúkrunarfræðingur. Número: 252

Án landamæra Teymi 5: Lilly Aletta Jóhannsdóttir klæðskeri, Ásta Jóna Jónsdóttir hársnyrtir, Gerða Kristín Lárusdóttir snyrtifræðingur, Helga Jónsdóttir gullsmiður og Odd Stefán ljósmyndari. Módel: Heiðveig Þráinsdóttir, 21 árs, hársnyrtir. Número: 258.

Ævintýralegur draumur Teymi 7: Selma Ragnarsdóttir klæðskeri, Linda hársnyrtir, Anna María Jónsdóttir snyrtifræðingur, Kjartan Örn Kjartansson gullsmiður og Eggert Jóhannesson ljósmyndari. Módel Helga Sjöfn Helgadóttir, 32 ára, kennari og kúabóndi. Número: 271.

MOSFELL

KERTO LÍMTRÉ

Finnsk gæðavara

Létt og meðfærileg

Hátt brunaþol

Hæð eftir óskum

Lengd allt að 23 m.

Alltaf til á lager

16% meira eldþol

20% meira brotþol

BYKO Söluaðilar um allt land HÚSASMIÐJAN

KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.

TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS

Vegleg verðlaunastytta

Á ÍSMÓTI verða veitt verðlaun fyrir fjölmarga flokka iðngreina og hafa Samtök iðnaðarins látið sérsmíða fyrir sig fimmtán veglegar og glæsilegar veðlaunastyttur. Grétar Már Þorvaldsson frummótasmiður og Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins, sérhönnuðu styttuna fyrir ÍSMÓT og er hún að sögn Grétars afar vegleg, flott og þung.

„Þetta eru bronsstyttur á granítsteini og eru 35 sentímetra háar. Koparinn er póleraður upp svo það kemur á hann gylltur litur á viðeigandi stöðum. Svo er stjarna á styttunni sem er úr áli og ég held að þetta sé örugglega með flottari verðlaunagripum sem gefnir eru hér á landi," segir Grétar Már, sem hefur unnið að smíðinni. *- sig*

Verðlaunastyttan á ÍSMÓTI er einkar vegleg og glæsileg en hún var sérhönnuð fyrir ÍSMÓT 2007. Grétar Már Þorvaldsson heldur hér á einni styttunni en hann smíðaði allar stytturnar fimmtán.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins, er orðlaus yfir handverkinu og fagmennskunni í íslenskum tískuiðnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Halla María Þórðardóttir er í fullum undirbúningi fyrir keppnina Nordic Youth Skills. Hægra megin við Höllu er Þorbjörg Bergþórsdóttir að æfa sig en hún keppir líka á Nordic Youth Skills um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Spennt fyrir keppninni

Halla María Þórðardóttir, hárgreiðslunemi á Ónix, keppir í Nordic Youth Skills og er einn fjögurra íslenskra þátttakenda í keppninni. „Við gerum eina uppgreiðslu á þrjátíu mínútum og eigum svo að breyta henni í brúðargreiðslu á tuttugu mínútum," segir Halla og bætir við: „Svo greiðum við kvöldgreiðslu seinna um daginn."

Spurð hvort hún sé búin að æfa sig mikið, segir Halla: „Já, slatta. Ég hef samt aðallega verið að lita gínurnar sem ég ætla að nota."

Halla er mjög spennt fyrir keppninni en segist ekki vera neitt stressuð. „Það er aðalmálið að ég nái að klára það sem ég ætla að gera," segir Halla. *- sig*

Fagmennska í tísku

Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins, hefur haldið utan um undirbúning ÍSMÓTS 2007 og segist algjörlega orðlaus yfir handverkinu og fagmennskunni í íslenskum tískuiðnaði. 200 fagmenn í tísku koma saman um helgina og sýna metnaðarfull verk sín í Laugardalshöll.

Brynjar er ánægður með frábæra þátttöku úr öllum atvinnugreinunum sem taka þátt í ÍSMÓTI. „Það er alveg meiriháttar metnaður sem fólk leggur í hlutina og handverkið og það sést að fagmennskan er algjör," segir Brynjar. „Þetta er eitthvað sem er ekki oft sýnilegt almenningi en gerist núna um helgina þegar 200 fagmenn koma saman til að sýna verk sín," bætir hann við.

Í Laugardalshöll verður ljósmyndasýning á öllum innsendum verkum þessara fagmanna, hvort sem það er ljósmynd ársins, tískuteymi, listsköpun í hárgreiðslu eða annað. Brynjar hefur góða yfirsýn yfir hátíð helgarinnar og lofar mjög spennandi og skemmtilegri sýningu í Höllinni alla helgina. „Þetta er allt sett myndrænt fram á sýningunni með nafni og númeri viðkomandi og gefst almenningi kostur á að taka þátt í símakosningu um besta verkið í hverri grein fyrir sig. Símanúmerið er 900-2040 og síðan er slegið inn númer keppanda eða keppnisgrips sem kjósa á," segir Brynjar og bætir við að kosningin hafi byrjað í dag og standi til kl 15 á sunnudag.

„Það verður mjög spennandi að sjá álit almennings á íslensku handverki og fagmennsku annars vegar og hins vegar álit dómefndar, sem er að störfum alveg fram á sunnudag. Við fáum engar niðurstöður, hvorki frá dómnefnd né almenningi, fyrr en á sunnudagskvöldið, á galakvöldi ársins," segir Brynjar og brosir.

Ströng öryggisgæsla verður í Höllinni alla helgina. Brynjar segir mikinn viðbúnað verða og vinni öryggisfyrirtæki, lögregla og fleiri aðilar saman. „Það er auðvitað gert sérstaklega í tilefni af þessari stóru skartgripa- og demantasýningu sem verður í Höllinni og það verður allt gert til að tryggja öryggi sýnenda og gesta."

Brynjar segir engan aðgangseyri vera að sýningunni heldur verði húsið opið almenningi kl. 10-17 bæði á laugardag og sunnudag en börnum yngri en fjórtán ára er ekki veittur aðgangur nema í fylgd með fullorðnum. „Þetta er bæði gert af öryggisástæðum og líka vegna þess að þetta er í raun ekki sýning fyrir börn. Við erum að bjóða upp á sýningu sem höfðar sérstaklega til kvenna og annarra áhugamanna um tísku, tískuiðnað, hönnun, snyrtingu og slíkt og það verður heilmargt í boði fyrir fullorðið fólk eins og dekur, ráðgjöf og fleira. Svo er þetta auðvitað sölusýning þannig að fólk getur keypt ýmsan varning," segir Brynjar og hvetur foreldra og forráðamenn til að tryggja sér barnapössun fyrir helgina og gefa sér tíma og eiga góða stund í Höllinni.

sigridurh@frettabladid.is

Nú eru framkvæmdir hafnar við 50 lóða iðnaðar- og þjónustukjarna Iceland Motopark.

Sýn til framtíðar!

Lóðaúthlutun að hefjast!

Nú rís fyrsti áfangi Iceland Motopark

- **Hagstætt lóðaverð**
- **Frábær staðsetning**
  Áætlaður aksturtími:
  Reykjavík: *20 mínútur*
  Leifsstöð: *6 mínútur*
  Miðbær Reykjanesbæjar: *3 mínútur*
- **Jarðvélar ehf.**
  sjá um jarðvinnu vegna gatnakerfis og lóða og afhenda lóðir tilbúnar undir sökkul.

Lóðirnar henta einkar vel undir léttan iðnað, verslun skrifstofur og þjónustu.
Mikill áhugi er fyrir byggingarlóðum á þessu svæði.
Hagstætt verð og nálægðin við höfuðborgina og mikil gróska á Suðurnesjum gera svæðið að afar áhugaverðum fjárfestingakosti.

Ökugerði IMP verður opnað 2. janúar 2008.
Auk þess verður í þessum fyrsta áfanga **Iceland Motopark** meðal annars byggð **Go-kart** braut á heimsmælikvarða ásamt þjónustubyggingu sem hýsir m.a. kennslustofur, aðstöðu fyrir ökukennara, veitingasölu o.fl.
Hönnun brautarinnar hefur nú þegar hlotið samþykki**CIK-FIA, Alþjóðasambands akstursíþrótta.**

JARÐVÉLAR EHF

ICELAND MOTOPARK
icelandmotopark.com

REYKJANESBÆR

Allar frekari upplýsingar veita:

Jarðvélar ehf.
Halldór Kristjánsson verkefnisstjóri
s: **414 7500**
halldor@jardvelar.is

Reykjanesbær - Tjarnargata 12
Umhverfis- og skipulagssvið
s: **421 6700**
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

Yuchai smábelta-gröfur

YC-15 Nýtt módel með húsi
1.6 tonn á breikkanlegum undirvagni.
Verð kr. 1.399.000 + vsk

YC-18 Nýtt módel
1.8 tonn á breikkanlegum undirvagni.
Verð kr. 1.698.000 + vsk

YC-30 Ný vél
3.0 tonn á gúmmíbeltum.
Verð kr. 2.550.000 + vsk

YC-35 Nýtt módel
3.8 tonn á gúmmíbeltum.
Verð kr. 2.795.000 + vsk

YC-55 Nýtt módel
5.7 tonn á gúmmí og stálbeltum.
Verð kr. 3.690.000 + vsk

Úrval aukahluta borar, skóflur, fleygar o.fl.

VÉLAR ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík
Sími 5 800 200
www.velar.is

Hringarnir vinsælastir

Stefán B. Stefánsson gullsmíðameistari er fagdómari í keppni gullsmiða um skartgripi ársins fyrir dömur og herra og segir það hafa komið sér ánægjulega á óvart hversu mikil þátttaka var í keppninni.

„Það voru 38 gripir sendir inn í keppnina og það kom okkur á óvart hve margir gullsmiðir tóku þátt. Gripirnir eru bæði silfur- og gullskartgripir, sem eru náttúrlega með demöntum og öðrum eðalsteinum," segir Stefán og bætir við að gripirnir séu smíðaðir nokkuð eftir því hvernig hráefnið var valið, bæði steinarnir og efnið. „Skartgripirnir eru allt frá því að vera litlir og nettir upp í það að vera stórir og miklir með demöntum og öðru slíku."

Stefán B. Stefánsson er fagdómari keppninnar um skartgripi ársins og segir hringana vera vinsælasta viðfangsefni þátttakenda. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Stefán segir mest hafa borist af hringum í keppnina enda séu þeir alltaf vinsælt viðfangsefni gullsmiða. „Mörgum finnst skemmtilegast að smíða hringa enda selst alltaf mest af þeim eins og sést á því að oft eru konur nánast með hringa á öllum fingrum," segir Stefán og bætir við: „Það kom eitthvað minna af hálsmenum og minnst af armböndum og eyrnalokkum, eins og alltaf er."

Spurður eftir hverju sé dæmt í keppni gullsmiða segir Stefán: „Það er verið að reyna að finna hlut sem myndi falla flestum í geð í útliti en ekki endilega dýrasta hlutinn. Þetta snýst dálítið um hvernig hluturinn er hannaður og útfærður." Stefán segir eitthvað vera horft á efnisvalið en auðvitað sé það alltaf svolítið huglægt hvað mönnum finnist líta best út.

sigridurh@frettabladid.is

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var módel fyrir tískuteymi Samtaka iðnaðarins á sýningunni Konan 2006 í Laugardalshöll og ber hér skartgripi sem Helga Jónsdóttir í Gullkúnst hannaði og smíðaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lárus Karl Ingason ljósmyndari segir dómnefndina eiga erfitt verkefni fyrir höndum þegar hún velur ljósmynd ársins.

Keppni um ljósmynd ársins

„Sextán ljósmyndarar úr Ljósmyndarafélagi Íslands sendu inn 53 myndir í keppnina um ljósmynd ársins," segir Lárus Karl Ingason ljósmyndari. „Viðfangsefnið er alveg frjálst og sendu ljósmyndarar inn myndir sem þeim þykja góðar hvort sem það er portrett, auglýsingamynd, landslag eða annað," bætir hann við.

„Það verður spennandi að sjá hvað dómnefndin velur sem mynd ársins því þær eru mjög fjölbreyttar og hverjum ljósmyndara heimilt að hafa unnið í mynd sinni á þann hátt sem honum finnst koma best út," segir Lárus og bætir því við að meðlimir félagsins vinni á mjög víðu sviði og því örugglega erfitt verk fyrir höndum hjá dómnefndinni. „Ætli valið fari ekki bara eftir innblæstri þeirra sem í dómnefnd sitja og hvað þeim finnst athyglisverðasta myndin," segir Lárus og minnir á að einnig verði símakosning sem gildi þrjátíu prósent á móti dómnefndinni.

- sig

Gluggasmiðjan

Fyrirtæki í framþróun

Bílskúrshurðir
Iðnaðarhurðir
Ál-trégluggar
Rennihurðir
Hringhurðir
Trégluggar
Álgluggar
Loftristar
Tréhurðir
Útihurðir
Álhurðir

Viðarhöfða 3 • Sími 577 5050

www.gluggasmidjan.is

Steinunn Þóra Camilla Sigurðardóttir er dóttir Sigurðar G. Steinþórssonar, eiganda Gulls og silfurs. Hún heldur hér á fjögurra karata demanti sem kostar um 5,8 milljónir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bræður sýna demanta

Steinunn Þóra Camilla Sigurðardóttir, fjölmiðla- og kynningarfulltrúi Gulls og silfurs, hefur unnið að uppsetningu demantasýningar á ÍSMÓTI fyrir föður sinn, Sigurð G. Steinþórsson, eiganda Gulls og silfurs, en hann og bróðir hans Magnús munu sýna demanta á sölusýningu ÍSMÓTS.

„Gull og silfur verður með demanta eina og sér auk skartgripa með demöntum en Magnús verður með stærri sýningardemanta," segir Steinunn Þóra og bætir því við að faðir hennar geti hannað skartgripi fyrir fólk á sýningunni og smíðað þá síðar.

„Það er voða skemmtilegt að þeir séu þarna báðir bræðurnir en gullsmíðin hefur verið í ættinni í sextíu til sjötíu ár," segir Steinunn.

- sig

Glens og grín á galakvöldi

Glæsilegt galakvöld og verðlaunaafhending setur punktinn yfir i-ið á Ísmóti sunnudaginn 2. september.

ÍSMÓTI 2007 lýkur sunnudagskvöldið 2. september með glæsilegu galakvöldi í Laugardalshöllinni þar sem veitt verða verðlaun í öllum þeim flokkum sem keppt er í um helgina og eru demantar þema kvöldsins. Kynnir kvöldsins verður söngkonan Hera Björk Þórhallsdóttir en að lokinni formlegri dagskrá tekur plötusnúðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson við og heldur uppi stuði fram á nótt.

„Það verður náttúrlega glens og grín á galakvöldinu og smá söngur líka," segir Hera Björk og bætir því við að eflaust spinnist eitthvað skemmtilegt út frá helginni. „Það kemur alltaf eitthvað upp á og ég ætla að vera mjög vakandi fyrir því um helgina hvort það gerist ekki eitthvað sniðugt sem hægt er að nýta. Mitt sjáandi auga verður alls staðar um helgina," bætir Hera við og hlær.

„Mér finnst alveg æðislegt að fá að vera veislustjóri á svona glæsilegu kvöldi og það verður spennandi að sjá hvernig þetta á eftir að ganga allt saman. Þannig að ég er bara voða spennt," segir söngkonan.

Páll Óskar Hjálmtýsson lofar miklu stuði fram eftir nóttu og ætlar að syngja og spila skemmtilega tónlist alveg þangað til síðasti maður fer heim. „Ég geri auðvitað mitt besta til að halda stuðinu í liðinu, það er ekki nokkur spurning," segir Páll.

Spurður hvort hann sé búinn að velja sér demantadress fyrir kvöldið segir Páll Óskar: „Ég reikna með að mæta í jakkafötum sem ég lét hanna sérstaklega fyrir Eurovision-kvöld og þau eru sláandi lík fötunum sem ég var í á Eurovision árið 1997." Páll bætir því við að nóg sé af demöntum á þeim fötum. „Auðvitað reynir maður alltaf sitt besta til að passa inn í pakkann og vera með í partíinu."

sigridurh@frettabladid.is

Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona verður veislustjóri galakvöldsins og ætlar að fylgjast vel með ÍSMÓTI alla helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Páll Óskar Hjálmtýsson lofar miklu stuði að lokinni formlegri dagskrá en þá mun hann halda uppi fjörinu þar til síðasti maður fer heim.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FAMI

Leiðandi ítalskt fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á iðnaðar innréttingum

Hillur plastvörur fataskápar og stál innréttingar

Hillukerfi með marga möguleika:

Hurðir
Fataslá
Stálskúffur
Plastskúffur
Bök
Gaflar
Skilrúm og margt fleirra

Hillukerfi: Hæð 2.2 m, breidd 2.7 m, dýpt 40 cm, tilboðsverð 21.315 kr.

Bílainnréttingar frá 25.941 kr.

RÍ VERSLUN

Hamarshöfða 1. Sími 511 1122

Skoðið FAMI bæklinga á www.ri-verslun.is

Nonni Quest er hárgreiðslumaður á Kristu í Kringlunni og ætlar að kynna og selja undraefnið CURE frá Icon á sýningunni og styrkja með því baráttuna gegn brjóstakrabbameini.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bleikt gegn brjóstakrabba

„Það sem við ætlum að gera er að kynna og selja hárbætiefnið CURE, sem er mest selda efnið frá Icon-framleiðandanum," segir Nonni Quest, hárgreiðslumaður á Kristu í Kringlunni. „Þetta er efni sem er úðað í hárið og er algjört undraefni," bætir hann við.

CURE var endurútgefið í byrjun þessa árs og er nú í bleikri flösku með bleikum borða til styrktar baráttunni gegn brjóstakrabbameini. „Einn þriggja stofnenda Icon missti móður sína úr brjóstakrabbameini og nú berst systir hennar við sama mein," segir Nonni og bætir því við að Krista muni eingöngu kynna og selja þetta efni á sýningunni og láta ágóðann renna til baráttunnar gegn brjóstakrabbameini.

„Við verðum í samstarfi við Krabbameinsfélagið með þetta verkefni en félagið verður með fulltrúa í básnum hjá okkur sem selur borða til styrktar baráttunni gegn blöðruhálskrabbameini," segir Nonni Quest.

- sig

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Á sýningu ÍSMÓTS 2007 kynna fyrirtæki og félög
fagmennsku í tísku, íslenskt handverk og hönnun,
gæði og glæsileika - og allt um heilsu, hollustu,
dekur og vellíðan - fyrir fólk á öllum aldri

ÍSMÓT 2007

Sýningin er opin laugardag og sunnudag frá 10:00 til 17:00

Enginn aðgangseyrir

Athugið: Börnum yngri en 14 ára er ekki hleypt inn nema í fylgd með fullorðnum

130 m
á hæð

„GP kranar eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna."

Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Hunangsgel á neglur

Stella Sigurbjörnsdóttir, eigandi Naglastúdíós hjá Carita-snyrtingu, verður á sölusýningunni með kynningu á Bio Sculpture hunangsgeli fyrir neglur. „Gelið er úr náttúrulegu efni og jafnt notað fyrir hendur sem fætur auk naglaskrauts," segir Stella og bætir því við að hægt sé að nota gelið til lengingar á nöglum.

„Ég ætla að setja gelið á þær konur sem vilja prófa og svo mun ég selja vörurnar með tuttugu prósenta afslætti," segir Stella.

Stella ætlar einnig að kynna naglaskóla þar sem kennd er notkun á gelinu. Hún notar aðra aðferð en hina hefðbundinu enda hunangsgelið náttúrulegt og gervineglurnar ekki límdar á. „Þetta fer ekki illa með neglurnar heldur koma þær rosalega vel undan gelinu." *- sig*

Stella Sigurbjörnsdóttir á Carita-snyrtingu ætlar að leyfa konum að prófa hunangsgelið á sölusýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sex þráða saumavél

Pfaff ætlar að kynna nýja saumavél á sölusýningu ÍSMÓTS í Laugardalshöll. „Vélina er til dæmis hægt að nota til að sauma ullarkembu og lopa í önnur efni," segir Selma Gísladóttir, sölustjóri saumavéla hjá Pfaff. „Þessar vélar eru meira hugsaðar fyrir fagfólk og eru með sex þráðum," bætir hún við.

„Við verðum með tvær saumavélar á sýningunni og hin vélin er ný á markaðnum og meira hugsuð fyrir skólakrakka til að æfa sig á. Þessa vél höfum við geymt alveg fram að þessari sýningu og enginn hefur enn fengið að sjá hana," segir Selma, sem mun taka niður pantanir á saumavélum á sýningunni og bjóða upp á góðan afslátt í viku eftir sýninguna. *- sig*

Selma Gísladóttir, sölustjóri saumavéla hjá Pfaff, ætlar að kynna tvær tegundir af saumavélum á sölusýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Gunnar Leifur Jónasson verður einn þeirra ljósmyndara sem smella myndum af gestum ÍSMÓTS. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Myndataka fyrir gesti

Gestum ÍSMÓTS verður boðið upp á að láta taka af sér fallegar myndir í fullkomnu ljósmyndastúdíói.

Ljósmyndarafélag Íslands ætlar að bjóða upp á skemmtilegan kost fyrir gesti ÍSMÓTS á sýningunni í Laugardalshöll. Félagið verður með flott ljósmyndastúdíó á staðnum þar sem fólki gefst kostur á að láta taka af sér myndir.

„Það verða teknar tískumyndir, andlitsmyndir, barnamyndir og ýmislegt fleira en við munum taka hvert þema fyrir í klukkutíma í senn," segir Gunnar Leifur Jónasson ljósmyndari. „Svo verðum við með tölvur og skjái þar sem við vinnum aðeins með myndirnar þannig að fólk geti séð hvað við erum að gera og hvernig ferlið gengur fyrir sig hjá atvinnuljósmyndurum," bætir hann við. Gunnar Leifur segir tilganginn vera að sýna fólki hvernig hægt sé að taka mynd af hverjum sem er og gera hann alveg rosalega flottan, til dæmis með því að hækka kinnbeinin eða hvað sem er. „Þannig viljum við leyfa fólki að sjá hvernig umhverfi við vinnum í og hvernig þetta virkar allt saman."

Þegar ljósmyndararnir eru búnir að vinna myndirnar eru þær sendar á næsta sýningarbás sem Samskipti eru með og prentaðar út fyrir gesti í hvaða stærð sem er. „Eins er hægt að fá myndina prentaða út sem póstkort og Íslandspóstur getur sent myndina fyrir fólk hvert á land sem er en Pósturinn er að kynna nýja þjónustu sem felur í sér að fólk búi til kortið sitt sjálft," segir Gunnar. *- sig*

Linda Rós Rúnarsdóttir, eigandi Hárrétt ehf., ætlar að kynna Keune-vörur á ÍSMÓTI. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í hæsta gæðaflokki

Linda Rós Rúnarsdóttir er eigandi Hárrétt ehf., sem er með umboð fyrir Keune-hárvörur. „Ég verð með bás í hárgreiðsluhorninu á ÍSMÓTI þar sem ég ætla að kynna Keune-vörurnar," segir Linda Rós og bætir því við að Keune sé í hæsta gæðaflokki og hafi verið á markaðnum frá því árið 1922.

„Ég er með ofnæmi fyrir hárvörum almennt en get samt notað þessar vörur og ég veit um margar hárgreiðslukonur sem voru hættar að starfa við fagið vegna ofnæmis en gátu svo byrjað aftur og notað þá Keune-vörurnar, sem eru að miklu leyti unnar úr jurtum," segir Linda Rós.

Keune framleiðir hárliti, sjampó og mótunarvörur og segir Linda litina vera ammoníakslausa, sem sé gott fyrir þá sem vilja ekki vera með kemísk efni í hárinu.

„Við ætlum að selja vörurnar á staðnum og vera líka með kynningu og ráðgjöf bæði fyrir stofur og almenna neytendur," segir Linda Rós. *- sig*

Framtíðartækifæri fyrir iðnaðarmenn

Hvað gerir Fjarðaál að góðum vinnustað fyrir metnaðarfulla raf- og véliðnaðarmenn?

Fjölbreytt tækifæri á spennandi vinnustað

Í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur tæknimenntaðra sérfræðinga. Takmark Fjarðaáls er að verða í fremstu röð á heimsvísu í meðferð og viðhaldi tækja. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækjanna og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra. Iðnaðarmenn vinna í teymum og verkefnin eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

Góð laun fyrir vaktavinnu eða dagvinnu

Í boði eru vakta- og dagvinnustörf fyrir raf- og véliðnaðarmenn. Góðir möguleikar eru á aukavinnu og viðbótartekjum fyrir þá sem þess óska.

Laun útlærðra iðnaðarmanna miðað við 15% árangursávinning	Vaktavinna	Dagvinna
Heildarárslaun	15 tólf tíma vaktir í mánuði	40 stunda vinnuvika
Mánaðarlaun	5,4 milljónir kr.	3,6 milljónir kr.
Meðaltímakaup	450 þúsund kr.	303 þúsund kr.
	2.500 kr.	1.700 kr.

Öryggi og velferð starfsmanna ávallt í fyrirrúmi

Allt vinnufyrirkomulag miðast við að koma alfarið í veg fyrir vinnutengd slys og óþægindi. Iðjuþjálfi leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn Fjarðaáls hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til læknisþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir íþróttatíma í Fjarðabyggðarhöllinni. Boðið er upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðlinum fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá flugmiða með Flugfélagi Íslands á hagstæðum kjörum.

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 38801 08/2007

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

Hárgreining og ráðgjöf

Heildsalan Halldór Jónsson ehf. flytur inn vörur frá Wella og Sebastian, vörur sem eingöngu eru seldar á hársnyrtistofum. „Við ætlum að sýna hárlitina frá þessum merkjum og verðum líka með hárgreiningartæki á sýningunni," segir Steinunn Braga Bragadóttir, söluráðgjafi hjá Halldóri Jónssyni.

„Fólk getur komið til okkar og fengið hárgreiningu og svo ráðgjöf um hvernig það getur lagað hitt og þetta. Tækið er mjög skemmtilegt og stækkar hárið og hársvörðinn upp um 200 prósent," segir Steinunn og bætir því við að HJ ætli líka að kynna hárlengingu sem er allt öðruvísi en önnur hárlenging á markaðinum. „Hún er ekki með neinu límí eða öðru veseni og viðskiptavinir mínir eru sammála um að þetta sé langbesta hárið á markaðinum."

Steinunn segir að einnig verði snyrtivörukynning frá Dior á sýningunni þar sem haustlínan verður kynnt og fólk getur fengið förðun á staðnum.

- sig

Steinunn Braga Bragadóttir, söluráðgjafi hjá HJ, ætlar að greina hár þeirra sem þess óska á sýningunni og kynna að auki hárlengingu og hárvörur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Notalegir rafstraumar

„Við ætlum að kynna Ultratone-tækið sem er bæði bekkur og tæki," segir Elín Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Ultratone í Faxafeni. „Þetta er ný tækni en Ultratone var fyrst til að setja á markaðinn rafeindatæki til grenningar og styrkingar. Tækið sendir rafskilaboð til að örva ákveðin svæði líkamans og ná fram grenningu, styrkingu og auka blóðflæðið. Einnig býður það upp á sogæðanudd, vöðvabólgunudd, slökunarnudd og fleira," bætir hún við.

Elín segir muninn á Ultratone-tækinu og öðrum sambærilegum tækjum vera þann að Ultratone-tækið gefi frá sér 44 mismunandi rafstrauma en önnur tæki hafi aðeins eina tegund rafstraums.

„Það er ekki sárt að fara í slíka meðferð heldur mikil slökun þannig að fólk á það jafnvel til að sofna í tækinu," segir Elín og bætir því við að á sýningunni muni gestum bjóðast að leggjast á bekkinn og prófa nudd eða annað í tækinu. „Við verðum með mjög gott kynningartilboð í kjölfar sýningarinnar," segir Elín og bendir á að tvær Ultratone-stofur séu á höfuðborgarsvæðinu, í Faxafeni og í Hafnarfirði, auk þess sem stofur séu á Selfossi og í Vestmannaeyjum.

- sig

Elín Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Ultratone í Faxafeni, ætlar að kynna Ultratone-tækið á sölusýningunni í samstarfi við Ultratone í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þegar mest á reynir...

Hünnebeck steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.

HÜNNEBECK

– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is

Tímavél hönnunarnema

Á ÍSMÓTI 2007 verður haldin hönnunarkeppni nemenda á list- og verkmenntabrautum framhaldsskólanna og heldur Selma Ragnarsdóttir, formaður Klæðskera- og kjólameistarafélagsins, utan um keppnina.

„Þema keppninnar er Tímavélin og vísar til þess að hugmyndin á að koma úr fortíðinni eða ímynd-aðri framtíð," segir Selma og bætir því við að rökstuðningur þurfi að fylgja með hverju módeli í stuttum texta. „Val á módeli er frjálst en það er æskilegt að hafa nokkuð sviðsvana manneskju í sýningunni hvort sem það er karl eða kona en miðað er við að módelin séu eldri en fjórtán ára."

Keppendur þurfa sjálfir að sjá um að útvega sér módel en undirbúningsnefnd sér um hár og förðun keppenda. „Svo eru náttúrulega vegleg verðlaun í boði fyrir sigurvegarann í keppninni auk verðlaunagrips og það er spennandi að sjá hvað nemunum dettur skemmtilegt í hug fyrir keppnina," segir Selma.

Selma Ragnarsdóttir er formaður Klæðskera- og kjólameistarafélagsins og heldur utan um hönnunarkeppni nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Erla Ósk Arnardóttir er sölu- og markaðsstjóri Leðuriðjunnar. Hún segir framleiðslu fyrirtækisins vera að breytast og meira vera um fylgihluti en áður var. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vörur úr roði og leðri

„Við ætlum að kynna Leðuriðjuna Atson og hvað við erum að gera," segir Erla Ósk Arnardóttir, sölu- og markaðsstjóri Leðuriðjunnar. „Svo erum við líka í forsvari fyrir eitt tískuteymið sem er að keppa og erum gríðarlega spenntar yfir því," bætir hún við.

Erla Ósk segir stefnu Leðuriðjunnar vera svolítið að breytast og fara meira út í hönnunarvinnu.

„Við vinnum mikið með fiskroð og leður en Leðuriðjan hefur líklega verið best þekkt fyrir seðlaveskin en er nú komin meira út í alls konar fylgihluti, skart og fleira spennandi úr roði og leðri," segir Erla og bætir því við að seldar verði töskur, veski, belti, armbönd og ýmislegt fleira sem hefur verið að koma nýtt frá Eddu Hrönn Atladóttur sem er eigandi og yfirhönnuður Leðuriðjunnar. *- sig*

Torfi Geirmundsson á Hárhorninu ætlar að kynna náttúrulegu hárlitina frá Naturtint. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Náttúrulegur heimalitur

Torfi Geirmundsson hárgreiðslumaður á Hárhorninu ætlar að kynna náttúrulegu hárlitina frá Naturtint. „Við ætlum að fræða fólk um muninn á náttúrulegum hárlitum og öðrum auk þess að vera með módel á staðnum til að sýna litun og hvernig litirnir koma út," segir Torfi og bætir við að Naturtint sé heimalitur og því reiknað með að fólk geti litað hárið sjálft heima.

„Liturinn er einn sá allra vinsælasti hér á landi af þessum náttúrulegu litum og við ætlum að selja hann á sérstöku kynningarverði í Höllinni," segir Torfi, sem sjálfur fór að nota Naturtint vegna ofnæmis fyrir venjulegu litunum. „Svo var það þannig að viðskiptavinir mínir voru farnir að koma með Naturtint-lit með sér og biðja mig að setja hann í sig í stað hinna sem ég var með fyrir." *- sig*

Bjóða gestum í stólinn

Snyrtibraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti verður með bás á sýningunni og er Ingibjörg Andrésdóttir kennslustjóri brautarinnar. „Snyrtibrautin í FB hefur starfað frá árinu 1986 og má segja að námið sé heilmikið og krefjandi," segir Ingibjörg og útskýrir í hverju námið felst.

„Nemendur byrja á að taka tvær bóklegar annir í skólanum. Það er kjarni sem þeir verða að ljúka áður en þeir taka sveinspróf en aldurstakmark inn á snyrtibrautina er átján ár."

Snyrtibrautin byrjar svo á fjórum verklegum önnum í snyrtifræði auk bóklegs náms sem snýr að fræðunum. „Þá útskrifast nemendurnir frá skólanum en eiga þá eftir tíu mánuði í starfsþjálfun á snyrtistofu áður en þeir taka sveinsprófið og útskrifast sem snyrtifræðingar," segir Ingibjörg og bætir við: „Nemendur frá skólanum ætla að sýna andlitsmeðferðir, ilmolíunudd og inn á milli ætlum við líka að bjóða gestum í stólinn hjá okkur þar sem við lögum neglur og lökkum þær." *- sig*

Ingibjörg Andrésdóttir er kennslustjóri snyrtibrautarinnar í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og ætlar ásamt nemendum sínum að kynna brautina í Laugardalshöllinni.

Gígja Kj. Kvam situr hér í hlíðum Eyjafjarðar og tínir beitilyng og ilmreyr til að nota í vörurnar sínar.

Náttúrulegar húðvörur

„Ég er með fyrirtækið Urtasmiðjuna sem var stofnað fyrir fimmtán til tuttugu árum," segir Gígja Kj. Kvam sem ætlar að kynna vörur fyrirtækisins á ÍSMÓTI. „Við tínum íslenskar jurtir uppi í fjöllum í óræktuðu landi þar sem þær vaxa í sínu náttúrulega umhverfi og framleiðum svo alls konar náttúrulegar húðvörur úr þeim," bætir hún við og nefnir sem dæmi olíur, krem og smyrsli úr vörulínunni Sóla.

„Okkar fyrsta vara var Græðismyrslið sem er græðandi áburður og er bæði á sár, ör, bruna, sólbruna, exem og psoriasis. Hann er einnig bólgueyðandi, tekur sviða úr brunasárum og er alhliða græðandi áburður," segir Gígja og bætir því við að allar vörur Urtasmiðjunnar verði á góðu sýningartilboði. „Við erum með prufur af öllu svo fólk fær að prófa og skoða að vild." *-sig*

Árangursrík húðslípun

Ólafía Magnúsdóttir, eigandi ÓM snyrtivara, mun kynna húðslípun með Pepita-tækni á sölusýningu ÍSMÓTS. „Húðslípunin er árangursríkasta meðferð sem snyrtifræðingar geta boðið upp á á stofunum," segir Ólafía og bætir við: „Þetta eru litlir míkrókristallar sem eru notaðir til að slípa yfirborð húðarinnar og hægt er að stilla hversu djúpt er farið í húðina."

Ólafía segir þessa aðferð hreinsa allar dauðar húðfrumur af yfirborðinu og opna húðina þannig að hún sé meðtækilegri fyrir öðrum efnum. „Svo eru sett virk efni beint ofan í húðina þannig að hún drekkur þau í sig og svo er húðinni lokað aftur með því að setja gúmmímaska yfir sem er eins og gríma, sem er svo tekin af í heilu lagi."

Meðferðina segir Ólafía gjarnan notaða við örum og hrukkum. „Svo er þetta rosalega áhrifaríkt fyrir óhreina húð og bólur, til dæmis fyrir feita húð með fílapenslum." *- sig*

Ólafía Magnúsdóttir segir húðslípun með Pepita-tækni vera þá áhrifaríkustu sem í boði er í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Gæði glersins skipta öllu máli

Með notkun **Suncool™ HP** gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyra og hitaútstreymið er lítið.

argus - 06-0185

GLERBORG

Dalshrauni 5 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 3333 | www.glerborg.is

Kerfisloft

Svalagler

Steypumót

Stigar

Girðingar

Aksturs- og iðnaðarhurðir

Felliveggir

Gámaeiningar

Gluggar og hurðir

Hleðslubrýr

Gler og glerlausnir

Kranar og vinnulyftur

Stálgrindarhús

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Ertu í framkvæmdahug?

formaco

hefur lausnirnar fyrir þig!

www.formaco.is

formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · formaco@formaco.is

NÝTT

Ristaður Twister

alveg ristuð snilld!

PEPSI MAX

KFC

Ristaður Twister ...sá er heitur!

Stökkir kjúklingastrimlar, iceberg-salat, ferskir tómatar og piparmajónes – allt vafið saman í heita og mjúka tortillu.

Ásmundur Friðriksson heiðrar minningu kaupmannsfrúarinnar Ásu Olavsen með kjötsúpuboði annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Matarboð í anda Ásu

Ásmundur Friðriksson, verkefnastjóri Ljósanætur, heiðrar minningu frú Ásu Olavsen með kjötsúpuboði. Ása Olavsen var kaupmannsfrú í Keflavík um aldamótin 1900. „Ég er svona grúskari og gróf söguna um þessa konu einhvers staðar upp í vetur," útskýrði Ásmundur. „Í yfir tuttugu ár, frá aldamótunum 1900, bauð hún börnum heim í Fischershúsið þar sem hún bjó. Hún gaf þeim að borða, spilaði tónlist og börnin skemmtu sér saman. Þetta varð fastur liður í bæjarlífinu og hún hélt þessu úti í tuttugu ár. Þá hafði hún átt heima í Kaupmannahöfn í nokkur ár en stjórnað þessu þaðan," sagði hann.

Í anda Ásu verður fimm þúsund matargestum boðið í kjötsúpu á föstudagskvöldið, á gamla hlaðinu hennar gegnt Duushúsum. Raunar fá allir íbúar Suðurnesja boðsmiða, en fyrstu fimm þúsundin fá að gæða sér á súpunni. „Ása bauð yfirleitt fimmtíu krökkum, en við bjóðum fimm þúsund, svona eins og Jesú Kristur. Hann gerði þetta að vísu úr engu, en við fáum efni frá Norðlenska, Samkaupum og Matarlyst, svo það er kannski ekki alveg sambærilegt," sagði Ásmundur og hló við.

Ljósanótt ætlar í ár að safna tómu gleri til góðverka og Ásmundur býst við það verði endurtekið að ári, eins og kjötsúpuboðið. „Við ætlum að styrkja fæðingarskýli í Namibíu, svo þeir sem setja tómar flöskur og dósir í þar til gerð ílát leggja góðu málefni lið," sagði Ásmundur. „Hátíðin hefur alltaf gengið vel fyrir sig, og nú bætum við góðverki inn í þetta, sem er líka í anda Ásu. Ein tóm flaska skiptir máli í Namibíu," bætti hann við. - sun

Færeysk innrás á Ljósanótt

Davíð Samúelsson stuðlar að færeyskri innrás á Ljósanótt í ár. Á meðal færeyskra gesta er Havnar dansifelag sem mun kveða færeyskar rímur í Reykjanesbæ.

Davíð Samúelsson segir rímur og kvæði afar mikilvægan þátt í menningararfi Færeyinga. MYND/PÉTUR SÖRENSEN

„Þetta er eitt af mörgum félögum í Færeyjum sem hafa haldið við þeirri hefð að kveða færeyskar rímur," útskýrði Davíð. Hann rekur fyrirtækið Færeyjaferðir.is og sérhæfir sig í því að kynna færeyska menningu og sögu fyrir ferðalöngum. „Rímurnar eru hluti af menningararfi Færeyinga, og hafa meðal annars átt stóran þátt í því að varðveita tungumálið. Fólk fór ekki að skrifa færeysku fyrr en í byrjun tuttugustu aldar. Rímnahefðin er hins vegar frá miðöldum," sagði Davíð, sem er sjálfur hálf-færeyskur.

Kvæðabálkarnir hafa allir sögur að segja, og sumar hverjar ættu að hljóma ansi kunnuglega í íslenskum eyrum. „Uppistaðan í rímunum er til dæmis konungasögur og sögur um fræga menn og kappa, eins og Grettisríma er dæmi um. Ormurinn langi segir frá stórum knerri frá Noregs landi og það er til þáttur um Sigmund Brestisson sem vildi kristna Færeyjar, og átti í miklum útistöðum við Þránd í Götu vegna þess," útskýrði Davíð. Dansifelagið hefur einnig flutt kvæðið um Ólaf liljurós, sem reyndar heitir Ólafur riddararós á færeysku. „Mestu kvæðamennirnir í Færeyjum, eins og sá sem er með Havnar dansifelagi, kunna allt að tíu þúsund erindi úr ýmsum kvæðum. Högna þáttur er til dæmis yfir tvö hundruð og fimmtíu erindi," sagði Davíð.

Þar með er innrásinni þó ekki lokið, því tvær systur úr dansfélaginu, Brynhild og Vigdis Sigmundsdætur, verða með myndlistarsýningar á Ljósanótt. „Svo kemur fulltrúi frá prjóna- og spunaverksmiðju í Götu. Hún ætlar að kynna færeyska ull, fatnað og annað," bætti Davíð við. Hópurinn Fókus sýnir einnig ljósmyndir frá Færeyjum í Kjarna við Hafnargötu á Ljósanótt. Ljósmyndirnar voru teknar á ferð hópsins um Færeyjar í vor, en þar fór Davíð fyrir flokknum.

Það má því segja að á Ljósanótt snúist starf Davíðs við, þegar hann gefur Íslendingum innsýn í færeyska menningu.

sunna@frettabladid.is

Velkomin á Ljósanótt 2007

Hótel Keflavík er fyrsta flokks hótel í miðbæ Keflavíkur. Það hefur þótt kærkominn dvalarstaður fyrir þá sem vilja hvílast vel áður en haldið er af stað til annarra landa. Þaðan er aðeins um fimm mínútna akstur að flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Glæsilegur morgunverður er veittur árla morguns fyrir gesti hótelsins sem þurfa að fara snemma í flug og er þeim síðan boðinn akstur á flugstöðina og geymsla á bílnum meðan dvalið er erlendis endurgjaldslaust. Frá Hótel Keflavík er boðið uppá 10 ferðir í Bláa Lónið daglega.

Hótel Keflavík er rétti staðurinn, hvort sem um er að ræða fyrir árshátíðina eða fundinn. Hægt er að velja milli salarkynna Sólsetursins, Café lónó eða fundarsala á fyrstu hæð hótelsins.
Veitingastaðurinn Jia Jia er glæsilegur kínaverskur veitingastaður og bar.

Hönnun: Vikurfréttir

HÓTEL KEFLAVÍK

Vatnsnesvegi 12 -14 - Reykjanesbær - s. 420 7000 - F. 429 7992 - stay@kef.is - www.kef.is

Ljósanótt í Reykjanesbæ 30. ágúst - 2. september 2007

Dagskrá Kaffitárs

Fimmtudagur 30. ágúst

Opnun sýningar Írisar Jónsdóttur **„Blátt lítið blóm eitt er“**, kl. 18:00 í Kaffitári að Stapabraut 7 í Reykjanesbæ.

Sýningin mun standa frá 30. ágúst til 30. september 2007.
Kaffitár er opið mán. til fim. kl. 9:30 til 17:00, fös. kl. 9:30 til 18:00 og lau. kl. 11:00 til 17:00.

Laugardagur 1. september

Kl. 10.00 Kaffihúsið á Stapabraut opnar. Kaffi og nýbakað brauð, ásamt spennandi tertum.

Kl. 11.00 Ragnheiður brennslumeistari brennir Níkaragúa Cortes kaffi. Kaffiunnendur geta pakkað ilmandi baunum beint úr ofninum og haft með sér heim.

Kl. 11.00 Nýjasta tæknin í kaffiuppáhellingu kynnt. Fyrsta Clover vélin er komin til landsins og kaffiunnendum gefst kostur á að smakka Cup of Excellence Níkaragúa kaffi úr vélinni.

Kl. 14.00 Kaffismökkun. Hvernig smakkast mismunandi Níkaragúa kaffi?

Kl. 15.00 **Ricardo Rosales** kaffibóndi á Jesus Maria búgarðinum í Níkaragúa heldur erindi um kaffiræktun og vinnslu. Ricardo svarar spurningum áhugafólks um kaffi.

Ricardo Rosales

Kl. 16.00 Kaffismökkun. Hvernig smakkast mismunandi Níkaragúa kaffi?

Kl. 11.00-17.00 Kaffibrennslan opin almenningi.

Sunnudagur 2. september

Kl. 11.00 Kaffihúsið á Stapabraut opnar. Kaffi latte og spennandi „Brunch“.

Kl. 14.00 Ragnheiður brennslumeistari brennir Níkaragúa Cortes kaffi. Kaffiunnendur geta pakkað ilmandi baunum beint úr ofninum og haft með sér heim.

Kl. 15.00 Kaffismökkun. Hvernig smakkast mismunandi Níkaragúa kaffi?

Kl. 13.00-16.00 Kaffibrennslan opin almenningi.

Kaffitár
- leggur heiminn að vörum þér

H2 hönnun

SPARISJÓÐURINN Í KEFLAVÍK BÝÐUR YKKUR

VELKOMIN Á 2007 LJÓSANÓTT

DAGANA 30. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER Í REYKJANESBÆ

Menningar- og fjölskylduhátíðin Ljósanótt í Reykjanesbæ verður haldin hátíðleg í áttunda sinn dagana 30. ágúst - 2. september. Sparisjóðurinn í Keflavík hefur verið sterkur stuðningsaðili hátíðarinnar og hefur m.a. boðið upp á glæsilega flugeldasýningu frá upphafi. Á **100 ára afmælisári** sínu bætir SpKef um betur og býður gestum hátíðarinnar uppá veglega dagskrá á stóra sviðinu á laugardagskvöldinu, tónleika og kaffi á föstudeginum og flugeldasýningin verður að sjálfsögðu á sínum stað!

Börnin fá frítt í leiktækin í Krakkalandi sem staðsett verður í skrúðgarðinum.

Afhjúpun **Söguspors** fyrir framan aðalútibú Sparisjóðsins kl. 16:00 á föstudaginn.

Tónleikar með Geirfuglunum í aðalútibúi Sparisjóðsins kl. 16:30 á föstudeginum.

Stóra sviðið, laugardagskvöld:

- Hjaltalín
- Ljótu hálfvitarnir
- Klassart
- Ljósalagið í flutningi Jóhanns Helgasonar
- Jógvan
- Rokksveit Rúnars Júlíussonar
- Garðar Thor Cortes

Sjáumst á Ljósanótt 2007!

SPARISJÓÐURINN
ER AÐALSTYRKTARAÐILI **LJÓSANÆTUR**

SpKef 100 1907-2007

3 daga MEGAHAUSTÚTSALA á notuðum bílum ALLT AÐ 1.000.000. AFSLÁTTUR

ALLT AÐ 100% LÁN

MEIRA ÚRVAL AF TILBOÐSBÍLUM Á STAÐNUM OG Á SKRÁ

LINCOLN NAVIGATOR 4WD ULTIMATE árg 2006 km 30 ssk.7manna.leður ,lúga og fl verð 5.890.þ
TILBOÐ 4.980Þ ÁKV LÁN

VW PASSAT BASIC LINE/SEDAN nýsk 7/2000 km 134þ 5g álfe verð 760þ
TILBOÐ 490þ

TOYOTA COROLLA 1,6 VVTI nýsk 10/2003 km 138 5g verð 1.260þ
TILBOÐ 890Þ

NISSAN MURANO AWD LE NÝSK 2/2005 km 46þ ssk.leður .topplúga verð 3.980þ
TILBOÐ 3.650

JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4 4.7 l árg 2005 km 41þ ssk.álfe. verð 3.190
TILBOÐ 2.790Þ

NISSAN PRIMERA ACENTA nýsk 12/ 2003 km 67þ 5g verð 1.390þ
TILBOÐ 1.090Þ

FORD ESCAPE XLT CHOICE 4WD nýsk 10/2004 km 40 ssk verð 2.460þ
TILBOÐ 2.090Þ

FORD FOCUS C-MAX nýsk 1/2004 km 50 5g verð 1.290þ
TILBOÐ 990Þ

CITROEN C5 2,0 16V NÝSK 9/2003 KM 41Þ ssk verð 1.290þ
TILBOÐ 990Þ

MITSUBISHI L200 DOUBLE CAB GLS 4WD DISEL nýsk 3/2004 km 81þ VERÐ 1.990Þ
TILBOÐ 1.490Þ

RENAULT LAGUNA NÝSK 6/2001 KM 106Þ 5G VERÐ 950Þ
TILBOÐ 750Þ

RENAULT LAGUNA NÝSK 6/2001 KM 106Þ 5G VERÐ 950Þ
TILBOÐ 750Þ

OPEL ZAFIRA-A COMFORT NÝSK 7/2002 KM 90 SSK ÁLFE verð 1.150þ
TILBOÐ 890Þ

NISSAN X-TRAIL nýsk 12/2005 km 20 ssk.álfe verð 2.580þ
TILBOÐ 2.280Þ

RENAULT MEGANE SCENIC 7 SÆTA nýsk 4 /2005 km 30 6g verð 2.130
TILBOÐ 1.790Þ

PEUGEOT 206 GRIFFE nýsk 4/2005 km 21þ 5g verð 1.340þ **TILBOÐ 1.090Þ**

RENAULT LAGUNA NEVADA STW nýsk 8/98 km151þ 5g verð 490þ
TILBOÐ 250Þ

NISSAN PATHFINDER XE nýsk 2/2006 km 11þ 5g verð 3.790þ
TILBOÐ 3.390Þ

OPEL VECTRA V6 nýsk 9/2000 km 74þ 5g verð 990þ
TILBOÐ 630Þ

JEEP CHEROKEE LIBERTY nýsk 5/2003 km 64 ssk.álfe verð 2.390þ
TILBOÐ 1.990Þ

OPEL MERIVA-A ENJOY nýsk 2/2006 km 19þ 5g verð 1.550þ
TILBOÐ 1.290Þ

TOYOTA RAV4 LX nýsk 7/2006 km 18þ 5g verð 2.650þ
TILBOÐ 2.450Þ

VOLVO V50 DISEL nýsk 3/2007 km9þ 5g verð 3.090þ
TILBOÐ 2.750Þ

DODGE DURANGO 4WD LIMITED 5.7 árg 2005 km 68þ ssk.eður verð 3.550þ
TILBOÐ 2.990

FORD FOCUS TREND nýsk 5/2005 km 40 ssk.a´lfe verð 1.790þ
TILBOÐ 1.590Þ

CITROEN BERLINGO SENDIBÍLL nýsk 5/2004 km 41 þ 5g verð 1.020
TILBOÐ 790.

TOYOTA COROLLA TOURING SOL 4WD nýsk 11/200 km 112þ 5g verð 750þ **TILBOÐ 590Þ**

567 2277 **NÝJA** www.nyja.is

BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Golf Comfortline, 1.6, árg. 2002 ekinn 79 þús. verð 750 þús. möguleiki á yfirtöku á láni.

1-2 milljónir

Billinn hennar mömmu. Til sölu MMC Pajero Pinin 4x4 ssk. ek. 68 þ. V.1.150 þ. Sérlega vel með farinn góður bíll. Uppl. í s. 899 8252

Til sölu Toyota Yaris 1300 árg. 05. 5 dyra. Ek. 20 þ. V. 1,3. milj. Lán 700 þ. S. 663 4736/565 2667

2 milljónir +

AUDI A8 QUATTRO 4,2 L árg. 11/99 300 hestafla eðalvagn á frábæru verði, uppl. í s. 662 2626.

Camaro 300+hö, corsa kraftpúst, árg.'99 ek.70þús. míl. er með rauðu og svörtu leðri að innan, ný yfirfarin vél og drif, gírkassi sama sem nýr. S:8688917

CHRYSLER 300 C 5,7 HEIM TIL SÖLU.
Árgerð 2005 - Ekinn 52 þúsund km Hlaðinn aukabúnaði Bíll í sérflokki Verð 4.590 þús - gott staðgreðsluverð.
Upplýsingar í síma 849 2602 & 568 8894.

Bens C 230 sport 06/'05 ek. 30.000 km. verð 4.200.000 Einn með öllu. Upp. í sima. 5547517 / 8630012

Bílar óskast

Óskar eftir Toyota Corolla Zedan. árg '05 eða yngri. Staðgreiðsla. Uppl í s 898 3965 eftir kl 16:00

Ódýr bíll óskast á 15-50 þús. Uppl. í s. 699 2707.

óska eftir Ford Transit árg. '90-'99. Ástand skiptir ekki máli. Sími 897 6537 & 554 0987.

Jeppar

Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýr 2007 frá 4.390þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

MMC MONTERO LTD - 7 MANNA TIL SÖLU
Árgerð 2004 - Ekinn 54 þ. m. Hlaðinn aukabúnaði m.a. Krómfelgur-leður- glertopplúga-dráttarkrókur. Næsta skoðun 2009. Verð 3.790 þús- skipti möguleg á ódýrari. Gott staðgreiðsluverð.
Upplýsingar í síma 849 2602 & 568 8894

Til sölu 2 stk Renault Ovi ár '01, eknir 330 þús og 450 þús, 36 farþ, DVD/video, cd, loftkæling og fl. uppl. í síma 8995240 SBK

Skoda Octavia Combi árg. 2000, ekinn 82 þús. km. til sölu. Uppl. í s. 864 0514

Trygano Odyssee árg 2003. Reyklaus og vel með farinn. verð 390,000. S:6931607

Fornbílar

Opel Cadett sport '71 1900. Ssk. ek. 98 þús. Sko.'08. Í topp standi. Ásett verð 450 þús. Uppl. í s. 897 6537.

Pallbílar

2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Hópferðabílar

Til sölu M-Benz 616 árg '05, ekinn 260 þ.km, 22 sæti, Dvd,Tv, og fl. uppl. á www.ruta.is, bílar til sölu og í síma 660 1303 & 660 1305

Til sölu Iveco 50C15. Ár '05, ekinn 116 þús, 20 farþ. Loftkæling, loftpúðar aftan, cd og fl. Uppl. í síma 8995240 SBK.

M-Bens 1120 clubstar. 26 manna. árg „92 upplýsingar í síma. 8924433-8944331

M-Bens Sprinter 416, „06. 20 manna. Upplýsingar í síma 8924433-8944331

Mótorhjól

Harley Davidson Softail Deluxe '05. Ek. 7900 þús. Verður að seljast. Tilboð. Uppl. í s. 862 2514.

MOTORS Laugavegur 168
Big Dog Mastiff Árg. '02. Kr. 2.500.000. Verslunin opin frá 11-16 á laugardögum. www.motors.is

Kerrur

Kerruútsala
Lokadagar útsölunnar: Brenderup 1150 S. Innanm. 144 x 94 x 35 cm. Burðarg. 400 kg. Dekk: 13" Listaverð: 98.000. TILBOÐSVERÐ: 78.000. Lyfta.is Njarðarbraut 3, Reykjanesbæ, 421 4037, www.lyfta.is

Hjólhýsi

Til Sölu LORD AMBASSADOR 560RBD. Árg 2007 Einn með öllu. Tilbúinn á ljósanótt. Uppl:S 8671068

Hobby 610 UF Excelsior 04/07. 12v kerfi, markísa. Verð 2.6 millj. Sími 860-1204

Kjarakaup!
Endurnýjum leiguhúsin okkar. 4ra og 6 manna hús með sólarsellum og fortjöldum. Verð frá 1380 þús. Skipti möguleg á tjaldvögnum og fellihýsum. S. 659 2452, Samsel. btnet.is/hjolhysaleigan

Tec travel bird árg.'07 4 manna hjólhýsi. 2 kojur. Verð 1700 þús. Uppl. í s. 822 1920.

Fellihýsi

Vel með farið Conway m. nýlegu fortjaldi til sölu. Verð 350 þús. Uppl. í s. 693 7005.

Felli- og hjólhýsageymsla. Upphitað og nýstandsett geymsluhúsnæði. Hálftíma akstur frá Rvk. V. 4000 kr. per fm. Uppl. í s. 897 3060.

Vinnuvélar

Til sölu Ridgid snittvél 3/8" haus og 1/2" - 3/4" haus. Einnig Ridgid handsnitti 3/8-2". Verð 50 þús. Uppl. í s. 699 3298.

Flug

Til sölu 1/6 hluti í Piper Cherokee 180. Góður hópur, góð kjör. Uppl. S. 846 0608.

Bílaþjónusta

Varahlutir

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Partasalan Sími 557 7740
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala
Erum að rifa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

KEYPT & SELT

Til sölu

Langar þig í heitan pott en hefur takmarkað pláss? Þá er ég með lausnina fyrir þig. PASSAR Á FLESTAR SVALIR! 2010*1535*880mm. ÞYNGD AÐEINS 200kg Verð 390.000 kr Láttu draumsinn rætast og fáðu þér einn svona. Sigurdur@valkaup.is S. 868 5001

Silunganet - - - Silunganet
Heimavík ehf. 892 8655.

Þvottavélar og Þurkara
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og Þurkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Hljóðfæri

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Kársnessbraut 114.

Ósk eftir góðu pianói til kaups. Uppl. í s. 898 8835.

Til sölu nýlegt Samick Piano Mahony, Pianostóll fylgir. Uppl. í s. 895 9365.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur

NOTAÐ OG NÝTT
Fartölvur, borðtölvur ofl. BMS Tölvulausnir, Suðurlandsbraut 8, Sími 565 7080

Vélar og verkfæri

Til bygginga

Vinnuskúr óskast. Má vera lélegur, skoða allt. S. 863 7249.

Verslun

ÚTSALA ClaMal og nýr listi 30-80% afsláttur í verslun kvenfatnaður í st 36-58 Ef verslað er á útsölu færðu nýja Haust og vetrarlistann frítt. ClaMal Reykjarvíkurvegi 66 Hafnarfirði. S. 565 3900 http://clamal.is/ Opið 10-18 alla virka daga.

ÞJÓNUSTA

Barnagæsla

Heimilishjálp og barnagæsla óskast
4 manna heimili í Þingholtunum með 2 börn á leikskólaaldri óskar eftir barngóðri heimilishjálp 1-2 í viku. Uppl. í s. 692 0202.

Hreingerningar

Hreingerningar - Gólfbónun - Bónleysing - Flutningsþrif -Gluggaþvottur - Teppahreinsun -Þrif eftir iðnaðarmenn. Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum. www.hreingerningar.is

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Garðyrkja

Garðaþjónusta H.G.
Öll helstu garðverk, hellulagnir, sólpallar. Uppl. í s. 699 8509.

Smágröfuþjónustua, hellulagnir, þökulagnir, drenlaganir og öll almenn lóðavinna. Skjót og góð þjónusta. SS- hellulagnir. S. 691 8907 & 690 2742.

Málarar



Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Húsaviðhald

Prýði sf
Sprunguviðgerðir, steypum tröppur og flotum. Þakásetningar, rennur og niðurföll. Gluggaviðgerðir og smíði. Málun glugga. Öll almenn trésmíðavinna. Tilboð og tímavinna.
Áratuga reynsla. s. 864 7449 & 854 7449 & 565 7449

Steining, múrviðgerðir, háþrýstiþvottur, málun úti og inni.
Fyrsta flokks ehf
Sími 822 6856

Húsaviðhald
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu og flísalögnum.
Upplýsingar í síma 695 4661.

Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...
Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss kláraðar. Iðnaðarmannateymi tekur að sér verkefni, smá og stór. Erum röskir og þrifum eftir okkur. www.husverk.is - S. 699 5678.

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum og flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Magnhús ehf
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Fagmannsverk
Uppsettningar á milliveggjum, hurðum og innréttingum. Parket, utanhúsklæðningar, gluggaísetningar og niðurrif. Tilboð eða tímavinna. S. 662 2770.

Stíflujþónusta

Tölvur

Vandaðar tölvuviðgerðir
Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður - Miðnet ehf. S. 615 2000.

Spádómar

Alspá 445 5000
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Hanna 908 6040
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

Rafvirkjun

Getum bætt vid okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,

og fagleg raðgjöf. Uppl. í s. 823 8860 Einar & 861 9116 Matthías.

Önnur þjónusta

Pípulagnir
Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum.
S. 663 2572.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

ÚTSALA

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Nudd

Vandaðir ferðanuddbekkir og fylgihlutir til sölu 45.000 st.gr. 891 6447, Ólafur

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

Ýmislegt

Súrefnismettunar-og púlsmælar á frábæru verði frá framleiðandanum MedChoice. Verð frá 7.657.- til 15.750 kr. K-Matt. ehf sími.421-8999 eða k-matt@k-matt.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

Viltu verða stílisti?
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

Píanókennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Uppl. í s. 899 3787.

Flug

Flugskóli Helga Jónssonar
Bókleg kennsla fyrir einkaflugmannspróf hefst þriðjudaginn 4. september, enn er hægt að skrá sig í síma 551 0880 eða á info@flugskolinn.is

Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Rúmteppi - 20% afslátt út þessa viku.
Glæsileg spönsk rúmteppi! Mikið úrval! Allt að 30 % afsláttur af völdum rúmteppum - Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - www.sofalist.is - S. 553 0444.

Sófa og stólaáklæði - 20 % afsláttur út þessa viku.
Glæsileg spönsk stóla og sófaáklæði - mikið úrval - allt að 30 % afsláttur af völdum áklæðum. - Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - www.sofalist.is - S. 553 0444.

2 topp sófasett til sölu v/flutninga. 1 amerískt og 1 lazyboy. Sanngjarnt verð. S. 824 7663.

Antík

Til sölu antikskápar, skenkur og rúmgafl. Uppl. í s: 8633360

Dýrahald

Enskur Cocker Spanial hvolpur til sölu. Ættb. HRFÍ. Bólusettur og örmerktur. S. 663 5521

Yndislegir Bullmastiff hvolpar til sölu! Rólegir, bargóðir og frábærir heimilishundar. Bólusettir, ormahreinsaðir og ættbókafærðir frá hrfi. uppl. í síma 6617968/4246840 Selma 123.is/mastiff

Rottweiler hvolpar til sölu tilbúnir til afhendingar. Tík og rakki. Uppl. í s. 848 1775.

bulldog hvolpar til sölu. Við systurnar erum tilbúnar til að flytja að heiman, Heilsufarskoðaðar og örmerktar. upplýsingar í síma 846-6407 eða www.123.is/narfakot

Hvít púðlutík til sölu. 3ja mánaða, ljúf og góð. Uppl. í s. 857 9718

TIL SÖLU

Ýmislegt

- Beachcomber -

Kanadískir heitir pottar
Sumartilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.

11 ára reynsla á Íslandi.
Opið alla daga frá 14 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

Langar þig í heitan pott en hefur takmarkað pláss? Þá er ég með lausnina fyrir þig. PASSAR Á FLESTAR SVALIR! 2010*1535*880mm. ÞYNGD AÐEINS 200kg Verð 390.000 kr Láttu draumi inn rætast og fáðu þér einn svona. Sigurdur@valkaup.is S. 868 5001

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði
Til leigu 50-60fm bústaðir með heitum potti við skóginn fyrir ofan Varmahlíð. Helgar & vikuleiga. Hestaleiga, rafting omfl. Uppl. í s. 862 2129.

Orlofshús á Akureyri
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 80.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

Fyrir veiðimenn

Laxa- og silungamaðkar til sölu að Holtsgötu 5 í Vesturbænum. Símar 8571389 og 5515839.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigusalar auglýsa fritt.
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
Leigjendur leita fritt.
Leiga.is bjóður
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.
Leiga.is
Löggilt leigumiðlun

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Fallegt og bjart einbýli í 108 til leigu frá okt. 5 svherb+bílskúr 195þ p.m tryggvi@blueyonder.co.uk

Til leigu 160 fm einbýlishús í Borgarheiði, Hveragerði. Stór afgirtur garður. Mjög gott hús. V. 130 þ./mán. Uppl. í s. 820 4055

Til leigu 90 fm. íbúð í hvaleyrarbraut 22 Hfn. Einnig mjög gott 130 fm. iðnaðar húsnæði á sama stað. S. 820 4059

Til leigu 75fm íbúð í Kjarrhólma í Kóp. V. 100 þús. Uppl. í s. 898 1177.

Til leigu björt og falleg 2ja herb. íbúð í 107 Rvk. Aðeins reyklausir og reglusamir koma til greina. Leiga 110 þ/mán. Íbúðin er laus. Uppl. í síma 867-9955 e.kl. 16.

Góð 2ja herb 90fm, íbúð til leigu!
Ný og glæsileg íbúð til leigu í Norðlingaholtinu. Íbúðin er 2ja herbergja og 90fm. Leiguverð kr.130.000.- S:699-5880

Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096.

Rooms and studio apartments for rent from now until May '08. Will be shown 18-19 o'clock today. Hotel Atlantis, Grensásvegi 14. No telephone info. Pokoje I mieszkania do wynajecia teraz przed majem '08 beda otwarte od 18-19 dzisiaj. Hotel Atlantis Grensásvegur 14. Nie ma informacji telefonicznej.

Húsnæði óskast

Reyklaust par óskar eftir stúdíó íbúð fyrir 60 þús. eða minna í Reykjavík. Vantar íbúð strax. Uppl. í s. 891 7594.

Kk óskar eftir 2-3 herb. Íbúð á Höfuðborgarsvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. Sími 844 6712.

Vantar 4 - 5 herb. íbúð í Garfarholti eða Mosfellsbæ sem allra fyrst í ca. 18. mán. v/byggingaframkvæmda. Erum 2 pör með börn, algjörri reglusemi, góðri umgengni og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. hjá Önnu í síma 8694082 og Guðnýju í síma 6598593.

Reglusamur karlmaður óskar eftir einstaklings íbúð með sér inngangi. Greiðslugeta 40-80 þús. á mán. Skilvísum greiðslum heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 898 3580.

Reglusöm lítil fjölsk. Óskar eftir 1 til 2 herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu frá 1. sept. til 15 okt. '07 helst með húsgögnum og interneti. Uppl. í s. 899 8186.

Reyklaust par í HÍ óskar eftir íbúð í pnr. 101, 105 eða 107. Greiðslugeta 60-70.000. Atli s:869-6984

Atvinnuhúsnæði

Lagerhúsnæði
Óskum eftir lagerhúsnæði til leigu eða kaups 300-500 fm. Verslunartækni, Draghálsi 4 Sími /5351300 Sigurður H Teitsson sht@verslun.is

Til leigu 132 fm iðnaðarhúsnæði við Steinhellu í Hafnarfirði. Laust strax. Mikil lofthæð. Innkeyrsluhurð. Malbikuð lóð. Leiguverð 130 þús + Vsk. Upplýsingar í síma 892-7798.

Til leigu 132 fm iðnaðarhúsnæði við Steinhellu í Hafnarfirði. Laust strax. Mikil lofthæð. Innkeyrsluhurð. Malbikuð lóð. Leiguverð 130 þús + Vsk. Upplýsingar í síma 892 7798.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Pantið tímanlega fyrir húsvagninn
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 p. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p. mán. Fellih. 6.875 p. mán. í 8 mánuði S. 564 6500.

21 fm bílskúr til leigu, í vesturbænum. Leigist sem geymsla. Uppl. í s. 660 1012.

Gisting

Hustdagar í Biskupstúngum. Notaleg sumarhús í fallegur umhverfi laust um helgina. Uppl. í s. 698 9874 eða eyjasol@internet.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára
Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Einnig óskum við eftir manneskju í fullt starf, unnið er 15 vaktir í mánuði og fólk í kvöld og helgarvinnu. Góð vinna með skóla. Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is

Mosfellsbakarí
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 14.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 12:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Einnig vantar helgarstarfsfólk. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.

Atvinna Atvinna
Rúmfatalagerinn Skeifunni óskar eftir að ráða duglegt fólk í afgreiðslu virka daga. Um 50 - 100% vinnu er að ræða. Allar nánari upplýsingar eru veittar á staðnum eða hjá verslunarstjóra í síma 820-8003. Rúmfatalagerinn Skeifunni 13

Atvinna Atvinna
Rúmfatalagerinn Smáratorgi óskar eftir að ráða duglegt fólk í afgreiðslu á kassa Allar nánari upplýsingar eru veittar á staðnum eða hjá verslunarstjóra í síma 820-8004. Rúmfatalagerinn Smáratorgi

Bakaríið Hagamel 67
Óskar eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi. Ekki yngri en 16 ára. Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.

Frístundaheimili
Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Lager-útkeyrsla
Starfsmaður óskast á hjólbarðalager N1, Bíldshöfða. Um er að ræða öll almenn lagerstörf ásamt útkeyrslu. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lórenz Þorgeirsson í síma 440 1250. Einnig er hægt að sækja um starfið á www.n1.is

Verslunarstjóri Serrano í Kringlunni
Serrano leitar verslunarstjóra á veitingastaðinn í Kringlunni

Starfssvið Verslunarstjóra :

- Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum

- Uppgjör

- Afgreiðslustörf

- Umsjón með vöktum

- Pantanir og birgðahald

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum í verslun eða á veitingastöðum

- Viðkomandi verður að vera mjög þjónustulundaður

- Viðkomandi verður að vera sterkur í mannlegum samskiptum.

- Reynsla af rekstri mikill kostur.
Vinsamlegast sendið umsóknir á einar@serrano.is. Allar nánari upplýsingar veitir Einar Örn í síma 896-9577 eða á einar@serrano.is

Tapas barinn óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús. Reynsla æskileg. Vaktavinna. Upplýsingar á staðnum á milli 12-18.

Keiluhöllin Öskjuhlíð
Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu, 100% staða. Óskum einnig eftir fólki í hlutastarf, kvöld og helgarvinna.
Upplýsingar í síma 617 2929 og keiluhollin.is

Nýr og glæsilegur skemmtistaður
Nýr og glæsilegur skemmtistaður óskar eftir hressu og duglegu starfsfólki. Í boði er bæði dag og kvöldvinna. 100% stöður. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Áhugasamir hafi samband við Rakel í s. 617 8610 & rakel@rubin.is

Veitingahúsið Nings
Óskar eftir í bílstjórum í kvöld- og helgarvinna.
Upplýsingar í síma 822 8870 og einnig inn á www.nings.is

Góður vinnutími-Verksmiðjustarf
Óskum eftir að ráða fólk til hefðbundinna verksmiðjustarfa í verksmiðju okkar. Góð vinnuaðstaða, góður vinnutími (8-16) og laun sem taka mið af samningum og starfsreynslu. Við erum framsækið fyrirtæki í örum vexti með fjölbreytta starfssemi og getum boðið möguleika á framtíðarstarfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Hafir þú áhuga sendu þá tölvupóst með upplýsingum um fyrri störf á póstfangið verksmidja2@katla.is

Good workinghours and conditions
We wish to hire people to work in our factory. We offer excellent conditions, very good workinghours (8-16) and wages that take previous experience into consideration. Our company is a well established and in constant expansion. We offer security and a job for the future.
If you are interested please contact me Raymond on GSM 867 5874 or send me an e-mail with information about your interests and exsperience at verksmidja2@katla.is

Skólavefurinn
Skólavefurinn leitar að kröftugum einstaklingum í úthringiátak. Unnið er á kvöldin á virkum dögum. Hentar vel fyrir skólafólk. Góð laun í boði.
Sendið umsóknir á skolavefurinn@skolavefurinn.is. Uppl. í s. 551 6435.

Vaktstjórar
Skeljungur hf. óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Shell Laugavegi, Shell Birkimel og Select Vesturlandsvegi. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu ásamt yfirumsjón með vaktinni auk uppgjörs. Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000 eða stöðvarstjóri á staðnum. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.

Næturvaktir
Skeljungur hf. óskar eftir að ráða starfsfólk á næturvaktir á Select Bústaðavegi, Select Smáranum og Select Suðurfelli. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu en unnið er frá kl. 23:30 - 7:30. Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000 eða stöðvarstjóri á staðnum. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.

Útiþjónusta
Skeljungur hf. óskar eftir að ráða starfsmenn í útiþjónustu á Select Vesturlandsvegi og Shell Birkimel. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu. Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000 eða stöðvarstjóri á staðnum. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á viðkomandi stöð.

b5 Bankastræti
Óskum eftir starfsfólki í sal og á bar, umsóknir ásamt mynd berist á b5@b5.is.

Furðufiskar ehf
Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veislujónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við. Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.
Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík

Söluturninn JOLLI Hafn
Ert þú ekki að fara í skóla í vetur? Þá er þetta rétta vinnan fyrir þig. 100% dagvinna í boði. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Umsóknareyðublöð á staðnum

Aktu Taktu
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

Ruby Tuesday Skipholti
Leitum eftir að ráða góða starfskrafta við afgreiðslu í sal og eldhús Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Umsóknareyðublöð liggja frammi í Skipholti 19 eða senda umsóknir á haukur@ruby.is

Málarar óskast
Vantar menn vana spörslun og málun, næg vinna framundan. Upplýsingar veitir Kristján í síma 861 0006.
KJ Málun ehf.

Skalli Hraunbæ Aukavinna+dagvinna
Vantar hresst og duglegt fólk í kvöld og helgarvinnu í vetur. Einnig vantar starfsmann í dagvinnu frá 9-14 virkadaga góð laun. Lágmarksaldur 17.ára. Uppl. í s. 567 2880 milli 14-17 alla virka daga

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfsfólki til afgreiðslustarfa í verslunum sínum. Helga gefur frekar upplýsingar í síma: 699-5423

Ritfanga- og leikfangaverslun
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com merktar „bók".

Heildverslun óskar eftir sölufólki strax, reynsla æskileg, Bíll til umráða nauðsynlegt, til að byrja með. Umsóknir sendist á ffc@simnet.is eða á fax 561 0708.

American style Hafnarfirði
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is

Bakari og aðstoðarmaður óskast
Óskum eftir að ráða bakara og aðstoðarmann til starfa í bakarí í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 & 820 7370.

Landbrot hf.
Vantar meiraprófsbílstjóra. Uppl. í s. 893 7320 & 578 1700.

Vélstjórar, Sjómenn. Vélstjóra og vana sjómenn vantar á línuskip Þorbjarnar hf. Upplýsingar í síma 4204400 og 8986825

Vélvirki og aðstoðarmenn óskast
Fjölbreytt og skemmtileg störf í góðu umhverfi handa mönnum með sjálfstæða hugsun og metnað til að gera vel. Umsóknir óskast sendar á netfangið magnus@velvik.is

ATVINNA

www.netto.is

Skrifstofustarf

Nettó Mjódd leitar að aðstoðarmanni á skrifstofu.
Vinnutími frá kl. 8.30 - 14.00

Frekari upplýsingar veitir verslunarstjóri á staðnum

nettó
Mjódd Reykjavík

Barnafataverslun.
Ósk eftir góðum starfsm. í hlutastarf. Reyklaus. S. 694 2171.

Starfsfólk óskast í afgreiðslu. Vinnutími frá kl 9-17:30 Einnig vantar skólafólk, eldra en 16 ára í létt hlutastörf. Umsóknir berist til augl. deildar fréttablaðsins eða á smaar@frett.is merktar: ehf

Vanan sjómann vantar strax á 80 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Fyrirtæið Tandurhreint óskar eftir umboðsaðila. Áhugasamir hafið samband í síma 694 8427.

Borgargrill óskar eftir fólki í dagvinnu. Góð laun í boði. Upplýsingar í símum 820-5851 og 695-6869.

Málarar
Málarar vanir málningarvinnu framtíðarvinna fyrir rétta menn. Áferð ehf. Uppl. í síma 696 5656 eða aferd@aferd.is

Ráðningarþjónusta Sjávarútvegsins.
Allar frekari upplýsingar á nordicsailor.com og í síma 615 0250. Fyrir umsóknir er hægt að hafa samb. á skrifstofutíma alla virka daga í s. 615 0250.

Strák í öðrum bekk sem er að byrja í Hólabrekkuskóla vantar hressan og ábyrgan stuðningsaðila þar sem hann er í hjólastól. Uppl. gefur skólastjóri í síma 557 4466.

Au-pair óskast til USA (NY). Eldri en 20 ára. Uppl. í s. 869 3696 e. kl. 17.

Smiður vanur mótauppslætti óskast í vinnu í Kópavogi uppl í síma 8972107

POSZVKVJEMY LUDZI CHETNYCH DO PRACY WYMAGNA ZNAJOMOSÖ ANGIELSKIEGO I AKTVALNE PRAWO JAZDY TELEFON 8638855 MAIL: husfelag@husfelag.is

Borgarvirki óskar eftir að ráða starfskraft til að sjá um mötuneyti fyrir 10 manna vegagerdaflokk. Ráðningatími 2-3 mánuðir. Uppl. í s. 892-8684, Hjálmar.

Vanan háseta vantar á beitingavélabátinn Kristrúnu RE-177 frá Reykjavík. Góðir tekju möguleikar. Uppl. í símum 852-3089 og 892-5372.

Verkfag ehf.
Poszukuje ludzi do napraw w mieszkaniach.Najlepiejz doswiadczeniem i znajomoscia jezyka islandzkiego lub angielskiego informacje pod numerem. Yórei 690 9855.

Gröfumenn/Vélstjórar/Stýrimenn
Óskum eftir vélstjóra og stýrimanni með vinnuvélaréttindi. S. 843 5640.

Vantar starsfólk sem fyrst í afleysingar við ræstingar í Reykholti Biskupstungum til ca miðjan október.Húsnæði á staðnum. Hentar vel fyrir tvo að vinna þetta. Upplýsingar 8673571-8959500 gljasteinn@visir.is

Óskum eftir starfsfólki!
Starfsfólk óskast í sal á veitingastaðina Banthai og Na Na Thai sem fyrst. Viðkomandi verður að tala íslensku. Uppl. í s. 896 3536.

Framtíðarstörf - móttaka og afgreiðsla
Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa á pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulunduðu starfsfólki sem geta hafið störf fljótlega. Nánari upplýsingar gefa Heiða í síma 580-1263 og Herdís í síma 580 1128. Umsóknum skal skilað til: Íslandspóstur hf. Stórhöfða 29 110 Reykjavík Merkt: Afgreiðslustarf. Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?
Útvegum starfsfólk frá Pólland í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

Verkamaður óskar eftir vinnu. Sími 848 5071.

Viðskiptatækifæri

French underwear manufacturer
Looking for an agent in Iceland to sell and distribute our collection, underwear, beachwear, pantyhose, T-shirts and jeans. All CV must be sent by mail to darmen-dk@hotmail.com

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Celebrity.is
Núna 17.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

Matseld.is
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

Saumó og VHS. Komið ykkur í gírinn... Grrr... Helgi framundan Knúsubangsinn

Einkamál

18plús.is.
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

GEYMSLUHÚSNÆÐI

Vetrargeymsla í Skagafirði
Erum með geymsluhúsnæði fyrir hjólhýsi, tjaldvagna og fleira í vetur.
Tekið á móti í sept.
Áhugasamir hafið samband í síma 823 1059.

FASTEIGNIR

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

RAUÐAMÝRI - MOSFELLSBÆ

Frum

Laus við kaupsamning. Glæsileg 113,4 fm 3ja herbergja íbúð á 3 hæð (302) með bílastæði í bílakjallara, á einstökum útsýnisstað við Úlfarsfellið. Íbúðin er með sér inngangi af svölum. Íbúðin er fullbúin án gólfefna . Allar innréttingar eru fyrsta flokks frá HTH (Ormsson) og AEG tæki í eldhúsi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf. Gólfhitakerfi af fullkomnustu gerð. Að utan er húsið einangrað og klætt með áli og álklæddir gluggar, allt fyrsta flokks. **V. 26,6 millj.**

Nánari upplýsingar veitir Svenni sími 866 0160.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

HÁRSNYRTIFÓLK

Óskum eftir hársnyrtifólki. Sveigjanlegur vinnutími. Upplýsingar á staðnum.

Wink
Smiðjuvegi 1 • s. 544 4949

Háseti óskast

Vanann háseta vantar á línuskipið Kristínu GK-157

upplýsingar í síma 8631901 og 4205700.

Vísir hf

NÁMSKEIÐ

Jöfnunarstyrkur til náms

- Umsóknarfrestur er til 15. október 2007 -

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem verða að stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem verða að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is).

Umsóknarfrestur vegna skólaársins 2007-2008 er til **15. október nk.** Sækja má um styrkinn á heimasíðu LÍN. Móttaka umsókna hefst í september nk.

Lánasjóður íslenskra námsmanna
Námsstyrkjanefnd

Egilshöllin Björninn

Skautafélagið Björninn Egilshöll
www.bjorninn.com

SKAUTANÁMSKEIÐ

hefst 1. september 2007.

Skemmtilegar listskautaæfingar fyrir allar hressar stelpur og stráka
Sér hópur fyrir unglinga

Æfingar í Egilshöll á laugardögum frá:

kl. 12:05-12:45 á ís
kl. 12:55-13:40 af ís

Skráning laugardaginn 1. sept. milli kl. 10:00-12:00 og mánudaginn 3. sept. milli kl. 16:00-17:00 í Egilshöll 3. hæð

Hreysti – Gleði – Vellíðan – Hreyfing – Styrkur – Samhæfing

ævintýri alla daga

Deildarstjóri, leikskólakennarar og annað starfsfólk

óskast í leikskólann Rauðuborg, Viðarási 9

Leikskólinn er í fallegri náttúru við Rauðavatn. Leikrými eru opin þar sem börn og fullorðnir vinna saman í leik og starfi.

Vertu með í leiknum og taktu þátt í að byggja upp gott uppeldisstarf með hæfileikaríkum börnum.

Verið velkomin í heimsókn í Rauðaborg eða hafið samband í síma 567-2185.

Lærum saman í leik

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

„MAÐUR ER ALLTAF AÐ LEIKA SÉR Í VINNUNNI"

Frístundaheimili ÍTR óska eftir starfsfólki sem getur tekið þátt í að stýra starfi með 6-9 ára börnum á eftirfarandi sviðum:

- List- og verkgreinar, s.s. tónlist, myndlist, leiklist, smíði, textíl
- Íþróttir og leikir, s.s. útileikir, innileikir
- Útivist og umhverfismennt, s.s. gönguferðir, náttúruskoðun
- Barnalýðræði og lífsleikni, s.s. hópastarf, barnafundir, lesa sögur, vinátta og samvera

Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi en starfshlutfall og vinnutími getur verið sveigjanlegt

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is

Gerðu hagstæð innkaup í Nettó

1.128 kr/kg, áður 2.256 kr/kg
Ísfugls kjúklingabringur án skinns

398 kr/kg, áður 699 kr/kg
Matfugls ferskur heill kjúklingur

196 kr/kg, áður 418 kr/kg
Goða saltkjöt

349 kr/pk, áður 499 kr/pk
Frechetta Italiano, 2 stk í pakka

88 kr/fl
Egils Pepsi Max, 2l

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SÍA Umbrot: Vikurfréttir

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 30. ágúst – 2. sept. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Blekkingar stjórnvalda

UMRÆÐAN
Komandi kjarasamningar

GUÐMUNDUR GUNNARSSON

Því hefur verið ákaft haldið að launamönnum að það sé frábæru starfi ríkisstjórna undanfarinna ára að þakka hversu gott allir hafi það. Hið eina sem verkalýðshreyfingin hafi áorkað sé stutt verðstöðvun á árinu 1990, kölluð Þjóðarsátt. Þessu til áréttingar var fenginn hingað nóbelsverðlaunahafi Edward C. Prescott, sem er þekktur frjálshyggjumaður, auk tveggja annarra.

Prescott var kynntur sem sérfræðingur í skattamálum og var í fjölmiðlum með forsætisráðherra, þar sem þeir sögðu að við skiluðum ekki nægilega löngum vinnudegi. Því fer fjarri að Prescott hafi fengið verðlaunin fyrir þekkingu sína í lækkun skatta eins og haldið var fram, það var fyrir stærðfræðilegt líkan af hagsveiflum. Prescott hefur einungis skrifað eina fræðigrein um samband skatta og vinnutíma og hún hefur verið harkalega gagnrýnd.

Prófessorar við Harvard og MIT hafa rannsakað mismunandi vinnutíma í vestrænum þjóðfélögum mun meira en Prescott og kannað skýringargildi annarra þátta en skatta. Niðurstöður eru að skattar skýri aðeins lítinn hluta af breytilegu vinnumagni þjóða, það sé styrkur og skýr stefna launþegahreyfinga sem skipti þar öllu máli ásamt umfangi velferðarríkja og tekjuskipting.

Sé litið til fullyrðinga Prescotts þá ættu Íslendingar að vinna mun minna en Bandaríkjamenn, við greiðum hærri skatta. Við vinnum hins vegar meira, sé miðað er við atvinnuþátttöku og meðalvinnutíma. Norðurlandabúar ættu að vinna minna en aðrir í Evrópu en atvinnuþátttaka þeirra er mun meiri en hjá öðrum Evrópumönnum og meiri en í Bandaríkjunum.

Grein Harvard-manna er að finna á: http://econweb.fas.harvard.edu/hier/2005papers/HIER2068.pdf. Í niðurstöðum kemur fram að hver vinnandi einstaklingur í Bandaríkjunum vinni að meðaltali 25,1 vinnustund á viku en í Þýskalandi er meðaltalið 18,6 vinnustundir. Bandaríkjamaðurinn vinnur að meðaltali 46,2 vikur á ári en Frakkinn 40 vikur. Gögn, sem byggja á athugunum á vinnutilhögum, benda til þess að skattar útskýri aðeins lítinn hluta þessa munar.

Harvard-menn styðja með rökum kenningar um að sterk verkalýðshreyfing á evrópskum vinnumarkaði sé meginástæða munarins á milli Bandaríkjanna og Evrópu. Í byrjun áttunda áratugarins voru vinnustundir álíka margar í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Nú eru þær næstum 50 prósentum færri í Evrópu en Bandaríkjunum. Hver vinnandi einstaklingur í Bandaríkjunum vinnur að meðaltali 46,2 vikur á ári, í Frakklandi eru þær 40,5 og í Svíþjóð 35,4. Bandaríkjamenn vinna nú álíka mikið og árið 1970 en Evrópubúar vinna mun minna. Fræðimenn og stefnumótendur hafa upp á síðkastið beint sjónum að fækkun vinnustunda í Evrópu. Aðalniðurstaðan er sú að ef skattar væru eini munurinn á Bandaríkjunum og Evrópu þyrfti sveigjanleiki framboðs á vinnuafli að vera mun meiri.

Hér skipta máli áhrif verkalýðsfélaga í kjölfar áfalla innan atvinnugreina eins og þeirra sem áttu sér stað í Bandaríkjunum og Evrópu á 8. og 9. áratugnum. Ef framboð á vinnuafli fer upp á við fjölgar slíkt vinnustundum. Þar sem samdáttur er í hagkerfi þar sem verkalýðsfélög eru til staðar, hefur slíkt leitt til fækkunar vinnustunda. Við sama áfall í hagkerfi án verkalýðsfélaga fjölgar vinnustundum.

Nú er boðað til nýrrar ráðstefnu þar sem mætir „Houdini hagfræðinnar“, Arthur Laffer, sem er heimsþekktur fyrir „Voodoo Economics“, um hvernig við græðum öll á því að skattar á fyrirtæki og fjárfesta verði lækkaðir. Í Bandaríkjunum á 9. áratugnum leiddi þessi stefna til þess að allur afrakstur hagvaxtarins rann til tekjuhæsta hópsins og fjárfesta, verkafólk sat uppi með kauplækkun og lengri vinnutíma.

Laffer heldur því fram að ef skattprósenta á tekjur einstaklinga væri 0% fengi ríkissjóður engar tekjur. Ef skattprósentan væri 100% af tekjum, þ.e. ef launþeginn fengi ekkert fyrir vinnu sína, hyrfu tekjur ríkissjóðs. Það veit enginn hvar við erum stödd á Laffer-kúrfunni. Hvað gerist þegar skattprósentan er hækkuð og fer yfir það gildi sem gefur ríkissjóði hæstar tekjur þannig að tekjur lækka við frekari hækkun prósentunnar? Viss störf munu leggjast af, sum flytjast til annarra landa og önnur hverfa undir yfirborðið og fólk fer að koma sér hjá því að greiða skatta. Ekki er hægt að meta hvar hámarkið er á kúrfunni og það er háð efnahagsástandi og skattlagningu í öðrum löndum.

Ef koma á í veg fyrir kollsteypu í efnahagsmálum í kjölfar mikilla hækkana í komandi kjarasamningum, þá verða stjórnvöld að taka til við að stjórna efnahagskerfinu. Byrja á því að taka gjaldtöku bankana og vextina í gegn og nái verðlagi nauðsynjavara niður á evrópskt plan.

Höfundur er formaður Rafiðnaðarsambands Íslands.

Landsþing SUS

UMRÆÐAN
Stjórnmál

EINAR BJÖRGVIN SIGURBERGSSON

RÚNAR INGI EINARSSON

Landsþing Sambands ungra sjálfstæðismanna verður haldið á Seyðisfirði um miðjan næsta september. Þangað munu því streyma fulltrúar félaga ungra sjálfstæðismanna frá landinu öllu. Liggur fyrir þinginu það vandasama verkefni að velja forystu fyrir SUS næstu tvö árin sem og að móta stefnu sambandsins.

Hægt væri að ætla að fáum verkefnum væri lengur að sinna fyrir unga sjálfstæðismenn; búið er að einkavæða mörg gömlu ríkisfyrirtækin, atvinnuleysi í sögulegu lágmarki, bankarnir sem áður voru í eigu ríkisins skila gríðarlega miklum hagnaði sem samanlagt skilar inn skatttekjum nægilegum til að fjármagna allt menntakerfið í landinu. Einnig hefur kaupmáttur og almenn lífskjör aldrei verið betri. Þrátt fyrir þennan góða árangur sem ungir sjálfstæðismenn hafa í gegnum tíðina barist fyrir eru næg verkefni eftir. Forsjárhyggjan virðist sjaldan vera langt undan og það sjást þess dæmi um að hún sé ennþá víða að skjóta rótum. Nýverið ályktuðu stjórnmálaflokkarnir gegn komu hóps hingað til lands eingöngu vegna þess að hópurinn var ekki þeim að skapi, veitingahúsafólki var skylt að banna reykingar á veitingastöðum sínum og nú nýverið vildi borgarstjóri hefta aðgang fólks sem býr í miðbænum til að kaupa sér áfengi úr áfengisverslun. Útgjöld ríkisins hafa einnig vaxið jafnt og þétt og útþenslu þess virðast fá takmörk sett.

Þegar menn lenda frammi fyrir vandamálum eða skortir peninga til að sinna áhugamáli sínu er iðulega fyrst leitað til ríkisins til lausnar, kvartað er undan skorti á lögum og reglugerðum, nauðsynlegur stuðningur skattgreiðanda sé ekki fyrir hendi og svo má lengi telja. Sú framtíðarstefna sem kemur til með að mótast í vinnuhópum fyrir þingið og á þinginu sjálfu mun koma til með að hafa áhrif á þingmenn, borgar- og bæjarfulltrúa og aðra trúnaðarmenn flokksins. Þeir eiga, nú sem hingað til, að vita að með þeim er fylgst, og að SUS mun hafa með þeim virkt aðhald, hrósa fyrir það sem vel er gert og lasta það sem ekki hefði átt að gera.

Þórlindur Kjartansson hefur lýst yfir framboði til formanns SUS. Í gegnum tíðina hefur oft myndast ákveðin togstreita í kringum forystu SUS og því er það að okkar mati fagnaðarefni að Þórlindur skuli gefa kost á sér. Undirritaðir vita að Þórlindur er afar hæfileikaríkur og trúa því að hann sé mjög vel til þess fallinn að leiða starfið í SUS á nýja og gæfuríka braut og sameina krafta ungra sjálfstæðismanna til framtíðar. Eins mun reynsla hans sem fyrrum ráðgjafi forsætisráðherra, blaðamaður o.fl. ekki síst gagnast honum í því starfi.

Undirritaðir styðja báðir Þórlind í framboði hans til formanns SUS enda mun reynsla hans og drifkraftur reynast sambandinu mikill fengur nái hann kjöri.

Einar Björgvin er laganemi og Rúnar Ingi situr í stjórn Heimdallar.



Það verður að bæta kjör eldri borgara strax

UMRÆÐAN
Kjör aldraðra

Um þessar mundir er rúmt ár liðið frá því, að þáverandi ríkisstjórn og Landssamband eldri borgara gerðu með sér umdeilt „samkomulag“ um lífeyrismál aldraðra og um hjúkrunar- og búsetumál. Ég taldi þetta samkomulag mjög lélegt og gagnrýndi það harðlega. M.a. sagði ég svo um málið í blaðagreinin: Fengu hungurlús í hækkun.

Mikil eftirvænting ríkti hjá mörgum eldri borgurum 1. ágúst, þegar launaseðlar Tryggingastofnunar ríkisins bárust þeim. Það var búið að tala svo mikið um það í fjölmiðlum, að ellilaunin mundu stórhækka, að aldraðir áttu von á góðum glaðningi. Morgunblaðið sagði með stríðsletri þvert yfir forsíðu 20. júlí: Þetta er veruleg aukning bótagreiðslna. Það var því von, að eldri borgarar ættu von á góðum glaðningi. En hvað kom upp úr launaumslögunum? Jú, 1.258 krónur. Von að Pétur Guðmundsson (LEB) segði í viðtali við NFS um hækkunina: Það er ekki hægt að hrópa hátt húrra fyrir henni. Þetta var hækkunin sem hinn dæmigerði ellilífeyrisþegi fékk.

Hvernig mátti þetta vera? Jú, það var eingöngu hækkun á grunnlífeyri, sem flestir fengu. Grunnlífeyririnn var hækkaður í 24.131 krónu á mánuði. Þetta er sú upphæð sem dæmigerður ellilífeyrisþegi fær frá Tryggingastofnun eftir að hafa greitt háa skatta til samfélagsins á langri starfsævi. Síðan er tekinn skattur af þessari hungurlús. Dæmigerður ellilífeyrisþegi sem er í lífeyrisjóði fær enga tekjutryggingu eða mjög skerta. (Á Norðurlöndum heldur hann óskertum bótum almannatryggingaþrátt fyrir tekjur úr lífeyrissjóði.)

Ellilífeyrisþegum hafði verið lofað 15.000 kr. hækkun á mánuði eins og launþegar höfðu fengið samkvæmt samkomulagi aðila vinnumarkaðarins en þegar til átti að taka voru það aðeins þeir sem voru á strípuðum bótum almannatryggingu, um 400 manns, sem fengu fullar 15 þúsund krónur. Þannig var framkvæmdin.

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Gerir Samfylkingin betur?

Nú er komin ný ríkisstjórn. Samfylkingin hefur sest í stjórn en hún lofaði miklum kjarabótum til handa eldri borgurum í kosningabaráttunni. Ekkert hefur gerst í þeim málum enn. Samfylkingin ræður þessum málum að vísu ekki ein. Samstarfsflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, hefur einnig eitthvað um þessi mál að segja. Fram að áramótum fer Sjálfstæðisflokkurinn með málefni almannatryggingaog hjúkrunarheimili aldraðra en almannatryggingar og málefni aldraðra flytjast til félagsmálaráðuneytis um áramótin, þ.e. frá Guðlaugi Þór til Jóhönnu Sigurðardóttur. Óskiljanlegt er hvers vegna þessi breyting var ekki látin eiga sér stað við stjórnarmyndunina. Ég blæs á þá skýringu, að breyting sem þessi sé svo tímafrek af tæknilegum ástæðum. Málefni ráðuneyta hafa oft áður verið flutt milli ráðuneyta án þess að það hafi þurft að taka marga mánuði. En það gildir aldraða einu hver fer með málefni þeirra. Aðalatriðið er að kosningaloforðin séu efnd og kjör þeirra bætt.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins er skýrt tekið fram að bæta eigi kjör eldri borgara. Þetta er orðað þannig, að styrkja eigi stöðu aldraðra. Einnig er talað um að bæta eigi kjör þeirra, sem minna mega sín, og vinna að auknum jöfnuði. Þetta eru falleg orð og gætu staðið í stefnuskrá jafnaðarmanna. Spurningin er aðeins sú hvernig fer með framkvæmdina. Það er alla vega komið í ljós, að ríkisstjórnin telur ekkert liggja á í þessum efnum. Ríkisstjórnin virðist ekki átta sig á því, að hjá eldri borgurum er tíminn mjög dýrmætur. Þess vegna liggur á aðgerðum. Á sumarþinginu var engin tillaga frá ríkisstjórninni um hækkun á lífeyri aldraðra. Eina tillagan var um að 70 ára og eldri gætu verið á vinnumarkaðnum án þess að sæta skerðingu tryggingabóta. 67-70 ára sæta áfram skerðingu bóta almannatryggingaa.

Sögðu stjórnmálamenn svíkja loforðin!

Fyrir síðustu kosningar var mikil ólga meðal eldri borgara vegna slæmra kjara þeirra. M.a. af þeim sökum voru þeir alvarlega að íhuga sérframboð og var undirbúningur þess langt kominn þegar hætt var við það. Ein aðalástæðan sem eldri borgarar nefndu sem rökstuðning fyrir sérframboði var sú, að ekki væri unnt að treysta stjórnmálaflokkunum. Þeir lofuðu alltaf öllu fögru fyrir kosningar en sviku það síðan eftir kosningar. Mér þótti slæmt að heyra þetta sem fyrrverandi stjórnmálamaður á sviði sveitarstjórnarmála. Ég reyndi því að bera í bætifláka fyrir stjórnmálamennina. En nú þegar ekkert gerist í kjaramálum aldraðra rifjast upp fyrir mér fullyrðingar eldri borgara frá því fyrir síðustu kosningar: Þeir svíkja þetta allt saman. Ég vona, að þetta reynist ekki rétt. Ég vona, að stjórnmálamenn afsanni þá fullyrðingu, að þeir svíki alltaf kosningaloforðin. En þá verða þeir að láta hendur standa fram úr ermum. Það gengur heldur ekki að draga málin á langinn. Það er ekki eftir neinu að bíða. Eldri borgarar þurfa aðgerðir nú þegar. Það verður að bæta kjör eldri borgara strax.

Höfundur er viðskiptafræðingur.

Ljósanótt á Ránni í Reykjanesbæ
29. ágúst - 1. september
RÁIN BAR•RESTAURANT•CAFÉ
Hafnargata 19 - Keflavík
www.rain.is - rain@rain.is
Tel: 421 4601
Fimmtudagskvöld:
Tónleikar
Blúsmenn Andreu Gylfadóttur
kl. 21:00
Föstudagskvöld :
Sögur af Suðurnesjum
Vignir Bergmann
kl. 22:00
Dansleikur með
hljómsveit
Rúnars Júlíussonar
kl. 23:30
Laugardagskvöld:
Kaffihlaðborð,
kl. 15:00 - 17:00
Hátíðarhlaðborðið Ljósin í berginu.
kl. 18:00
Skemmtidagskrá
Örn Árnason og Jónas Þórir
kl. 22:00
Dansleikur með
hljómsveitinni
Vítamín
kl. 23:30
Glæsilegur matseðill öll kvöld, matreiðslumaður Daníel Sigurgeirsson
Forsala er hafin í síma 421 4601

†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Guðbjargar Magneu Jónsdóttur

er lést 10. ágúst 2007.

Guðjón Skagfjörð Jóhannesson

Jón Þórens Sigurjónsson **Rósa Arngrímsdóttir**
Róbert Sigurjónsson **Aðalheiður Guðmundsdóttir**
Vignir Sigurjónsson **Fjóla Tyrfingsdóttir**
Grétar Skagfjörð Guðjónsson **Sudwan Sonpukdee**
Magnea Skagfjörð Guðjónsdóttir
Þorleifur Guðjón Guðjónsson
Gísli Þorberg Guðjónsson **Kolbrún Ósk Þórarinsdóttir**
börn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma okkar,

Steinunn Jana Sigurey Guðjónsdóttir

lést fimmtudaginn 23. ágúst á hjúkrunarheimilinu Sólvangi. Jarðarförin fer fram miðvikudaginn 5. september frá Hafnarfjarðarkapellu, kirkjugarðinum Hafnarfirði kl. 15.00.

Jóna S. Jóhannsdóttir **Kristinn E. Guðnason**
Jóhann A. Kristinsson **Lina Foeng**
Vigfús Þór Kristinsson
Davíð Már Frímannsson

†

Ástkær faðir okkar,

Guðmundur J. Kristjánsson
veggfóðrara- og dúklagningameistari,
Bakkagerði 12, Reykjavík,

sem andaðist miðvikudaginn 22. ágúst á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju, föstudaginn 31. ágúst kl. 13.00.

Guðni Guðmundsson **Guðný Hákonardóttir**
Örn Guðmundsson **Svava Eiríksdóttir**
Áslaug Guðmundsdóttir **Þorvarður Jón Guðmundsson**
Þórlaug Guðmundsdóttir **Baldvin G. Heimisson**
Albert Guðmundsson **Ingibjörg Júlíusdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Þökkum af alhug samúð og stuðning við andlát og útför móður okkar,

Guðrúnar Jónsdóttur
frá Möðruvöllum 1, Kjós.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar, deild 2.

Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður Guðmundsson
og aðstandendur.

†

Lokað

Skrifstofa okkar verður lokuð frá kl: 11:00 fimmtudaginn 30. ágúst vegna jarðarfarar Rolfs Johansen stórkaupmanns.

RJC ROLF JOHANSEN & COMPANY

CHARLES BRONSON LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2003

„Ég á enga vini, en ég á þúsundir kunningja. Enga vini. Ég hugsaði sem svo að ég ætti eiginkonu og börn.“

Bandaríski leikarinn Charles Bronson var erkitýpa hins veðurbarða og fámála töffara. Vegna vöðvastælts líkama síns var hann oftast valinn í hasarmyndir, þar sem hann barðist ber að ofan. Bronson var sönn táknmynd kvikmyndaiðnaðarins; gagnrýnendur höfðu fátt gott um hann að segja en hann var dýrkaður af áhorfendum um allan heim. Síðustu ár ævi sinnar þjáðist hann af Alzheimers og lést úr lungnabólgu 81 árs gamall.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 30. ÁGÚST 1720

Jón Vídalín andaðist

Þennan dag árið 1720 lést Jón Þorkelsson Vídalín Skálholtsbiskup þar sem hann var á ferðalagi um Kaldadal á Uxahryggjarleið.

Jón stundaði nám í heimspeki og guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla og þótti manna lærðastur og mikið gáfumenni. Hann var talinn besta latínuskáld sinnar samtíðar og afburða kennimaður, skörungur í prédikunarstóli og einstakur mælskusnillingur. Þekktasta rit Jóns er Vídalínspostilla sem ætluð var til húslestrar með einni prédikun fyrir hvern hátíðisdag ársins og hafði mikil áhrif á íslenska menningu, trúarlíf og bókmenntir, allt fram á 20. öld.

Ásamt Hallgrími Péturssyni var Jón einn helsti fulltrúi lúthersku rétttrúnaðarstefnunnar á Íslandi.

Því miður auðnaðist Jóni ekki að vera þjóðinni biskup nema í tvö ár og var aðeins 54 ára þegar hann andaðist á fjöllum. Dánarstaður hans var í kjölfarið kallaður Biskupsbrekka og hefur þar verið reistur kross til minningar um Jón og þennan dapurlega atburð.

HELENA ÓLADÓTTIR: KENNIR BÖRNUM AÐ UNNA NÁTTÚRU Í GRASAGARÐINUM

Fuglasporaleit með vasaljósi

„Grasagarðurinn er góð kennslustofa og við höldum því fram að hægt sé að kenna allt námsefni utandyra. Þótt náttúrufræðigreinar henti auðvitað best er enginn vandi að kenna kjarnagreinar eins og íslensku, stærðfræði, erlend tungumál, sögu, kristinfræði eða siðfræði utandyra; í skógum, fjörum, mólendi eða hvar sem er úti,“ segir Helena Óladóttir, verkefnastjóri Náttúruskóla Reykjavíkur, sem í vetur býður upp á útikennslu í Grasagarði Reykjavíkur í Laugardal. Náttúruskólinn er þriggja ára þróunarverkefni menntasviðs, umhverfissviðs og leikskólasviðs Reykjavíkur í samstarfi við Landvernd og Skógræktarfélag Reykjavíkur.

„Náttúruskóli er mjög tengdur skógarumhverfi í Skandinavíu; kannski af því skógar eru eina ósnortna umhverfið sem Norðurlöndin eiga eftir í nágrenni þéttbýla. Á síðustu árum hefur krafa skólasamfélagsins aukist um að sinna þessum náttúruþætti með börnum, fara með þau út úr skólastofunni og gefa þeim tækifæri til að tengjast umhverfi sínu á betri hátt, en verkefnið snýst um að hvetja og virkja kennara til að kenna utandyra, auk þess sem útikennsla styrkir tengsl nemenda við umhverfi sitt og vekur með þeim virðingu fyrir því,“ segir Helena, sem tekur á móti börnum frá fimm og upp í níu ára í Náttúruskólann í Grasagarðinum.

„Grasagarðurinn hentar litlum börnum vel því þar er notalegt og gott skjól. Börnin mæta klukkan níu á morgnana og eru fram að hádegismat. Þá vinnum við utandyra í einn og hálfan klukkutíma og tökum svo hlé. Í garðinum er býli sem heitir Laugatunga, gamalt hús sem brakar og brestur í, og þar bjóðum við krökkunum upp á te sem er ræktað í garðinum og þeir borða sitt eigið nesti. Eftir það förum við aftur út og vinnum til hádegis,“ segir Helena, sem styðst hvorki við stundatöflur, skólabjöllur, blöð eða bækur.

„Krakkarnir koma undantekningarlaust vel búnir og tilbúnir í slaginn. Fyrri partinn vinna þeir með garðyrkjufræðingi sem fær þá til að aðstoða sig við að taka upp, klippa og skýla plöntum eða finna lirfur, en hans þáttur er árstíðabundinn eftir því sem er að gerast í garðinum. Eftir nestistímann förum við í náttúruleiki og skoðum það sem við finnum í garðinum, förum eftir umhverfisreglum því ekki má slíta gróður né ganga í beðum, og alltaf er hægt að finna eitthvað; laufblöð, greinar, köngla og líka rusl, sem við skoðum vel og flokkum, lærum nöfnin á og leikum með í samstæðu- og minnisleikjum,“ segir Helena, sem nýtur þess að vera í samfélagi við börnin.

„Það er gott að geta gefið krökkum færi á að blómstra sem alla jafnan blómstra ekki í kennslustofunni. Kannski er einhver svakalega duglegur að keyra hjólbörur en getur ekki setið kyrr í skólastofunni og fær loksins tækifæri til að láta ljós sitt skína. Sumir eru mjög vel að sér í plöntum og skordýrum og margt sem kemur á óvart þegar maður er með börnunum úti. Við erum nefnilega ekki í sömu hlutverkum úti og inni í skólastofunni, en þetta er enn ein leiðin til að nálgast nemendur. Við viljum vinna að einstaklingsmiðuðu námi til að allir fái að njóta sín,“ segir Helena, sem þegar snjóa tekur breytir náttúruleikjum barna í Grasagarðinum.

„Þá tökum við fram vasaljós og trömpum form í snjóinn, leitum að fuglasporum eða fræjum, förum í þrautakóng eða skoðum hvort snjór taki meira pláss þegar hann hefur bráðnað í vatn. Það eru forréttindi að eiga dagana með þessum ungu borgarbúum. Maður fær alltaf á tilfinninguna að einhver hafi grætt eitthvað.“ **thordis@frettabladid.is**

Í GRASAGARÐINUM Helena Óladóttir er verkefnastjóri Náttúruskóla Reykjavíkur.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

AFMÆLI

Sigrún Edda Björnsdóttir leikkona er 49 ára.

Hallveig Thorlacius, þýðandi og brúðuleikkona, er 68 ára.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,

Kristján Sverrisson
Garðavegi 6, Hnífsdal,

lést af völdum krabbameins á sjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 24. ágúst. Hann verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju Hafnarfirði föstudaginn 31. ágúst kl. 13.00.

Anna Valgerður Einarsdóttir
Anetta Rut Kristjánsdóttir
Ásgeir Kristjánsson
Eva Margrét Kristjánsdóttir
Linda Marín Kristjánsdóttir
Ísak Þór Kristjánsson
Berglind Kristjánsdóttir
Guðný W. Ásgeirsdóttir **Sverrir Þorsteinsson**
Ásgeir Sverrisson **Unnur P. Stefánsdóttir**
Anna Karen Sverrisdóttir
Rakel Sverrisdóttir
Ríkharður Sverrisson **Auður Pétursdóttir**
Árni Árnasson **Lára Jónsdóttir**
Margrét Haukdal Marvinsdóttir **Einar E. Magnússon**

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

PÓSTLISTINN
bonus.is

BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
898 KR.
Merkt verð 998 KR.

Frosnar EUROSHOPPER kjúklingabringur
EUROSHOPPER kjúklingabringur
1298 KR.
kilóverð

EKKERT BRUDL

Kryddlegnar svínakótelettur
40% afsláttur
við kassann

Svínakótelettur grillkryddaðar
kilóverð nú:
1019 KR.
Merkt verð 1698 KR.

Súkkulaði ís
2 lítrar
179 KR.

Vanilla ís
2 lítrar

Hálf djöflaterta
298 KR.
445g

Dujardin
Jarðarber frosin
129 KR.
Frosin jarðarber 450g

Bónus býður betur!

EUROSHOPPER
grænmeti í kílópakkningum

Frosið grænmeti
kilóverð nú:
198 KR.

Kílópakkning: Brokkolí * brokkolíblanda * grænmetisblanda

Sjáðu verðið!

Stoltið hans Stjána bakara!
40% afsláttur
við kassann
500g
59 KR.
smjörlíki

KF frosin blóðmör
kilóverð nú:
326 KR.
Merkt verð 543 KR.

Innflutt ferskt ungnautahakk
Ferskt innflutt ungnautahakk
859 KR.
kilóverð

Ferskt innflutt ungnautahakk
FERSKAR KJÖTVÖRUR

KF frosin lifrarpylsa
kilóverð nú:
337 KR.
Merkt verð 561 KR.

HEILT KÍLÓ!
26
SNEIÐAR

Kornbrauð
BÓNUS
Kílóbrauð!
98 KR.

STUÐ MILLI STRÍÐA: Hvaða lag má bjóða þér?

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VELTIR SJÁLFHÆLNI FYRIR SÉR

Sjálfhælni hefur mér alltaf þótt einkar skemmtilegt orð. Lýsir vel eiginleika okkar breyskra manna og finnst jafnt hjá stóru köllunum sem og þeim smærri. Auðjöfrar berja sér á brjóst fyrir það að gefa einstæðingunum nokkra kartöflupoka, svínabóg og Ora-baunir fyrir jólin og þeir sem minna hafa milli handanna geta kannski sett upp dýrlingssvip og sagt frá því að þeir hafi gefið einhverri fyllibyttunni nokkra hundraðkalla fyrir samloku í 10-11.

Sjálfhælni getur verið ótrúlega skemmtilegt fyrirbæri og hreinasta dægradvöl að hlusta á sjálfhælnar athugasemdir. Því það er svo misjafnt hvað okkur sjálfum finnst þess vert að flagga. Eldri konu hitti ég um daginn í boði og henni fannst mest um vert að hafa steytt hnefann framan í þá sem buðu henni áfengi um ævina en hún hafði aldrei vætt kverkar sínar með alkóhóli. Þessu sagði hún frá í hvert sinn sem ný manneskja bættist við í boðið. Sem var um það bil 15 sinnum. Annar maður í sama boði þekkti greinilega til nokkurra þekktra manna og kvenna hér í borg. Kannaðist meira að segja við sjálfa Björk Guðmunds og henti nafni þeirra einstaklinga til og frá um stofuna, svo vel heyrðist, í samhengi þar sem hann samtvinnaði sjálfan sig við atburðarásina. Og passaði að kalla viðkomandi einstaklinga gælunöfnum þannig að örugglega skildist að hann væri í innsta hring.

Meistari Megas varð þannig allt í einu orðinn að Magnúsi. Í kjölfarið fór ég að hugsa hvar hælni mín á eigin sjálfi kæmi hvað best fram (þó að ég viti að sjálfur hefur maður aldrei fulla yfirsýn) og sá að alltaf skal ég reyna að leggja snörurnar fyrir þá sem ég vil heilla með píanó- og gítarkunnáttu minni. Bíð jafnvel með þau tromp að leika á flygilinn fram á síðustu stundu í viðkynningu. Og brosi þá breitt. Hæstánægður með sjálfan mig – en reyni auðvitað að kyngja ósjálfráðum svipbrigðunum yfir eigin frammistöðu – líkt og við öll.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Nánari upplýsingar um útsöluvörur og útsöluverð eru á www.tekk.is

FABRIKAN

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAGINN!

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

TEKK
COMPANY

LÖNG HELGI: LAUGARDAG KL. 10-18 OG SUNNUDAG KL.13-18

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

Ríkið hylmir yfir þjófnaði

Ekkert samkomulag er í gildi milli menntamálaráðuneytisins og framleiðenda íslenskra kvikmynda, hvorki leikinna mynda né heimildarmynda, um notkun á þeim í skólakerfinu. Í flestum nágrannalöndum okkar eru í gildi samningar sem heimila kennurum að nýta efni til sýninga í skólum.

Fréttavefurinn Vísir greindi frá því á mánudag að mikil þörf væri á slíkum samningi, en kennarar styðjast við íslenskt myndefni bæði í kennslu í kvikmyndagerð og í bókmenntakennslu. Hefur vefurinn eftir Ragnhildi Richter að þetta ástand valdi miklum erfiðleikum: „Kennarar okkar hafa verið eins og útspýtt hundskinn á eftir leikstjórum og rétthöfum til að fá leyfi til sýninga á myndum þeirra í náminu," segir Ragnhildur, sem er deildarstjóri í íslensku við MH.

Deilur hafa áður sprottið af leyfislausum sýningum á kvikmyndum í kennslu. Fyrir fjölda ára gerði menntamálaráðuneyti samning við Reyni Oddsson en galli var á samningsgerðinni og þrátt fyrir að greiddar væru háar upphæðir til Reynis reyndist

HÖFUNDARRÉTTUR Baltasar Kormákur leikstjóri segir ástandið afar bagalegt.

samningurinn ekki heimila sýningar í skólum. Þá var ráðuneytið dæmt í skaðabætur fyrir fáum árum vegna notkunar á myndum eftir Þorstein Jónsson leikstjóra.

Nú munu vera í gildi samningar um notkun á myndum eftir þá Hrafn Gunnlaugsson og Friðrik Þór Friðriksson. Aðstoðarmaður ráðherra, Steingrímur Sigurgeirsson, segir í viðtali við Vísi að það sé á ábyrgð viðkomandi skóla að höfundarréttur á myndum sem notaðar eru við kennsluna sé virtur og fyrir hann greitt. „Við höfum ekki viljað blanda okkur í hvaða námsefni hver skóli velur,"

HÖFUNDARRÉTTUR Ragnhildur Richter segir kennara í vandræðum með leyfi til sýninga á íslensku kvikmyndaefni.

segir Steingrímur en viðurkennir aðspurður að æskilegast sé að samið sé um málið við alla á einu bretti.

Nýr samningur við kvikmyndagerðarmenn var gerður á síðasta ári. Afnotaréttur til skóla kom til álita í þeirri samningsgerð, segir Baltasar Kormákur, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda. „Það var rætt í samningagerðinni í ráðuneytinu að taka notarétt í skólum inn í samninginn en ráðuneytið gekk ekki eftir því. Ég hef sjálfur mátt fara í skóla og ræða verk mín eftir ólöglega notkun á þeim. Þetta er bagalegt ástand. Það væri eðlilegt að um þetta væri samkomulag."

Á öllum hinum Norðurlöndunum eru í gildi samningar sem veita skólum greiðan aðgang að myndefni, bæði leiknum myndum og heimildarmyndum. Greitt er fyrir notkun. Víða eru í gildi samningar sem veita bókasöfnum álíka réttindi. Innlent kvikmyndaefni gefur margs konar möguleika í kennslu, ekki aðeins í undirstöðu myndlegrar frásagnar, heldur líka í samfélagsfræði, sögu og bókmenntakennslu.

Í tíð Björns Bjarnasonar var ráðist gegn ólöglegri notkun á hugbúnaði sem hér er tekinn ófrjálsri hendi, bæði af stofnunum og einstaklingum.

Rétthafar erlendra kvikmynda hafa gengið hart fram í baráttu gegn niðurhali. Þá sóttu rétthafar texta menntamálaráðuneytið til saka fyrir mörgum árum vegna stuldar á ritverkum með ljósritun í skólum og lyktaði því máli með sátt og réttindagreiðslum þaðan í frá. Innan ríkisstjórnar fer menntamálaráðuneytið með höfundarrétt, rétt eins og málefni kvikmyndaiðnaðarins.

pbb@frettabladid.is

BÓKMENNTIR Dr. Gunni kemur víða við.

Abbababb á bók

Nú eru að hefjast sýningar að nýju í Hafnarfjarðarleikhúsinu á fjölskyldusöngleiknum Abbababb eftir Dr. Gunna og Felix Bergsson.

Dr. Gunni sagði frá því nýlega á vefsíðu sinni að hann ynni nú að bók fyrir börn sem byggði á söngleiknum í samvinnu við Fanneyju Sizemore myndlistarmann. Mun bókin koma út hjá forlagi Veraldar í haust.

Diskur með lögum Dr. Gunna úr verkinu var settur á markað um líkt leyti og verkið var frumsýnt í vetur. Sækir doktorinn því fram á mörgum miðum með þetta hugarafkvæmi þeirra félaga. - pbb

TÓNLIST Jerry Bergonzi kennir í dag.

Spunakennsla

Hinn heimsþekkti saxófónleikari Jerry Bergonzi heldur fyrirlestur í sal Tónlistarskóla FÍH í dag kl. 16. Jerry Bergonzi er talinn einn virtasti fræðimaður djassins í dag. Hann kennir snarstefjun og hefur gefið út bókaröð um það efni. Bergonzi mun á fyrirlestrinum spila tóndæmi á saxófóninn. Fyrirlesturinn er í boði Tónastöðvarinnar sem selur bækur Bergonzis á tilboðsverði.

Bergonzi hefur leikið með og tekið upp diska með fjölda þekktra djassleikara. Varð hann heimskunnur þegar hann lék með Dave Brubeck og sonum. Hann var einnig í kvartetti Brubecks og hljóðritaði með honum þrjár plötur. Jerry Bergonzi er í heimsókn á Jasshátíð Reykjavíkur.

Eru seinni tónleikar hans í kvöld á DOMO bar ásamt tríói Eyþórs Gunnarssonar en tónleikarnir eru samvinnuverkefni Jazzklúbbsins Múlans og Jasshátíðar Reykjavíkur. - pbb

KVIKMYNDIR Heimildarmynd um Thelonius Monk er sýnd í dag og á morgun.

Monk í mynd

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík sýnir í samstarfi við Jasshátíðina heimildarmyndina Thelonious Monk: Straight, No Chaser frá 1988 um ævi og feril píanósnillingsins Thelonious Monk (1917-1982). Hann var ein af goðsögnum djassheimsins og er sagður hafa verið upphafsmaður „bebop"-stefnunnar, en tónlist hans breyttist og þróaðist áfram upp úr því formi. Hann gaf út margar plötur sem teljast sígildar nú á dögum, en upp úr 1970 hvarf hann nánast af sjónarsviðinu. Seinasta upptakan sem til er með honum er frá því í nóvember 1971. Hann lést 17. febrúar 1982. Eftir dauðann hafa nýjar kynslóðir uppgötvað hæfileika meistarans og hann er nú á stalli með Miles Davis, John Coltrane og Charles Mingus.

Thelonious Monk: Straight, No Chaser er sýnd í Tjarnarbíó kl. 17.00 í dag og á morgun. -pbb

JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR 29. ÁGÚST - 1. SEPTEMBER 2007

Eivör og Stórsveit Reykjavíkur

Láð og lög IMMA

Agnar Már Kristjana Stefáns

Í kvöld:

Eivör og Stórsveit Reykjavíkur

Eivör Pálsdóttir einfaldlega seiðir með laglínum sínum, krafti og dulúð. Hér jazzar hún og fær undirleik við hæfi, sjálfa Stórsveit Reykjavíkur.

Austurbær

Fimmtudagskvöld 30. ágúst, kl. 20:00

Agnar Már –Láð og lög

Píanóleikarinn Agnar Már Agnarsson leikur með septett, auk þess sem Kristjana Stefánsdóttir syngur. Bullandi swing og blæðandi Blús.

Iðnó

Fimmtudagskvöld 30 ágúst, kl. 21:00

Jazzbíó kl.5

Í dag, fimmtudag og föstudag í Tjarnarbíói. Sýnd verður víðfræg heimildarmynd Charlotte Zwerin: THELONIOUS MONK - STRAIGHT NO CHASER.

Ókeypis fyrir þá sem keypt hafa miða á atburði jazzhátíðar 2007

Miðasala við inngangin og á www.midi.is

Allar upplýsingar um einstaka viðburði og flytjendur á www.jazz.is

REYKJAVÍK Jazz 07 ALLIR ELSKA JAZZ!

Reykjavíkurborg Saga Capital Icelandair Egill Eymundsson Guðjónó

FORTE Auglýsingastofa

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

27 28 29 30 31 1 2

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- 20.00 **Eivör Pálsdóttir** ásamt **Stórsveit Reykjavíkur** spila á tónleikum á Jasshátíð Reykjavíkur í Austurbæ.
- 21.00 Píanóleikarinn **Agnar Már Magnússon** og hljómsveit leika tónlist af nýútkominni plötu Agnars, Láð. Einnig kemur **Kristjana Stefánsdóttir** söngkona fram og syngur nokkur lög. Meðleikarar Agnars eru þeir Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur, Martial Nardeau á altflautu, Stefán Jón Bernharðsson á franskt horn, Rúnar Óskarsson á bassaklarinett og Rúnar Vilbergsson á fagott.
- 21.30 Hljómsveitin **Jan Mayen** heldur útgáfutónleika vegna útgáfu plötunnar So Much Better Than Your Normal Life á tónleikastaðnum Organ í kvöld.
- 22.00 **Jerry Bergonzi og hljómsveit Eyþórs Gunnarssonar** flytja lög **Jóns Múla Árnasonar** og Jerry Bergonzi á Domo. Með þeim koma fram söngvararnir Ellen Kristjánsdóttir og Siggi í Hjálmum, Snorri Sigurðarson á trompet, Óskar Guðjónsson á tenórsax, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á bassa og Scott McLemore á trommur. Tónleikarnir eru hluti Jasshátíðar Reykjavíkur.

DANSLIST

- 20.00 **Reykjavik Dance Festival** hefst í kvöld í Verinu í Loftkastalanum. Sýnd verða fjögur dansverk. **Andreas Constantinou** sýnir verkið Hermaph-ro-dit-icadjective. **Lovísa Ósk Gunnarsdóttir** og **Halla Ólafsdóttir** sýna Hundaheppni. **Margrét Sara Guðjónsdóttir** og **Knut Berger** sýna verkið Dead Meat og **Erna Ómarsdóttir** og **Damien Jalet** sýna verkið Ófætt.

MÁLÞING

- 13.00 **Stofnun Árna Magnússonar** í íslenskum fræðum heldur málþing um skrift, skriftarfræði og handrit kl. 13.00-16.45 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.
- 16.15 **Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál** stendur í dag fyrir málþingi um sjávarútvegsmál. Þar verður velt vöngum yfir því hver áhrif kvótakerfið hefur haft á stöðu þorskstofnsins annars vegar og sjávarbyggðanna hins vegar. Málþingið fer fram í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands til kl. 18.30.

LJÓSANÓTT

- 11.00 **Ljósanótt í Reykjanesbæ** verður formlega sett við Myllubakkaskóla. Það verður fjöldasöngur og söngflokkurinn Nylon syngur nokkur lög. Öll skólabörn, auk nemenda Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Íþróttaakademíunnar í Reykjanesbæ og Keilis á Keflavíkurflugvelli taka þátt. Allir velkomnir.
- 13.00 **Púttklúbbur Suðurnesja** stendur fyrir opnu púttmóti á Mánaflöt. Ungir sem aldnir eru velkomnir.
- 17.00 **Listamenn í Reykjanesbæ** opna sýningar við Listatorg, Hafnargötu 2 og víðar um bæinn. Flestar sýningarnar eru jafnframt opnar föstudag og laugardag frá 13.00 til 20.00 og sunnudag frá 13.00 til 18.00.
- 19.30 Það verða **útitónleikar á Keflavíkurtúni** gegnt Duushúsum í kvöld. Fram koma Jón Bjarni Ísaksson, Nanna, hljómsveitin Narfur frá Eyrarbakka, Ramses, Reykjavík!, Mammút, Sky Reports og Jet Black Joe.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Einleikir um konur

Riksteatern í Stokkhólmi sýnir nú „Eða þannig...“ eftir Völu Þórsdóttur, með Ingeborg Spiik í eina hlutverki leiksins. Leikkonan hitti Völu á evrópskri kvennaleiklistarhátíð 2001 og varð hrifin af verkinu Háalofti sem fékk fyrstu verðlaun á þeirri hátíð. Þegar ákveðið var að Ingeborg færi í leikferð með einleik á vegum Riksteatern, sem er farandleikhús á vegum sænska ríkisins, hafði hún samband við Völu og fékk verkin hennar í enskri þýðingu. Fyrsti einleikur Völu, „Eða þannig...“, varð fyrir valinu og Ingeborg fer í leikferð um Norður-Svíþjóð með verkið sem kallast nú í þessari uppsetningu „Soley“. Frumsýningin var á þriðjudagskvöld að skáldkonunni viðstaddri.

LEIKLIST Vala Þórs gefur út í Tyrklandi

Unnið er að tyrkneskri þýðingu á verki Völu „Eldhús eftir máli, hversdagslegar hryllingssögur“ sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu. Einnig er verið að þýða örsagnasafn hennar og fyrirhuguð útgáfa á því í Tyrklandi á næsta ári. Það er önnur bók Völu sem þar kemur út. „Háaloft“ fjallar um konu með geðhvarfasýki. Einleikurinn verður sýndur á einleikjahátíðinni í Akko í Ísrael á næsta ári en þar eru aðeins viðurkennd verðlaunaverk sýnd. - pbb

Viltu syngja í nýjum og metnaðarfullum kór?

Þá gæti kammerkórinn A Cappella verið fyrir þig.

Kórinn flytur fjölbreytta tónlist af ýmsum toga. Sérstaklega er leitað að söngfólki á aldrinum 20-40 ára. Engin kórgjöld. Æft á þriðjudögum í Hásölum kl.18:30-20:30.

Stofnandi og stjórnandi kórsins er Guðmundur Sigurðsson, kantor við Hafnarfjarðarkirkju. Hann veitir nánari upplýsingar í síma 899-5253 eða á netfangið gudmundur.sig@gmail.com

512 50 50 Auglýsingasími

„Fyrir mömmu“

Stórtónleikar í Íþróttahöllinni
á Akureyri 9. september kl. 16:00

Kristján Jóhannsson, tenór

Sofia Mitropoulos, sópran

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands
Stjórnandi: Guðmundur Óli Gunnarsson

Corrado Cappitta, baritón

Miðasala Reykjavík:
Eymundsson, Austurstræti.

Miðapantanir:
462 3482 og gassi@ka-sport.is

Miðasala Sauðárkrókur:
Verslun Haraldar Júlíussonar.

Miðasala Akureyri:
Penninn Eymundsson, Hafnarstræti.
KA - heimilið.

Miðasala Húsavík:
Bókaverslun Þórarins Stefánssonar.

Saga Capital
SAMHERJI HF
Egils
BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
National Car Rental
EIMSKIP
KEAHOTEL
Landsbankinn

>GOTT GLÁP

Astrópía: Loksins íslensk kvikmynd sem tekur sig ekki of hátíðlega og setur skemmtunina í forgang.
Bourne Ultimatum: Gæðaleikarar og minnislaus njósnari; þetta getur ekki klikkað.

bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN GUNNAR BJÖRN GUÐMUNDSSON, LEIKSTJÓRI ASTRÓPÍU

Gary Oldman er óendanlega svalur

Hvaða mynd sástu síðast í bíó?
Ég sá Zodiac, sem er alveg brilljant; skemmtilegur stíll og ofursvöl.

Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?
Einhverja rómantíska dellu sem frúin hefur fengið að velja og ég get ómögulega munað hvaða mynd það var.

Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?
Back To the Future, aldrei spurning.

Uppáhalds íslenska persónan?
Axel úr Sódómu, hann er snilldarkarakter.

Mesta kvikmyndastjarna allra tíma?
Gary Oldman og ástæðan er einföld: maðurinn er náttúrulega óendanlega svalur.

Mesta hetja hvíta tjaldsins?
John Wayne, enginn annar kemur til greina. Ég veit ekki hvað maður hefur eytt mörgum vikum í að leika hann. Sem ungur strákur.

Mesti skúrkurinn?
Biff Tannen er mesta illmenni kvikmyndasögunnar.

Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?
The Bodygard hlýtur þann titil. Hún markaði endalok þess tíma þegar ég reyndi að sjá eitthvað gott við allar kvikmyndir. Það var ekkert gott við The Bodyguard.

Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?
John Wayne og Gary Oldman myndu leika á móti mér. Við værum kúrekarnir sem værum að bjarga einhverri kvenhetjunni úr klóm vonda bæjarfógetans. Clint Eastwood væri síðan að sjálfsögðu í leikstjórastólnum.

Barist um börnin í teiknaðri veröld

Frá því að Walt Disney fór að gera teiknimyndir í fullri lengd hafa þær malað gull. Baráttan um börnin á teiknimyndamarkaðinum er hörð og þrír risar berjast nú um völdin.

Surf's Up er nýjasta afrek teiknimyndadeildar Sony-fyrirtækisins en fyrsta myndin, Open Season, kom þægilega á óvart fyrir um ári síðan og skilaði sínu til fyrirtækisins. Dýr eru einnig í aðalhlutverki í Surf's Up en þar fá áhorfendur að skyggnast á bak við tjöldin í brimbrettakeppni mörgæsa.

Sony stofnaði teiknimyndadeild fyrir fimm árum í kjölfar velgengni stuttmyndarinnar The Chubb-Chubbs! Ljóst er að teiknimyndadeild Sony hyggst hefja öfluga innrás á þennan markað sem hefur hingað til verið stjórnað af Walt Disney og Dreamworks Animation því í burðarliðnum eru fimm teiknimyndir sem ráðgert er að verði frumsýndar á næstu fimm árum.

Teiknimyndir hafa allt frá því að Walt Disney tók að kynna þær af sama krafti og venjulegar myndir, verið hálfgerðir gullkálfar. Ólíklegt þykir að teiknimynd falli á ágóðaprófinu og svo eru það tölvuleikir, DVD-útgáfur og hvers kyns smávarningur sem færir kvikmyndafyrirtækjunum stjarnfræðilega háar upphæðir. Walt Disney-fyrirtækið einokaði nánast teiknimyndamarkaðinn og hélt honum í heljargreipum þar til Dreamworks Animation ruddist inn á markaðinn með Prince of Egypt árið 1998. Þetta þótti mörgum náttúrulega hálfgerð hneisa enda Disney verið besti vinur barnanna í næstum heila öld. Teiknimyndadeild Draumasmiðjunnar blés á alla slíka gagnrýni og hefur síðan þá haldið Disney við efnið með tölvuteiknuðum kvikmyndum á borð við Shrek-þríleikinn, A Shark's tale og Antz.

Og risinn virtist vera sofandi. Árið 1995 kom tölvuteiknimyndafyrirtækið Pixar fram með Toy Story sem sló öll met. Disney-fyrirtækið skrapp saman á einu augabragði og niðursveifla fyrirtækisins í upphafi þessarar aldar var alfarið tengd við enga getu þess til að framleiða slíkar teiknimyndir. Og það var ekki fyrr en Disney keypti Pixar í fyrra að fyrirtækið komst aftur á réttan kjöl.

Börnin ættu því að geta hlakkað til næstu ára því samkeppnin á teiknimyndamarkaðnum virðist eingöngu hafa haft jákvæð áhrif á gæði teiknimyndanna.

EIN SÚ BESTA Hinir ótrúlegu eftir Brad Bird um Bob Parr og fjölskyldu hans þykir mörgum ein besta teiknimynd síðari ára.

MÖRGÆSIR VINSÆLAR Eitthvað virðast þessi dýr vera orðin vinsæl því þetta er ein af mörgum nýlegum kvikmyndum þar sem mörgæsir eru í aðalhlutverki.

VINSÆLUSTU MYNDIR BÍÓDAGA
SÝNDAR ÁFRAM TIL MÁNUDAGS
VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA

SICKO
AWAY FROM HER
SHORTBUS
THE BRIDGE
COCAINE COWBOYS
GOODBYE BAFANA
HALLAM FOE
DIE FALSCHER
DELIVER US FROM EVIL
ZOO
NO BODY IS PERFECT

DAGSKRÁ FRAM Á NÆSTA MÁNUDAG
OG MIÐASALA Á MIÐI.IS
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRAENALJOSID.IS

MasterCard
REGNBOGINN
græna ljósið

80% AFSLÁTTUR

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR.
OPNUM MEÐ NÝJAR VÖRUR Í NÆSTU VIKU.

KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

>Prófaðu...
...að fara alla leið næst þegar þú eldar fisk eða kjöt. Gerðu soð úr beinunum og frystu í handhægu ísmolamóti. Þá geturðu teygt þig í heimagerðan krafttening þegar með þarf.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN STEINGRÍMUR SÆVARR ÓLAFSSON FRÉTTASTJÓRI

Rjúpurnar ómissandi með öllu

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Það er vatnið. En ef ég færi mig út fyrir það lífsnauðsynlega gæti ég síst verið án rjúpna. Þær eru jólamaturinn minn og það eru hreinlega engin jól án rjúpna.

Besta máltíð sem þú hefur fengið:
Nú verð ég að flokka þetta niður. Það er fyrsta rjúpan, hrísgrjónagrauturinn hennar mömmu og svo norðlenski rabarbaragrauturinn.
Ég er svo þjóðlegur.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Já, já, já. Brauðsúpa er ógeðsleg og kjötsúpa er vond. Þar fór þjóðlega þemað út um gluggann.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Pipar. Hann reddar öllu.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Þá fæ ég mér annað hvort indverskan mat eða svínakjöt með satay-sósu á Nings.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Rabarbarasultu.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Hvalkjöt. Það er svo mikið til af því, það myndi duga lengi.

Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?
Krókódílaskott sem ég fékk í Flórída. Það bragðaðist eins og kjúklingur.

Hrefna Rósa opnar

Í HÖFN Fiskmarkaðurinn, veitingastaður Hrefnu Rósu Sætran, sló upp dyrunum fyrir almenningi í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Veitingahús Hrefnu Rósu Jóhannesdóttur Sætran, Fiskmarkaðurinn, var opnaður í gærkvöldi. Þegar Fréttablaðið náði tali af Hrefnu í gær var verið að reka smiðshöggið á staðinn, bókstaflega. „Það er verið að setja upp tvö ljós núna, það er alltaf eitthvað eftir á opnunardegi," sagði hún létt í lund.

Á Fiskmarkaðnum verða fiskréttir í fyrirrúmi, eins og nafnið gefur til kynna, en matseðillinn nær þó einnig til kjöt- og grænmetisrétta. „Við erum með robata-grill, sem er japanskt kolagrill. Við notum það mikið í matreiðsluna, en það er fyrsta grillið af þeim toga á landinu," sagði Hrefna, en litið verður til Austurlanda í matreiðslu. „Svo erum við með hráan bar þar sem við erum með mikið af fiski og gerum sashimi og annað í opnu eldhúsi," bætti hún við.

Hrefna var þó vel stemmd fyrir kvöldið, og kvaðst ekki þjást af miklu stressi. „Við vorum með prufudinner í gær [á þriðjudagskvöld] sem gekk mjög vel. Við erum öll rosalega ánægð með þetta," sagði hún.

Fiskmarkaðurinn er til húsa á Aðalstræti 12. **- sun**

Heimagert er best

Majónes er fastagestur á mörgum heimilum, þar sem það er uppistaðan í ýmiss konar salöt og ídýfur, og fer vel á samlokubrauðinu. Þeir sem vilja gera meira úr túnfisksalatinu, eða hverju sem er, geta þreifað fyrir sér í að gera sitt eigið majónes.

Uppistaðan í þessari köldu sósu er eggjarauður og olía. Tvær eggjarauður eru settar í skál og salti, pipar, dálitlu sinnepi og jafnvel pressuðum hvítlauk bætt út í. Bragðlítilli olíu, á borð við jarðhnetu- eða sólblómaolíu, er bætt saman við í dropatali. Hér kemur handþeytir við sögu, því blönduna þarf að þeyta stöðugt á meðan dropa eftir dropa af olíunni er bætt út í. Þegar blandan þykknar er teskeið af hvítvínsediki bætt út í til að þynna hana.

HEIMAGERT MAJÓNES Samlokan bragðast enn betur með heimagerðu majónesi. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Þá má hella olíunni aðeins hraðar út í og þeyta á meðan. Smakkið til með salti og pipar, og bætið sjóðandi vatni út í til að gera majónesið léttara.

LAMBIÐ Í UPPÁHALDI Hafdís Árnadóttir, eigandi Kramhússins, býður gestakennurum iðulega í íslenskt lamb. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eldað fyrir aðkomufólk

Hafdís Árnadóttir, eigandi Kramhússins, prófar sig áfram með uppskriftir að íslensku lambi fyrir erlenda gestakennara.

„Maður er alltaf að elda lamb, en mig langar stundum að prófa eitthvað nýtt. Þessi uppskrift er svolítið spennandi og alveg æðislega góð," sagði Hafdís, en íslenska lambið er í miklu uppáhaldi hjá henni. „Það er lamb og fiskur og svo grill á sumrin," sagði hún, en kvaðst þó ekki sérlega flink í eldhúsinu. „Mér finnst samt mjög gaman að elda. Ég hef áhuga á þessu og er alltaf að stela uppskriftum héðan og þaðan," sagði Hafdís.

Um helgina eru væntanlegir til landsins gestakennarar í tangó á vegum Kramhússins. „Við erum að fara að halda námskeið núna um helgina og þá erum við alltaf með matarboð, með lambi og einhverju skemmtilegu fyrir gestakennarana okkar. Venjulega er það normal, íslenskt lamb en núna ætlum við að hafa þetta aðeins öðruvísi," sagði Hafdís. Kennararnir á námskeiðinu, sem heitir Tango on Ice og er árlegur viðburður, koma frá Argentínu og Danmörku. „Svo erum við með Hany og Bryndísi sem kenna hjá okkur," bætti Hafdís við.

MIÐJARÐARHAFSLAMB MEÐ KARTÖFLUSALATI

1 lambalæri
1 dós tómatpúre
150 g ferskir sveppir
2 kramdir hvítlauksgeirar
2 saxaðir laukar
2 bollar lambasoð
½ bolli rauðvín
Ferskt rósmarín
Paprika
Salt og pipar
Kartöflusalat
Litlar nýjar kartöflur
Ruccola salat
1 rauðlaukur
Furuhnetur
Steikt beikon
Ólífuolía
Pipar
Sjávarsalt

Utan eldhússins er Hafdís nú á kafi í vetrardagskrá Kramhússins, sem hefst af fullum krafti 10. september. „Við verðum með opið hús í næstu viku þar sem við kynnum námskeiðin okkar. Þá bjóðum við fólki að koma og prófa sitt lítið af hverju," útskýrði hún. „Við byrjuðum á þessu í fyrra og sú vika var mjög vel sótt, enda finnst fólki gott að geta prófað tímana áður en það ákveður hvað það vill gera," sagði Hafdís. Dagskrána verður að finna á heimasíðunni www.kramhusid.is. Lambið er sett í ofn við u.þ.b. 100 gráðu hita í einn og hálfan tíma.

Öllu hinu er blandað saman og lambið tekið út, þakið blöndunni og sett í ofnpott eða álpappír. Þá er lambið eldað við sama hitastig í einn og hálfan tíma í viðbót. Kartöflurnar soðnar og skornar í tvennt. Blandað saman við annað innihald í kartöflusalatinu. **sunna@frettabladid.is**

Lykillinn að góðu rísottó

Heitt og gott rísottó er tilvalinn matréttur í haustrigningunum sem nú dynja á landsmönnum. Haukur G. Gröndal, yfirkokkur á Fjalakettinum, segir réttinn henta jafn vel sem meðlæti og aðalrétt. Aðalatriðið sé að velja rétt grjón og sjóða þau upp úr góðu soði. „Mér finnst persónulega best að nota arborio-grjón. Þau eru stutt og með mikilli sterkju. Það má ekki sjóða þau of mikið, þau eiga að vera aðeins stökk undir tönn," sagði Haukur.

Haukur sagði yfirleitt byrjað á því að svita hvítlauk og lauk í ólífuolíu. „Svo steikir maður hrísgrjónin aðeins með lauknum, og bætir því næst dálitlu hvítvíni í, til

HUGMYNDAFLUGIÐ TAKMÖRKIN Haukur G. Gröndal, yfirkokkur á Fjalakettinum, segir því engin takmörk sett hvað nota megi í rísottó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að fá smá sýru," útskýrði hann. Soðinu, sem má vera kjúklinga-, fisk- eða skelfisksoð, er þá bætt í smám saman. „Þannig veit maður að maður er ekki að setja of mikinn vökva. Þetta á að vera vel safaríkt, en ekki alveg rennandi," sagði hann.

Í þennan grunn má svo nota hvað sem hugurinn girnist. Algengt er að bæta villisveppum í rísottóið, og sjávarréttir smellpassa einnig við réttinn.

„Það er hins vegar verra að nota fisk sem molnar þegar maður hrærir í, það er betra að nota rækjur, skelfisk eða þéttan fisk. Svo er hægt að gera kryddjurtarísottó eða rauðvínsrísottó. Það er í rauninni bara hugmyndaflugið sem stoppar mann af," sagði Haukur. **- sun**

Haust ÚTSALA

Alvöru

dagana 29. ágúst til 1. september

hjá Bílalandi B&L, valdir bílar á alvöru útsölu.
Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.
Engin útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.

Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:

Útsöluverð kr. 1.950 þús.
Verð áður kr. 2.380 þús.

Toyota Prius, 2006 - Ek. 22 þús.

Útsöluverð kr. 970 þús.
Verð áður kr. 1.380 þús.

Hyundai Santa Fe, 2001 - Ek. 160 þús.

Útsöluverð kr. 670 þús.
Verð áður kr. 880 þús.

BMW 318, 1999 - Ek. 161 þús.

Útsöluverð kr. 1.250 þús.
Verð áður kr. 1.650 þús.

Renault Scenic II, 2004 - Ek. 49 þús.

Útsöluverð kr. 580 þús.
Verð áður kr. 880 þús.

Freelander, 2000 - Ek. 135 þús.

Útsöluverð kr. 1.180 þús.
Verð áður kr. 1.490 þús.

RENAULT MEGANE II, 2005 - Ek. 27 þús.

Útsöluverð kr. 670 þús.
Verð áður kr. 950 þús.

Ford Focus, 2002 - Ek. 100 þús.

Útsöluverð kr. 750 þús.
Verð áður kr. 1.150 þús.

Opel Zafira, 2002 - Ek. 124 þús.

Útsöluverð kr. 1.670 þús.
Verð áður kr. 2.120 þús.

RENAULT LAGUNA, 2004 - Ek. 43 þús.

Útsöluverð kr. 530 þús.
Verð áður kr. 790 þús.

Renault Megane, 2002 - Ek. 74 þús.

Útsöluverð kr. 250 þús.
Verð áður kr. 420 þús.

Hyundai Accent, 2000 - Ek. 121 þús.

Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.

bíla B&L land
notaðir bílar

bilaland.is
Grjóthálsi 1 - 575 1200

bílaland.is

> VISSIR ÞÚ?

Alexander Graham Bell, sá er fann upp símann, hringdi aldrei í móður sína og heldur ekki eiginkonu sína. Ástæðan var einfaldlega sú að þær voru báðar heyrnarlausar.

fólk

folk@frettabladid.is

Dáður alls staðar

Framtíð leikarans Owens Wilson í Hollywood er björt þrátt fyrir sjálfsvígstilraun á dögunum. „Hann er dáður alls staðar," sagði umboðsmaðurinn Bernie Brillstein. „Það sem gerðist er alvarlegt en þetta er einangrað atvik. Allir geta átt slæman dag, jafnvel mjög slæman dag."

Vinsælustu myndir Wilsons til þessa, Wedding Crashers og Cars, fóru báðar yfir 200 milljóna dollara markið í miðasölunni, og festu þær hann í sessi sem einn vinsælasta gamanleikara Bandaríkjanna. Auk þess hefur ímynd hans á hvíta tjaldinu sem fyndins kvennabósa í hinum ýmsum myndum ekki skemmt fyrir vinsældum hans.

„Almenningur lítur hann mjög jákvæðum augum," sagði Paul Dergarbedian, sérfræðingur hjá fyrirtækinu Media By Numbers. „Owen Wilson hefur mjög gott orð á sér og fólk finnur mikið til með honum þessa stundina."

Nýjasta mynd Wilsons, The Darjeeling Limited, er væntanleg í bíó 29. september. Í mars er síðan fyrirhuguð frumsýning á mynd hans Drillbit Taylor og í síðasta mánuði hófust tökur á myndinni Tropic Thunder þar sem Wilson leikur á móti Jack Black, Ben Stiller og Robert Downey Jr.

OWEN WILSON Wilson virðist hafa mjög gott orð á sér í Hollywood.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

FLEIRI BÍÓDAGAR Myndin Away From Her fjallar um áhrif Alzheimer-sjúkdómsins á hjónabandið og er ein þeirra mynda sem sýndar eru á Bíódögum Græna ljóssins.

Vinsælir Bíódagar

Bíódögum Græna ljóssins í Regnboganum lauk í gær. Hátíðinni var afar vel tekið og sökum mikillar aðsóknar hefur verið ákveðið að um helmingur myndanna haldi áfram fram á mánudag.

Þetta eru myndirnar Sicko, Away From Her, No Body is Perfect, Hallam Foe, The Bridge, Shortbus, Deliver Us From Evil, Cocaine Cowboys, Die Falscher, Goodbye Bafana og Zoo.

Dagskrá hátíðarinnar má finna á midi.is.

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Áhuginn á hlutverkaspilum endurvakinn

Það var margt um manninn í versluninni Nexus við Hverfisgötu í gær þegar leikarar úr kvikmyndinni Astrópíu mættu á staðinn, bæði til að gefa eiginhandaráritanir og afgreiða viðskiptavini verslunarinnar.

Auk þess var gestum og gangandi boðið upp á kynningu á hlutverkaspilinu Dungeons & Dragons sem er einmitt spilað í Astrópíu. Gísli Einarsson, eigandi Nexus, segist vongóður um að kvikmyndin muni auka veg og vanda hlutverkaspila að nýju. „Dungeons & Dragons er 30 ára gamalt spil sem var mjög vinsælt hér á landi fyrir 15 árum síðan," segir Gísli. „Það væri gaman ef myndin yrði til þess að endurvekja áhugann á þessum gömlu, góðu spilum sem féllu svolítið í skuggann af tölvuleikjunum þegar þeir komu til sögunnar. Þótt það sé auðveldara að spila leikina færðu að sama skapi meira út úr því að spila spilin þótt erfiðara sé að koma sér inn í þau." Hann segist mjög sáttur við myndina. „Ég las handritið yfir og sá myndina á ýmsum vinnslustigum. Maður vonaði auðvitað að myndin yrði okkar kúltúr til sóma og mér finnst hún gera þessum heimi skemmtileg skil enda þekkja handritshöfundarnir þetta mjög vel. Ottó [Geir Borg] vann meira að segja hér í Nexus í nokkur ár og byggði upp DVD deild verslunarinnar."

- sók

BARDAGASÉRFRÆÐINGURINN Reynir A. Sveinsson sá um útfærslu bardagaatriðanna í Astrópíu og var mættur í Nexus ásamt frændum sínum þeim Kristófer og Óliver Bjarnasonum.

UNGUR OG EFNILEGUR Björn Þórisson hefur spilað Dungeons & Dragons í 2 ár og er alveg heillaður. „Sem dæmi þá svaf ég einu sinni í helli og inn kom björn. Ég kastaði steini í augað á masternum hans og átti dýrið eftir það."

KOSS Í SKIPTUM FYRIR ÁRITUN Sigurður Andri Sigurðsson gerði sér lítið fyrir og smellti kossi á Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur eftir að hún hafði áritað fyrir hann veggspjald. Sigurður hélt uppi stemningunni í röðinni með því að segja KR-brandara og gagnrýna Astrópíu.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

AFGREIDDU VIÐSKIPTAVINI Þau Ragnhildur Steinunn, Sverrir Þór og Pétur Jóhann gerðu sér lítið fyrir og afgreiddu í Nexus í gær.

EIGANDI NEXUS Gísli Einarsson, eigandi Nexus, vonar að Astrópía verði til þess að Dungeons & Dragons vakni til lífsins á ný.

www.volkswagen.is

Nýr Golf Variant
– enn meira rými

Pláss fyrir 267 fótbolta

Ímyndaðu þér hvað það þýðir í farangri og innkaupapokum! Golf Variant er glæsilegur, vel útbúinn og sniðinn að þörfum fjölskyldunnar.

Volkswagen Golf Variant er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

BRYNJAR MÁR VALDIMARSSON Brynjar Már er staddur í Bandaríkjunum þar sem hann vinnur að sinni fyrstu sólóplötu.

BMV heillar Grikki

Brynjar Már Valdimarsson, eða BMV eins og hann kallar sig, er kominn í fimmta sæti hjá grísku útvarpsstöðinni Radio 1 með lag sitt In My Place. Lagið hækkar sig úr tíunda sæti í það fimmta og virðist vera að falla einstaklega vel í kramið hjá Grikkjum.

„Þetta er alveg geggjað. Það er vonandi að þetta sé byrjunin á einhverju meira. Maður vill alltaf meira," segir Brynjar Már, sem er fyrir ofan þekkt nöfn á borð við Justin Timberlake, 50 Cent og Backstreet Boys á listanum. „Það er alveg æðislegt og líka gaman að sjá hvað lagið er búið að stökkva hratt upp."

Brynjar, sem starfar sem útvarpsmaður á FM957, hefur engar skýringar á því af hverju hann er svona vinsæll í Grikklandi. Segist hann hafa gefið lagið út víða um heim og það hafi því verið að malla áfram hægt og rólega.

Upptökur á fyrstu plötu Brynjars standa nú yfir í New York og ganga þær mjög vel. Verður platan líklega tilbúin í kringum áramótin. Með Brynjari starfar upptökustjórinn Ken Lewis, sem hefur unnið með stjörnum á borð við Mary J. Blige og Mariah Carey, ásamt hljómsveitinni Fall Out Boy. Einnig starfar með honum textahöfundurinn SJ Sinister auk eins lagahöfundar. Brynjar segist lítið hafa gert af því að koma fram að undanförnu, enda í nógu öðru að snúast. „Ég er að einbeita mér að því að taka upp og gera það vel og í kjölfarið sér maður hvert það leiðir mann."

Næsta smáskífulag sem Brynjar ætlar að gefa út verður að öllum líkindum Forget About Me. Þangað til mun In My Place sjá um að halda BMV sjóðheitum, bæði í Grikklandi og víðar um heiminn. **- fb**

Í nýjustu mynd Stone

Leikarinn Bruce Willis hefur tekið að sér aðalhlutverkið í nýjustu mynd Olivers Stone, Pinkville. Myndin fjallar um fjöldamorð sem áttu sér stað í Víetnam árið 1968 þegar bandarískir hermenn drápu hundruð víetnamskra þorspbúa. Fer Willis með hlutverk hershöfðingja sem annaðist rannsókn málsins.

BRUCE WILLIS Willis leikur í nýjustu mynd leikstjórans Olivers Stone.

Þetta verður fjórða myndin um Víetnamstríðið sem hinn sextugi Stone leikstýrir. Fyrst gerði hann Platoon, sem vann fern Óskarsverðlaun, síðan Born on the Fourth of July, sem vann tvo óskara, og loks Heaven and Earth.

512 50 50 Auglýsingasími
- Mest lesið

Ríkulegur staðalbúnaður

Loftkæling • aksturstölva • sæti með mjóhryggsstuðningi • hraðastillir
samlitir stuðarar • 6 loftpúðar • ABS bremsur með EBD og EBC
spólvörn • ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla • og margt fleira

Verð frá aðeins 2.390.000 kr.

HVITA HUSIÐ / SÍA / 07-0844

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE BOURNE ULTIMATUM	kl.5.40,8 og 10.20-POWER	14
RUSH HOUR 3	kl. 3.45, 6, 8 og 10.20	12
RATATOUILLE íslenskt tal	kl. 3.45	L
TRANSFORMERS	kl. 10	10
SIMPSONS íslenskt tal	kl. 4 og 6	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

BOURNE ULTIMATUM	kl. 5.30 - 8 - 10.30	14
BOURNE ULTIMATUM LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 4 - 6	
RUSH HOUR 3	kl. 3.45 - 5.50 -8 -10.10	
DIE HARD 4.0	kl. 8 *Síðustu sýningar	14
DEATH PROOF	kl. 10.45 *Síðustu sýn.	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

	SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS
KL. 5.30	The Bridge / Hallam Foe / Die Falscher
	Cocaine Cowboys
KL. 8	Goodbye Bafana / Away From Her
	Deliver Us From Evil
KL. 10.30	Sicko / Shortbus / Zoo / No Body Is Perfect

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

ASTRÓPÍA	kl. 6 - 8 - 10.10	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5.30 - 8 - 10.30	14
RUSH HOUR 3	kl. 6 - 8 - 10	12
BECOMING JANE	kl. 5.30 - 8 -10.30	

SÍMI 462 3500

BOURNE ULTIMATUM	kl. 6 - 8 - 10.10	14
RUSH HOUR 3	kl. 8 -10	12
THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL	kl. 6	

MIÐASALA Á midi.is

Söngurinn í aðalhlutverki

TÓNLIST

Mannabarn/Humanchild

Eivör Pálsdóttir

★★★

Þrátt fyrir iðnaðarpopplegar og misvel heppnaðar útsetningar þá sýnir Eivör Pálsdóttir enn og aftur á Mannabarni að hún er frábær söngkona. Ein af þeim allra bestu.

Mannabarn – Human Child er fimmta plata Eivarar Pálsdóttur. Platan er fáanleg bæði á ensku og færeysku, en fyrsta upplag íslensku útgáfunnar er tvöföld plata sem inniheldur bæði ensku og færeysku útgáfuna. Mannabarn var tekin upp á Írlandi undir stjórn Dónals Lunny, en hann er einn þekktasti þjóðlagatónlistarmaður Írlands og jafnframt mikils metinn upptökustjóri sem hefur unnið með Kate Bush, Sinéad O'Connor, Elvis Costello, Rod Stewart og Baaba Maal svo nokkur dæmi séu tekin.

Eivör hefur komið víða við á tónlistarferlinum. Hún hefur bæði sungið rokk, popp, djass og stórsveitartónlist inn á plötur, en ef það er hægt að greina rauðan þráð þá eru það þjóðlagaáhrifin. Hafa þau orðið sterkari hjá henni með árunum.

Tónlistin á Mannabarn er þjóðlagaskotið popp. Lögin tíu eru öll áður óútgefin lög eftir Eivöru. Útsetningarnar eru fágaðar og poppaðar og þó að fjölbreytnin sé nokkur eiga öll lögin það sameiginlegt að söngur Eivarar er í aðalhlutverki. Og það er stóra málið. Lögin eru fín en hljómurinn og útsetningarnar virka stundum of iðnaðarpopplegar og ópersónulegar. Það sem bjargar plötunni frá miðjumoðinu er söngurinn. Það má segja að Eivör vinni hvern söngsigurinn á fætur öðrum á plötunni. Og hún sýnir á sér ólíkar hliðar. Í Livandi trö er arabískur blær á söngnum (og útsetningunni), í Flykrur í vindi minnir hún á indíána eða eskimóasöng og í power-ballöðunni Tú ert alt sýnir hún hetjutilþrif í anda Céline Dion. Reyndar minnir það lag svolítið á ofurballöðuna The Power Of Love sem Jennifer Rush, Céline o.fl. hafa sungið. Í öðrum lögum er hún svo til skiptis blíð og kraftmikil, en alltaf framúrskarandi.

Það er gaman að hafa plötuna bæði á ensku og færeysku, en maður lætur ensku útgáfuna samt að mestu eiga sig, enda meiri innlifun og tilfinning í söngnum á móðurmálinu.

Trausti Júlíusson

Heimildarmynda-veisla á RIFF

Búið er að ákveða hvaða heimildarmyndir verða sýndar á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni RIFF í haust.

Alls verða sýndar þrettán myndir alls staðar að úr heiminum.

Myndirnar þrettán eru mjög áhugaverðar en meðal þeirra eru Crazy Love sem fjallar um mann sem afskræmir andlit ástkonu sinnar og kvænist henni svo eftir að hafa afplánað fangavist vegna árásarinnar og svo Metamorphosis, en hún er um Kínverja sem hafa farið í kynskiptaaðgerð, en um 280.000 Kínverjar eiga sér slíkan draum.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF hefst 27. september og stendur til 7. október en þetta er fjórða árið sem hún er haldin. - jar

HEIMILDARMYNDIR Á RIFF My Kid Could Paint That er heimildarmynd um hina fjögurra ára gömlu Mörlu Olmstead sem rokseldi málverk og var líkt við Jackson Pollock.

Ný plata frá Katie Melua

KATIE MELUA

Söngkonan Katie Melua gefur í lok september út á smáskífu lagið If You Were A Sailboat sem er að finna á þriðju plötu hennar, Pictures. Er hún væntanleg í búðir hinn 1. október.

Melua, sem hélt vel heppnaða tónleika hér á landi á síðasta ári, gaf síðast út plötuna Piece By Piece árið 2005. Hefur hún, ásamt fyrstu plötunni, Call Off The Search, selst í 7,5 milljónum eintaka.

„Ég vissi að þessi plata yrði öðruvísi en hinar tvær því ég er orðin eldri, reynslumeiri og þroskaðari en áður," sagði Melua. Á meðal þekktustu laga hennar eru Nine Million Bicycles og The Closest Thing To Crazy.

STANSLAUST STUÐ Páll Óskar í hörkustuði á tónleikum í MH á árum áður. Hann stígur aftur á stokk í sínum gamla skóla í kvöld.

Kórfélagar stíga á stokk

Fyrrum meðlimir kórs Menntaskólans við Harmahlíð koma fram á tónleikum í kvöld í tilefni þess að kórinn er fertugur á þessu ári. Einnig er um styrktartónleika að ræða því allur ágóði rennur í ferðasjóð kórsins, sem er á leiðinni til Kína um miðjan september. Þar ætlar hann að dveljast í rúmar tvær vikur.

Fram koma Stuðmenn, Páll Óskar, Sprengjuhöllin, Baggalútur, Djasssveitin Babar og Hjaltalín. Tónleikarnir fara fram í hátíðarsal MH og hefjast klukkan 20. Miðaverð er 1000 krónur.

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

ÁLFABAKKA		
ASTRÓPÍÁ	kl. 6:15 - 8 - 10:10	L
ASTRÓPÍÁ	kl. 8 - 10:10 VIP	
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 4 - 5:30 DIGITAL	L
TRANSFORMERS	kl. 5 - 8 - 10:40	10
TRANSFORMERS	kl. 5 VIP	
NANCY DREW	kl. 6	7
GEORGIA RULES	kl. 8	7
HARRY POTTER 5	kl. 8:15	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 4	L
OCEAN´S 13	kl. 10:10	7

SELFOSSI S. 482 3007		
ASTRÓPÍÁ	kl. 7 - 9 L	
RUSH HOUR 3	kl. 7 - 9 12	

KRINGLUNNI		
ASTRÓPÍÁ	kl. 6 - 8 - 10:10	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 5:30 DIGITAL	L
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8	L
TRANSFORMERS	kl. 10:20 DIGITAL	10

AKUREYRI		
ASTRÓPÍÁ	kl. 6 - 8 - 10	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 6	L
RATATOUILLE ENSKT TAL	kl. 8	L
TRANSFORMERS	kl. 10:15	10

KEFLAVÍK		
ASTRÓPÍA	kl. 8 - 10	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:30	14

MEGAS
& SENUÞJÓFARNIR

LAUGARDALSHÖLL
LAUGARDAGINN 13. OKTÓBER

Almenn forsala hefst 5. september
MasterCard forsala hefst 4. september

MasterCard

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

CONCERT

> Kæru ÍR-inga vísað frá

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ vísaði máli ÍR gegn HSÍ frá í gær þar sem það hafi ekki gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild en slíkt er forsenda þess að áfrýjunardómstóllinn taki mál fyrir. Áfrýjunardómstóll HSÍ hafði áður vísað málinu frá en ÍR-ingar vildu fara með málið alla leið. Þar með er ljóst að Íslandsmótið getur farið fram í þeirri mynd sem HSÍ hefur verið að undirbúa og ekki seinna vænna að fá úrskurð í málinu þar sem mótið hefst um miðjan september.

sport

sport@frettabladid.is

ÞÓRIR HÁKONARSON: ÞJÁLFARAR MEGA EKKI FARA YFIR STRIKIÐ Í GAGNRÝNI SINNI Á DÓMARA

Ummæli fjögurra þjálfara send til aganefndar

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hefur sent ummæli fjögurra þjálfara í Landsbankadeild karla til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Þetta eru Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, Magnús Gylfason, þjálfari Víkings, og Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks. Allir gagnrýndu þeir dómgæsluna í sínum leikjum á sunnudagskvöldið og fóru „yfir strikið" í sinni gagnrýni að sögn Þóris.

„Dómarar geta átt slæma daga eins og allir aðrir en svo geta menn farið yfir strikið í sinni gagnrýni, efast um heiðarleika dómara og gert jafnvel atlögu að starfsheiðri manna," sagði Þórir.

Aganefndin hefur nú beðið viðkomandi félög um að senda sér greinargerð í síðasta lagi fyrir hádegi á mánudag þar sem þjálfararnir fá tækifæri á að svara fyrir sig.

Fréttablaðið hafði samband við alla þjálfarana í gær og bað um viðbrögð við ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ. Leifur Garðarsson vildi ekki tjá sig um málið en Ólafur Kristjánsson sagði að þar sem hann hefði ekki séð greinargerð framkvæmdastjórans gæti hann ekki svarað henni nú.

„Ég veit ekki hvað í mínum ummælum fór fyrir brjóstið á framkvæmdastjóranum," sagði Ólafur. „Ég veit ekki heldur hvernig hann túlkar ummælin."

Ólafur talaði undir rós eins og hann orðaði það sjálfur. Sagðist ekkert vit hafa á dómgæslu en „setti spurningarmerki við hvort hann hoppaði upp í flugvél á næstunni". Egill Már Markússon, dómari leiksins, er flugumferðarstjóri.

Guðjón Þórðarson sagði að sínir menn í ÍA hefðu verið færri á vellinum en KR-ingar, þar sem dómarinn hefði verið í þeirra liði. „Ég hefði viljað skjóta þessu máli til dómaranefndar. Ég stend við allt sem ég sagði. Ég var með fulla stjórn á því sem ég hugsaði og sagði," sagði Guðjón í gær.

Magnús Gylfason sagðist skilja framkvæmdastjórann upp að vissu marki. „Ég held að við verðum allir að passa okkur og virða störf hvers annars. Ég get alveg viðurkennt að ég sé eftir því sem ég sagði en ég er samt enn ósáttur við sumar þeirra ákvarðana sem voru teknar í leiknum. Ég bakka ekkert frá því."

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu:

Dinamo Zagreb-Werder Bremen	2-3
Vukojeric, Modric - Diego 2 (víti), Sanogo. *Werder Bremen áfram, 5-3 samanlagt.*	
Slavia Prag-Ajax	2-1
Vlcek 2 - Suarez. *Slavía áfram, 3-1 samanlagt.*	
Celtic-Spartak Moskva	1-1
Celtic fór áfram eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni.	
Elfsborg-Valencia	1-2
Alexandersson - Helguera, Villa. *Valencia áfram, 1-5 samanlagt.*	
FC Copenhagen-Benfica	0-1
Benfica áfram, 1-3 samanlagt.	
Rosenborg-Tampere	2-0
Sapara, Konan. *Rosenborg áfram, 5-0 samanlagt.*	
Arsenal-Sparta Prag	3-0
Rosicky, Fabregas, Da Silva. *Arsenal áfram, 5-0 samanlagt.*	

Enski deildarbikarinn:

Bristol-Man. City	1-2
Orr - Mpenza, Bianchi.	
Newcastle-Barnsley	2-0
Michael Owen, Obafemi Martins.	
Middlesbrough-Northampton	2-0
Rochemback, Lee.	

Þýski handboltinn:

Gummersbach-Rhein Neckar Löwen	23-32

Það var ekki búist við því að Guðjón Valur Sigurðsson gæti leikið mikið með Gummersbach í leiknum þar sem hann fór nýlega í speglun. Guðjón Valur var samt markahæsti leikmaður Gummersbach í leiknum með sjö mörk og Róbert Gunnarsson skoraði tvö. Sverre Jakobsson komst ekki á blað hjá Gummersbach.

Göppingen-Wetzlar	31-21
Fuchse Berlin-Nordhorn	26-32

Sigurkarfa Jakobs á lokasekúndunni

Ísland vann 76-75 sigur á Georgíu í b-deild Evrópukeppninnar í Laugardalshöll í gær. Þetta var leikur sem Georgíumenn máttu ekki tapa því nú eiga Finnar sigurinn vísann í riðlinum.

KÖRFUBOLTI Íslenska körfuboltalandsliðið vann ótrúlegan sigur á Georgíu í b-deild Evrópukeppninnar í gær. Jakob Örn Sigurðarson tryggði íslenska liðinu 76-75 sigur með þriggja stiga körfu, spjaldið ofan í, um leið og leiktíminn rann út.

„Þetta er rosleg og yndisleg upplifun en var eiginlega algjör tilviljun. Við ætluðum að setja bæði vítin niður og brjóta á þeim en seinna vítið klikkaði, við náðum frákastinu og einhvern veginn datt boltinn til mín. Þetta er í fyrsta skiptið sem ég skora svona körfu og þetta er alveg rosalega sætt," sagði hetja íslenska liðsins.

Logi Gunnarsson var á vítalínunni þegar fimm sekúndur voru eftir og Georgía var 72-75 yfir. Logi klikkaði á seinna vítinu og eftir mikla baráttu náði hann að koma boltanum til Jakobs sem var langt fyrir utan þriggja stiga línuna. Eftirleikurinn verður hluti af körfuboltasögunni enda einn glæsilegasti sigur landsliðsins.

Logi Gunnarson byrjaði leikinn af miklum krafti og skoraði tólf fyrstu stig liðsins. Hann ætlaði augljóslega að bæta fyrir fyrri leikinn í Tbilisi þar sem að hann var stigalaus. Georgíumenn voru með frumkvæðið en íslenska liðið hékk í þeim og hleypti þeim aldrei of langt frá sér. Brenton Birmingham var rólegur framan af leik en hann skoraði átta stig í röð á úrslitastundu í fjórða leikhlutanum sem áttu mikinn þátt í að koma Íslandi í þá stöðu að vinna leikinn.

„Það vita allir að við erum með gott lið og á meðan við gerum eins og við gerðum í þessum leik þá getum við unnið flottar þjóðir," sagði kampakátur þjálfari Sigurður Ingimundarson eftir leikinn. Sigurður setti Jakob á bekkinn í upphafi seinni hálfleiks og setti hann ekki aftur inn á fyrr en eftir rúmar sjö mínútur. Jakob svaraði því með því að skora 13 stig á síðustu 12 mínútunum í leiknum. „Það þurfti aðeins að skerpa á honum því það er ekki vandamál að hann sé ekki nógu góður," sagði Sigurður og það voru margar hetjur í íslenska liðinu í gær. „Logi byrjar leikinn frábærlega, Páll Axel var að taka fráköst eins og hann væri 2,20, Brenton kom upp í fjórða leikhluta og síðan voru Magnús og Jakob með smá syrpu saman. Fannar og Friðrik spiluðu svo mjög fína vörn," sagði Sigurður.

Friðrik Stefánsson var að spila sinn 104. landsleik en var engu að síður að upplifa sinn fyrsta sigurleik í Höllinni. „Það var kominn tími á þennan sigur," sagði Friðrik sem var ánægður hvernig gekk að eiga við Zaza Pachulia. „Við fengum að slást aðeins við hann og ég var ánægður með hvernig gekk að eiga við hann," sagði Friðrik sem ásamt Fannari Ólafssyni hélt NBA-stjörnunni í 15 stigum og aðeins 33 prósenta skotnýtingu.

FJÓRIR ÞRISTAR Jakob Örn Sigurðarson skoraði fjórar þriggja stiga körfur, þar á meðal eina sem vann leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stig Íslands: Logi Gunnarsson 17 (12 á fyrstu 6 mínútunum), Jakob Örn Sigurðarson 16 (5 stoðs.), Brenton Birmingham 13 (11 fráköst, 4 stoðs.), Páll Axel Vilbergsson 9 (15 fráköst), Magnús Þór Gunnarsson 6, Fannar Ólafsson 6, Helgi Már Magnússon 4, Friðrik Stefánsson 3, Brynjar Þór Björnsson 2.

ooj@frettabladid.is

FÉLAGAR KVEÐJA Félagar Puerta hjá Sevilla bera hér kistu hans burt af heimavelli félagsins. NORDIC PHOTOS/AFP

Þúsundir fylgdu Antonio Puerta til grafar í gær:

Antonio Puerta lagður til hinstu hvílu

FÓTBOLTI Dagurinn í Sevilla í gær var tilfinningaþrunginn er hinn 22 ára gamli Antonio Puerta var jarðsettur. Puerta lést á þriðjudag, þrem dögum eftir að hafa fengið hjartaáfall í leik með Sevilla.

Yfir tíu þúsund manns mættu fyrir utan leikvang félagsins í gærmorgun en búið var að koma upp kapellu á vellinum svo hægt væri að minnast leikmannsins þar. Þangað mættu meðal annars leikmenn liðsins sem og leikmenn erkifjendanna í Real Betis og vinir Puerta.

Þúsundir stuðningsmanna félagsins, sem og stuðningsmenn Betis, stilltu sér síðan upp meðfram götum borgarinnar á meðan keyrt var með kistuna í kirkjugarðinn þar sem Puerta var lagður til hinstu hvílu. Þar var einnig haldin minningarathöfn fyrir hans nánustu.

Þar var meðal annars unnusta Puerta, en hún á von á sveinbarni í október. - hbg

KOMINN Á BLAÐ Króatinn Eduardo da Silva skoraði sitt fyrsta mark fyrir Arsenal og fagnaði því vel. NORDICPHOTOS/GETTY

Meistaradeild Evrópu:

Fjögur ensk lið í pottinum

FÓTBOLTI Arsenal komst í gær inn í riðlakeppni meistaradeildarinnar alveg eins og Liverpool kvöldið áður og það verða því fjögur ensk lið í pottinum þegar dregið er í dag. Vafalaust munu margir fylgjast spenntir með drættinum.

Arsenal vann seinni leikinn við tékkneska liðið Sparta Prag 3-0 og þar með 5-0 samanlagt. Úrslitin voru nánast ráðin strax í upphafi leiks þegar Tomás Rosicky skoraði eftir aðeins sjö mínútna leik þegar hann nýtti vel sendingu Theo Walcott frá hægri.

Arsenal bætti síðan við tveimur mörkum undir lokin, fyrst Cesc Fabregas eftir sendingu frá Eduardo da Silva, sem skoraði síðan sjálfur í lokin eftir aðra flotta stoðsendingu Walcotts. - óój

NOTAÐIR BÍLAR

Notaðir bílar. Lauflétt kaup - engin útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 3 daga. Komdu strax.

Lauflétt kaup

Engin útborgun. Lægra verð.*

Aðeins 46 bílar í 3 daga.

Komdu strax.

Nýttu þér tilboðin
Tökum notaðan uppí notaðan

Ford Focus Trend 1,6 ssk. skrd. 02/2004 ek: 77.000 km.
~~Verð 1.270.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.
15.697 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. SH624.

Engin útborgun - afborgun undir 15.000 kr. á mán.

Ford Focus High Series 1,6 ssk. skrd. 11/2000 ek: 100.000 km.
~~Verð 790.000 kr.~~ Tilboðsverð 590.000 kr. Engin útborgun.
13.878 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. ZP918.

Citroën Berlingo Van 1,4 bsk. skrd. 03/2004 ek: 66.000 km.
~~Verð 970.000 kr.~~ Tilboðsverð 870.000 kr. Engin útborgun.
14.347 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. OU504.

Citroën Picasso Xsara 1,8 bsk. skrd. 08/2004 ek: 68.000 km.
~~Verð 1.290.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.030.000 kr. Engin útborgun.
14.484 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OK090.

Renault Megane 1,6 bsk. skrd. 03/2000 ek: 87.000 km.
~~Verð 600.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Engin útborgun.
14.949 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. ZL545.

Engin útborgun - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mán.

Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 07/2003 ek: 52.000 km.
~~Verð 1.190.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.050.000 kr. Engin útborgun.
17.256 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. KK159.

Ford Focus C-Max Trend 1,8 bsk. skrd. 01/2004 ek: 47.000 km.
~~Verð 1.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
19.522 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. AV880.

Citroën Picasso Xsara 2,0 ssk. skrd. 06/2003 ek: 64.000 km.
~~Verð 1.330.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
19.556 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. OV680.

MMC Colt 1,5 ssk. skrd. 10/2005 ek: 15.000 km.
~~Verð 1.520.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.390.000 kr. Engin útborgun.
19.974 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RP237.

Engin útborgun - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mán.

Renault Megane 1,6 bsk. skrd. 08/2005 ek: 20.000 km.
~~Verð 1.750.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Engin útborgun.
21.356 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BT726.

Nissan X-Trail 2,0 ssk. skrd. 05/2003 ek: 92.000 km.
~~Verð 1.650.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Engin útborgun.
21.356 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PE348

Citroën C5 SX 1,6 bsk. skrd. 09/2005 ek: 68.000 km. Dísil.
~~Verð 1.960.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.740.000 kr. Engin útborgun.
24.893 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AI691.

Engin útborgun - afborgun yfir 25.000 kr. á mán.

Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 02/2004 ek: 82.000 km.
~~Verð 2.090.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.840.000 kr. Engin útborgun.
26.305 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RM040.

Ford Focus Trend 1,6 ssk. skrd. 10/2005 ek: 17.000 km.
~~Verð 2.050.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.850.000 kr. Engin útborgun.
26.447 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OU765.

Hyundai Santa FE 2,6 ssk. skrd. 04/2001 ek: 114.000 km.
~~Verð 1.490.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
27.702 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. NJ572.

NATURALIS

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 18 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis.

Tölfræði um stöðu innan leikja liðanna í fyrstu fjórtán umferðunum í Landsbankadeild karla:

KR hefur aðeins verið yfir í 134 mínútur í sumar

FÓTBOLTI Það er mismikið lagt á stuðningsmenn liðanna í Landsbankadeild karla. Hver leikur er 90 mínútur og fólkið í stúkunni þarf oft að ganga í gegnum misánægjulegar mínútur í leikjum sinna liða.

Fréttablaðið tók saman hversu lengi liðin hafa verið yfir og undir í sínum leikjum í sumar og hvaða stuðningsmenn hafa liðið mestar kvalir í fyrstu 14 umferðunum.

FH-ingar eru þar nokkuð sér á báti bæði hvað varðar hversu mikið þeir hafa verið yfir og hversu sjaldan þeir hafa verið undir í fyrstu fjórtán umferðum sumarsins.

FH-ingar hafa verið með forustuna í 632 mínútur eða rétt rúmlega helming af sínum leikjum. Valsmenn (522) eru 110 mínútum á eftir þeim í 2. sætinu og ÍA (447) og Breiðablik (441) eru síðan á svipuðu róli í 3. og 4. sæti.

KR-ingar hafa aftur á móti aðeins verið yfir í 134 mínútur í sumar, sem gerir aðeins 11 prósent af þeirra leikjum. Víkingar eru 52 mínútum fyrir ofan þá og Fylkismenn (207 mínútur) eru síðan í þriðja neðsta sæti rétt á eftir Fram (209 mínútur).

FH-ingar hafa einnig verið undir í fæstar mínútur eða aðeins 118 en það vekur athygli að Blikar koma þar í 2. sæti en þeir hafa aðeins verið undir í 177 mínútur (14 prósent) þrátt fyrir að hafa aðeins náð 45 prósentum stiga í boði í sínum leikjum í sumar. Framarar hafa verið mest undir eða í 542 mínútur, 14 mínútum lengur en HK-menn sem eru í næsta sæti fyrir ofan. KR-ingar eru í þriðja neðsta sæti en þeir hafa verið undir í 37 prósentum af sínum leikjum.

Samkvæmt þessari tölfræði er mesta spennan í leikjum Fylkismanna því það hefur verið jöfn staða í 800 mínútur í leikjum þeirra í sumar, sem eru 63 prósent leiktímans. Víkingar eru þar í öðru sæti, 69 mínútum á eftir, en Skagamenn eru aftur á móti það lið þar sem leikirnir hafa verið jafnir í fæstar mínútur eða aðeins í 440 mínútur, sem gerir 35 prósent af þeirra leikjum. HK er þar í næstneðsta sæti með jafna stöðu í 472 mínútur. - óój

KOMNIR YFIR FH-ingar hafa verið með forustuna í 632 mínútur í sumar.

FLESTAR MÍNÚTUR YFIR Í LEIKJUM

FH	632 mínútur (50% leikja liðsins)
Valur	522 (41%)
ÍA	447 (35%)
Breiðablik	441 (35%)
Keflavík	309 (25%)
HK	260 (21%)
Fram	209 (17%)
Fylkir	207 (16%)
Víkingur	186 (15%)
KR	134 (11%)

FÆSTAR MÍNÚTUR UNDIR Í LEIKJUM

FH	118 mín. (9% leikja liðsins)
Breiðablik	177 (14%)
Valur	186 (15%)
Fylkir	253 (20%)
Víkingur	343 (27%)
Keflavík	364 (29%)
ÍA	373 (30%)
KR	463 (37%)
HK	528 (42%)
Fram	542 (43%)

FLESTAR MÍNÚTUR Í JAFNRI STÖÐU Í LEIKJUM

Fylkir	800 mín. (63% leikja liðsins)
Víkingur	731 (58%)
KR	663 (53%)
Breiðablik	642 (51%)
Keflavík	587 (47%)
Valur	552 (44%)
FH	510 (40%)
Fram	509 (40%)
HK	472 (37%)
ÍA	440 (35%)

Hörður Sveinsson:

Fer til Tromsö

FÓTBOLTI **Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson hefur verið lánaður af félagi sínu, Silkeborg í Danmörku, til Tromsö sem leikur í norsku úrvalsdeildinni. Lánssamningurinn er til þriggja mánaða en félögin hafa einnig samið um kaupverð vilji Tromsö kaupa Hörð að tímabilinu loknu.**

Hann verður gjaldgengur fyrir leik Tromsö gegn Odd Grenland um helgina. - esá

SPÁÐ FALLI Víkingar hafa aðeins unnið einn af síðustu tíu leikjum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslenskar getraunir:

Líklegast að Víkingur falli

FÓTBOLTI Íslenskar getraunir bjóða nú upp á það að tippa á hvaða lið falli úr Landsbankadeild karla í haust.

Fjögur lið koma til greina og hafa starfsmenn Íslenskra getrauna reiknað út stuðla út frá núverandi stöðu liðanna og hvaða leiki þau eiga eftir í síðustu fjórum umferðunum.

Samkvæmt því eru mestar líkur á að Víkingar falli af fjórum neðstu liðunum en jafnframt minnstar líkur á því að botnlið KR falli í 1. deild. - óój

STUÐLARNIR Á FALL ÚR LANDSBANKADEILDINNI:

7. sæti HK (15 stig)	2,10
8. sæti Víkingur (13 stig)	1,70
9. sæti Fram (12 stig)	1,90
10. sæti KR (11 stig)	2,30

Nicotinell®

NÝJAR PAKKNINGAR
BETRA VERÐ

TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!

CLASSIC NIKÓTÍN BRAGÐ
MINTU BRAGÐ
LAKKRÍS BRAGÐ
ÁVAXTA BRAGÐ

PRÓFAÐU **NICOTINELL** NIKÓTÍNTYGGIGÚMMÍIÐ
FÆST MEÐ ÁVAXTA-, MINTU-, LAKKRÍS- OG NIKÓTÍNBRAGÐI

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

15. umferð í efstu deild:

Logi fer með KR í Fjörðinn

FÓTBOLTI 15. umferð Landsbankadeildar karla hefst í kvöld með fjórum leikjum. Stórleikur umferðarinnar er viðureign stórveldanna FH og KR í Krikanum en hlutskipti liðanna er ansi ólíkt – FH á toppnum en KR á botninum.

KR hefur ekki sótt gull í greipar FH-inga í Firðinum síðustu ár en spurning er hvort það breyti einhverju að þjálfari KR sé FH-ingur sem þekkir hvern krók og kima í Krikanum.

Blikar sækja síðan ÍA heim en Blikar geta náð ÍA að stigum með sigri í kvöld.

HK fer langt með að tryggja sæti sitt í efstu deild takist liðinu að leggja Fylki í Kópavogi.

Sjóðheitir Framarar fá síðan ískalda Keflvíkinga í heimsókn í Dalinn en sigur Framara í leiknum myndi létta verulega pressunni á þeim.

Víkingur og Valur mætast síðan í lokaleik umferðarinnar á sunnudag. **- hbg**

LANDSBANKADEILDIN

15. umferð:

FH - KR	kl. 18.00 (Sýn)
ÍA - Breiðablik	kl. 18.00
HK - Fylkir	kl. 18.00
Fram - Keflavík	kl. 20.00
Á sunnudag:	
Víkingur - Valur	kl. 18.00 (Sýn)

STAÐAN:

1. FH	14	9	4	1	31:18	31
2. Valur	**14**	**8**	**4**	**2**	**31:17**	**28**
3. ÍA	14	6	4	4	26:21	22
4. Fylkir	**14**	**6**	**3**	**5**	**15:15**	**21**
5. Breiðablik	14	4	7	3	21:12	19
6. Keflavík	**14**	**5**	**3**	**6**	**21:23**	**18**
7. HK	14	4	3	7	13:28	15
8. Víkingur	**14**	**3**	**4**	**7**	**13:21**	**13**
9. Fram	14	3	3	8	19:25	12
10. KR	**14**	**2**	**5**	**7**	**11:21**	**11**

Aldrei fleiri áhorfendur á einu sumri

Það er viðeigandi að á sama ári og tíu liða fyrirkomulagið í efstu deild er kvatt verði hinn frægi hundrað þúsund manna múr loksins rofinn. Aldrei hafa fleiri áhorfendur mætt á völlinn en nú í sumar.

FÓTBOLTI Aðeins vantar rúma sjö þúsund áhorfendur til að heildarfjöldi áhorfenda á leikjum í Landsbankadeild karla verði meiri en 100 þúsund manns. Samkvæmt meðaltalinu til þessa gerist það eftir sex leiki en vegna stórleiks FH og KR í næstu umferð er alls ekki ólíklegt að metið verði slegið í lok umferðarinnar.

Núverandi met er 97.700 áhorfendur á einu sumri. Það met var sett í fyrra en það sumar féll fimm ára gamalt met. Það er alveg ljóst að þetta met fellur nú í næstu umferð, jafnvel áður en ágústmánuður er liðinn.

Miðað við meðalfjölda áhorfenda á hverjum leik hingað til í sumar og þróun síðustu ára gæti verið að heildarfjöldinn í ár færi yfir 120 þúsund manns.

Áttunda umferð mótsins í sumar er söguleg. Alls komu 8.404 manns á leikina fimm og er það í fyrsta sinn í sögunni sem fleiri en átta þúsund manns sækja leiki einnar umferðar. Allir leikir fengu meira en þúsund áhorfendur á völlinn en aðsóknarmesti leikurinn var Kópavogsslagur Breiðabliks og HK.

FLESTIR OG FÆSTIR

Áhorfendur á leikjum sumarsins

Umferð/leikur	Fjöldi áhorfenda
13. FH-Fram	2.850
9. Fylkir-KR	2.592
10. Keflavík-KR	2.330
6. KR-FH	2.238
5. FH-Fylkir	2.236
-----	
12. Keflavík-Breiðablik	580
13. HK-Keflavík	595
3. ÍA-Fram	634
5. Víkingur-Breiðablik	655
3. Breiðablik-Keflavík	660

FJÖLMENNASTI LEIKURINN TIL ÞESSA Mest sótti leikurinn í sumar er viðureign FH og Fram í Kaplakrika. Actavis bauð reyndar öllum sem vildu frítt á leikinn og var mikil fjölskyldudagskrá klukkutímana fyrir leik. Áhorfendum var skemmt enda litu sex mörk dagsins ljós. Hér fagna Framarar einu þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stórleikur Vals og FH var einnig í þeirri umferð en samt komu fleiri á leik KR og Fram í þeirri umferð en í Laugardalinn.

Öll lið í deildinni hafa spilað sjö heimaleiki og sjö útileiki á þessum tímapunkti mótsins. Flestir hafa lagt leið sína á Kaplakrikavöll, samtals 14.280. Alls þrír vellir, Kaplakriki, Frostaskjólið og Keflavík, hafa fengið meira en tíu þúsund áhorfendur í sumar.

AÐSÓKN EFTIR 14 UMF.

Síðustu tíu árin í efstu deild karla

2007	92.867
2006	75.947
2005	75.655
2004	70.779
2003	72.356
2002	68.228
2001	76.217
2000	57.421
1999	58.284
1998	48.741

Fæstir koma á heimaleiki HK og næstfæstir á heimaleiki Fram. Það eru einu liðin sem ná ekki að meðaltali þúsund áhorfendum á heimaleiki sína.

Það er því sérstaklega áhugavert þegar áhorfendatölur eru flokkaðar eftir útileikjum liða. HK situr þar í þriðja sæti, á eftir KR og FH. Samkvæmt því eru KR-ingar duglegastir að fara á útileiki sinna manna en neðstir á þessum lista eru Víkingar.

Þrátt fyrir þessa góðu aðsókn hefur enginn einn leikur fengið meira en þrjú þúsund manns á völlinn. Mest sótti leikur sumarsins var 3-3 viðureign FH og Fram í 13. umferð. Á hann komu 2.850 manns.

AÐSÓKN Á HEIMALEIKI

Félag	Meðaltal	Heildarfjöldi
FH	2.040	14.280
KR	1.887	13.212
Keflavík	1.471	10.298
Fylkir	1.316	9.211
ÍA	1.299	9.096
Breiðablik	1.263	8.842
Víkingur	1.079	7.555
Valur	1.073	7.509
Fram	966	6.762
HK	872	6.102

AÐSÓKN Á ÚTILEIKI

Félag	Meðaltal	Heildarfjöldi
KR	1.662	11.634
FH	1.452	10.164
HK	1.446	10.119
ÍA	1.393	9.753
Valur	1.370	9.590
Fram	1.318	9.229
Fylkir	1.254	8.777
Keflavík	1.251	8.760
Breiðablik	1.090	7.628
Víkingur	1.030	7.213

Það met gæti þó vel verið slegið á leik FH og KR í næstu umferð enda um gríðarlega þýðingarmikinn leik að ræða þó svo að þarna mætist liðin í efsta og neðsta sæti deildarinnar. FH má helst ekki misstíga sig til að eiga sem bestan möguleika á að verja titilinn en KR-ingar eru í bullandi fallbaráttu og mæta væntanlega grimmir til leiks.

Meiri spenna er í mótinu í ár en oft áður. Tvö lið berjast enn um titilinn og fjögur félög eiga í afar harðri fallbaráttu. Það er útlit fyrir að spennan haldi áfram og því verði margt um manninn á haustleikjunum. **eirikur@frettabladid.is**

FRÍ LANDSLAGSRÁÐGJÖF

hjá MEST dagana 29.-31. ágúst í Norðlingaholti.
Hafðu samband og pantaðu tíma.

MEST – allt til bygginga

MEST er sönn ánægja að bjóða þér að þiggja fría landlagsráðgjöf dagana 29.-31. ágúst á Norðlingabraut 12, Reykjavík, frá kl. 9-18.

Nýttu tækifærið og skapaðu draumagarðinn þinn.

Garðhönnuðurinn Stanislas Bohic tekur vel á móti þér og aðstoðar þig við hönnun garðsins þíns.

Mest hefur að bjóða úrval af hellum, einingum, pallaefnum, granítflísum og garðvörum á verði sem mun koma þér á óvart. Kynntu þér endilega úrvalið þegar þú hittir garðhönnuðinn eða á heimasíðu okkar www.mest.is.

Vinsamlegast skráðu þig í landslagsráðgjöfina í síma 4 400 400 eða sendu tölvupóst á mest@mest.is.

Sjáumst, starfsfólk MEST

Nauðsynleg gögn fyrir landslagsráðgjöf:
- Grunnmynd í kvarðanum 1:100 frá byggingafulltrúa
- Útlitsteikningar af húsinu í kvarðanum 1:100
- Afstöðumynd í kvarðanum 1:500
- Ljósmynd af húsi og lóð

Í framhaldinu færð þú tilboð frá söluráðgjafa MEST.

ENNEMM / SÍA / NM28724

> Denzel Washington

Denzel var eitt sinn á rakarastofu í æsku þegar gömul kona kom upp að honum. Hún bað móður hans um að skrifa fullt nafn Denzels niður á blað og þegar móðir hans spurði af hverju svaraði gamla konan: „Af því að einn daginn mun hann skemmta milljónum manna.“ Löngu síðar komust mæðginin að því að gamla konan var sögð vera spákona. Denzel leikur í The Manchurian Candidate á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON TEKUR EFTIR ÞVÍ HVE VITNI ERU LÚSIÐIN

Vinnan göfgar manninn

Ófáir spennuþættir bjóða upp á innsýn í líf og störf lögreglumanna. Samkvæmt uppskriftinni eru þeir í flestum, ef ekki öllum, tilfellum vinnualkar sem eiga ekki líf utan starfsins. Í mesta lagi hitta þeir félagana yfir drykk á löggubörum í nágrenninu eftir að hafa leyst erfitt mál og segja hryssingslega brandara um fórnarlömb ljótra glæpa. Oftar en ekki eru þeir fráskildir eða ramba á barmi skilnaðar.

Já, lögguhjörðin er nokkuð einsleit. Það sama má hins vegar segja um vitnin sem rannsóknarlögreglumennirnir þurfa stundum að yfirheyra. Það heyrir til undantekninga að nokkur hirði um að taka sér fimm mínútna pásu til að ræða

við lögregluna um mannsmorð; alltaf láta þeir dæluna ganga á meðan þeir þurrka af borðum, skipta um hjólbarða, skipta á börnum, skila skýrslum eða eru á harðahlaupum eitthvert annað og kveðja með orðunum: „Look, I gotta go!“ og þjóta svo á braut. Borðin þurrka sig vissulega ekki sjálf en ég er svo bláeygur að ef lögreglan kæmi að máli við mig í leit að upplýsingum um morð á einhverjum sem ég kannaðist við, geri ég ráð fyrir að ég tæki mér að minnsta kosti tíu mínútna pásu frá vinnu og treysti að vinnuveitandi minn myndi sýna því skilning. Kannski er þetta ástæðan fyrir því að framlegðin á Íslandi er svona lítil þrátt fyrir langan vinnudag – það eru allir í yfirheyrslu hjá lögreglunni.

EKKI MISSA AF

▶ **20.10** **Bræður og systur** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.30** **Til Death** STÖÐ 2

▶ **20.00** **Without a Paddle** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **22.00** **Big Love** SIRKUS

▶ **21.00** **Law & Order: SVU** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

10.20 HM í frjálsum íþróttum Beint.
13.30 Hlé
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (16:32)
18.26 Julie (3:4) e.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.10 Bræður og systur** (4:23) Bandarísk þáttaröðum hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
20.55 Sólkerfið (3) Þessi þáttur fjallar um Venus, sem er önnur reikistjarnan frá sólu, og henni er stundum líkt við helvíti. Stöðugt hulin þykkum skýjum og hitinn við yfirborðið er nógu hár til að bræða blý.
21.10 Kingdom lögmaður (5:6) Breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í hlutverki lögmannsins Peters Kingdom sem býr og starfar í smábæ í sveitasælunni í Norfolk.
22.00 Tíufréttir
22.25 14-2 Í þættinum er fjallað um fótboltasumarið frá ýmsum hliðum.
22.50 Gatan (2:6) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður Englandi.
23.50 Aðþrengdar eiginkonur(55:70) e.
00.30 Kastljós
01.00 HM í frjálsum íþróttum Beint.
03.00 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Without a Paddle
08.00 The Horse Whisperer
10.45 Pelle Politibil
12.00 Raising Waylon
14.00 The Horse Whisperer
16.45 Pelle Politibil
18.00 Raising Waylon
▶**20.00 Without a Paddle**
22.00 The Manchurian Candidate Pólitískur samsæristryllir með Denzel Washington. Hún gerist í Persaflóastríðinu þar sem hermönnum er rænt og þeir heilaþvegnir.
00.05 The Vector File
02.00 Jeepers Creepers 2
04.00 The Manchurian Candidate

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Kalli á þakinu
07.50 Litlu Tommi og Jenni
08.10 Beauty and the Geek (4.9)
08.50 Í fínu formi 2005
09.05 Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love (9.120)
10.15 Homefront
11.00 Whose Line Is It Anyway?
11.25 Sjálfstætt fólk
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin fegurð (59.114)
13.55 Forboðin fegurð (60.114)
14.45 Two and a Half Men (20.24)
15.25 Búbbarnir (16.21)
15.50 Skrímslaspilið
16.13 Nornafélagið
16.38 Doddi litli og Eyrnastór
16.48 Magic Schoolbus
17.13 William´s Wish Wellingtons
17.18 Fífí
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.40 The Simpsons (20.22) (e)
20.05 Two and a Half Men NÝTT (2.24)
▶**20.30 Til Death NÝTT** Glænýr gamanþáttaröð með Brad Garrett úr Everybody Loves Raymond og Joley Fisher í aðalhlutverkum. 2006.
20.55 So You Think You Can Dance (20.23) Nú eru aðeins sex kependur eftir.
21.40 Bones (15.21)
22.25 Hustle (6.6) Í lokaþættinum heldur Hustle-gengið til Bandaríkjanna þar sem það hyggst hefna sín á gömlum óvinum. 2006.
23.15 The Tudors Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Stranglega bönnuð börnum.
00.00 Dangerous Minds (e)
01.35 Below
03.15 The Fog of War
05.00 The Simpsons (20.22) (e)
05.25 Fréttir og Ísland í dag
06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí

SÝN besta sætið

07.00 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 3. umferð (Arsenal - Sparta Prag)
16.05 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 3. umferð (Arsenal - Sparta Prag)
17.45 Landsbankadeildin 2007 Bein útsending frá leik Íslandsmeistara FH og KR í Landsbankadeildinni í knattspyrnu. Eftirsóknarvert er fyrir bæði liðin að krækja í þau stig sem í boði eru en liðin eru berjast á sitt hvorum enda töflunnar.
20.00 Kraftasport - 2007 (Hálandaleikarnir)
20.30 Kaupþings mótaröðin 2007
21.30 David Beckham - Soccer USA (6.13)
22.00 Landsbankamörkin 2007
22.30 Champions of the World (Colombia) Fjallað um knattspyrnuna í Kólumbíu á vandaðan hátt. Frá Kólumbíu hafa komið skemmtilegir knattspyrnumenn eins og Carlos Valderrama og Rene Higuita. En jafnframt hafa ýmis leiðindaatvik komið slæmu orði á knattspyrnuna í landinu.
23.25 Landsbankadeildin 2007 (FH - KR)
01.15 PGA Tour 2007 - Highlights

SÝN 2

19.00 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
20.30 PL Classic Matches (West Ham - Bradford, 99/00)
21.00 PL Classic Matches (Leeds - Liverpool, 00/01)
21.30 Season Highlights (Season Highlights 1999/2000)
22.30 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.
23.50 Coca Cola mörkin 2007-2008

SKJÁREINN

07.35 Everybody Loves Raymond (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.25 Vörutorg
17.25 7th Heaven (e)
18.15 Dr. Phil
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Thick & Thin (e)
20.00 Family Guy (3.11) Teiknimyndaþættirnir um Griffin-fjölskylduna eru geðveikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri réttþugsun og æðislegir. Peter og Louis eiga 3 börn, það yngsta er sadisti með snilligáfu sem einbeitir sér að því að koma móður sinni fyrir kattarnef og eyða heiminum.
20.30 According to Jim (20.22) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Ryan er í skýjunum þegar hann tilkynnir að Dana sé ólétt en Jim nær honum niður á jörðina og býr hann undir hormónasveiflurnar.
▶**21.00 Law & Order: SVU** (10.22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Rannsóknarlögreglumennirnir eltast við barnaníðing sem rændi þremur munaðarleysingjum í kjölfar fellibylsins Katrínu.
22.00 The Black Donnellys (5.13) Ný, bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hell's Kitchen. Tommy kemst að því að ítalski fanturinn Nicky ætlar að ganga alla leið í hótunum sínum.
22.50 Everybody Loves Raymond
23.15 Jay Leno - Lokaþáttur
00.05 Law & Order (e)
00.55 Stargate SG-1 (e)
01.45 Backpackers (e)
02.15 Vörutorg
03.15 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

SIRKUS KL. 19.00
Hollyoaks

Glæný unglingasápa sem notið hefur gríðarlegra vinsælda í Bretlandi. Hér segir frá lífi og ástum íbúa í Hollyoaks en þar er alltaf eitthvað um að vera. Þættirnir eru frumsýndir alla virka daga klukkan 19.30 en þeir sem missa af þætti geta horft á þáttinn frá deginum áður klukkan 19.00. Fylgist með frá byrjun.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Sólkerfið
Sjónvarpið kl. 20.55

Í þætti kvöldins verður fjallað um Venus sem er önnur reikistjarnan frá sólu en henni er stundum líkt við helvíti. Stjarnan er hulin þykkum skýjum og hitinn við yfirborðið er nógu hár til að bræða blý. Hugsanlega var Venus lík jörðinni fyrir milljörðum ára, en svo hitnaði sólin, allt vatn gufaði upp og gróðurhúsaáhrifin breyttu Venus í þann suðupott sem við sjáum í dag.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Laufskálinn
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Brot af eilífðinni
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Útvarpssagan: Stofa sex
14.30 Á vængjum yfir flóann
15.03 Söngvar af sviði: Land míns föður
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Laufskálinn
19.40 Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum
20.00 Jazzhátíð Reykjavíkur 2007
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól
22.45 Kvöldtónar
23.10 Ríkaströnd: land elda, sólar og gróðursældar
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

17.15 Insider
17.45 Skífulistinn
18.30 Fréttir
19.00 Hollyoaks (3.260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
19.30 Hollyoaks (4.260)
20.10 Skins (1.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
21.00 Talk Show With Spike Feresten (1.22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti.
21.30 Bestu Strákarnir (19.50) Sirkus endursýnir allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlægilegu strákunum.
▶**22.00 Big Love NÝTT** (1.12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonurnar hans þrjár. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli. 2006.
22.50 Ghost Whisperer (28.44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. 2006.
23.35 E-Ring (4.22)
00.20 Jake 2.0 (6.16) (e)
01.00 Entertainment Tonight
01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Our mutual friend **13.00** Hustle **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Hustle **19.00** Spooks **20.00** Swiss Toni **20.30** The League of Gentlemen **21.00** Hustle **22.00** Dad's Army **22.30** Spooks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Hustle **2.00** Our mutual friend **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Little Robots **5.10** Binka **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

DR 1

12.20 Med slør og høje hæle **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Update **14.30** Orm i knibe **14.35** Frikvarter **15.00** Grøn **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Kender du typen **18.30** Blandt vilde dyr og bleskift **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Familiealbummet **22.10** OBS **22.15** Boogie Update **22.45** Musikprogrammet **4.30** Mira og Marie

NRK 1

13.30 Guttegærne jenter **13.50** 4•4•2: Landskamp, kvinner **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Jrdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bosse **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** VM friidrett Osaka 2007: Kveldsmagasin **18.25** Valg 07 - Duell **18.45** Valg 07 Distrikt og Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Ukjent fiende **20.20** Godbiter fra kongelig varieté **21.00** Kveldsnytt **21.15** Intermission **23.00** VM friidrett Osaka 2007 **5.30** Jukeboks: Vitenskap

SVT 1

13.15 Sverige! **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Melita möter **15.30** Cykelkultur i Danmark **16.00** Lantmusen och stadsmusen **16.20** Balduin kloakråttan **16.30** Dagens visa **16.35** Tintin **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Studio Sumo **19.00** Niklas mat **19.30** Packat & klart **20.00** Planeten **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Uppdrag Granskning **22.20** Sändningar från SVT24 **0.55** Friidrott: VM i Osaka **3.00** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

ÚRVAL
AF ACER FARTÖLVUM

■ VEFMYNDAVÉL
3 ÁRA ÁBYRGÐ
acer
ACER ASPIRE 3693
Intel Celeron 1.73Ghz
512MB DDR2 minni
80GB harður diskur
15.4" skjár / Vista Home
4 x USB / WiFi / S-Video
Windows Vista
TILBOÐ: 69.900-

■ VEFMYNDAVÉL
3 ÁRA ÁBYRGÐ
acer
ACER ASPIRE 5103
AMD Turion 64 X2 TL-52
1024MB DDR2 minni
120GB harður diskur
15.4" CrystalBrite skjár
Vista Premium / WiFi
Windows Vista
TILBOÐ: 89.900-

■ VEFMYNDAVÉL
■ 17" BJARTUR SKJÁR
3 ÁRA ÁBYRGÐ
acer
ACER TM 7320
Intel Celeron 1.86Ghz
1024MB DDR2 minni
80GB harður diskur
17" Stór og bjartur skjár
Vista Home Premium
Windows Vista
TILBOÐ: 99.900-

■ VEFMYNDAVÉL
■ ATi X2500 512MB
3 ÁRA ÁBYRGÐ
acer
ACER TRAVEL MATE 5720
Intel Core 2 Duo T7100 1.8Ghz
1024MB DDR2 minni
160GB harður diskur
15.4" CrystalBrite skjár
ATi X2500 512MB skjákort
Windows Vista
TILBOÐ: 129.900-

Kíktu við í verslun okkar að Síðumúla 37 og svalaðu þorstanum með ísköldu Coke í gleri á meðan þú skoðar nýjustu fartölvurnar!

Opnunartími: Virka daga – 10 til 18 Laugardaga – 11 til 15

svar.) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

MORGUNMATURINN

„Ég er ferlega lélegur í morgunmatnum, ég fæ mér í mesta lagi smá vítamín og svo kaffi, ég drekk allt of mikið af kaffi. Það er helst þegar ég er erlendis sem ég á það til að fara í „breakfast“, annars er það yfirleitt ekki fyrr en nær dregur hádeginu sem ég borða.“

Björgvin Halldórsson, tónlistarmaður.

Jónsi yfirgefur flugið með trega

Eins og fram hefur komið í fréttum tók söngvarinn Jón Jósep Snæbjörnsson, betur þekktur sem Jónsi, að sér starf flugþjóns fyrir Icelandair í sumar eftir að hafa verið valinn úr stórum hópi umsækjenda. Jónsi fór sína síðustu ferð að sinni á þriðjudag og segist hafa yfirgefið flugstöðina með trega.

„Þetta er jafnskemmtilegasta starf sem ég hef tekið að mér fyrir utan tónlistarmennskuna,“ segir hann og útilokar ekki að hann snúi aftur til starfa í háloftunum. „Ef Icelandair hefur áhuga á að fá mig aftur er ég svo sannarlega til í það.“ Hann segist að mestu hafa flogið til Evrópu en einnig til Bandaríkjanna. „Ég held að víðsýni mín á þessum tíma hafi aukist til muna – eða heimurinn minnkað.“ Jónsi kannast ekki við að frægðin hafi verið honum fjötur um fót í flugþjónsstarfinu. „Nei, alls ekki. Stundum sagði fólk hæ en annars var ég náttúrlega bara þarna til að þjónusta, gefa fólki meira kaffi og rétta því kodda.“

Jónsi mun nú einbeita sér að tónlistinni sem hann hefur sinnt samhliða fluginu í sumar. „Ég ætla bara að spila á gítar og skemmta. Það eru næg verkefni í því. Ég hef verið að færa mig upp á skaftið með að spila á hljóðfæri. Það er svo yndislega gaman og opnar marga möguleika. Ég er jákvæði maðurinn eins og þú heyrir. Í raun felst eina biturð mín í dag í því að ég skuli ekki verða næsti íþróttaálfur. Maggi, þú ert með númerið mitt!“

- sók

HÆTTUR SEM FLUGÞJÓNN Jón Jósep Snæbjörnsson hefur starfað sem flugþjónn fyrir Icelandair í sumar. Hann fór sína síðustu ferð á þriðjudag en útilokar ekki að snúa aftur til starfa hjá flugfélaginu.

ROKKARI OG LEIKARI Eins og alla leikara dreymir Jared um að verða rokkstjarna, rétt eins og alla poppara dreymir um að verða leikarar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

SIGURBJÖRN BÚI: FLUGVÉL LEIGÐ TIL AÐ FERJA HOLLYWOOD-STJÖRNU

Tekur upp myndband með Jared Leto á Grænlandi

„Við verðum hérna þangað til á föstudaginn og hann er bara væntanlegur eftir korter,“ segir Sigurbjörn Búi Baldursson hjá kvikmyndafyrirtækinu Artic First. Hann er staddur á Grænlandi þar sem fyrirtækið tekur upp nýjasta myndband hljómsveitarinnar 30 Seconds from Mars en aðalnafnið í þeirri sveit er Hollywood-stjarnan Jared Leto. „Þetta verða engar sprengingar en við verðum mestmegnis uppi á ísjökum og jöklum þannig að þetta ætti að verða mjög flott,“ útskýrir Sigurbjörn og viðurkennir að þótt um engar eldglæringar verði að ræða kosti það sitt að hafa sextán manna tökulið á Grænlandi.

Jared millilenti á Keflavíkurflugvelli á þriðjudagskvöldinu og vakti strax mikla athygli. Leikarinn staldraði stutt við því hann var lagður strax af stað til Grænlands í gærmorgun með flugvél sem leigð var undir hópinn. Myndbandið verður tekið upp í ísjakabænum Illulisat og mun Sigurbjörn starfa náið með Leto enda aðstoðarleikstjóri Hollywood-stjörnunnar sem leikstýrir þessu öllu sjálfur. Spurður hvort ekki stæði til að kynna fyrir leikaranum hið mjög svo umtalaða en rómaða næturlíf höfuðborgarinnar sagði Sigurbjörn það vel koma til greina en þetta væri vissulega upptekinn maður. „Ég veit ekki hvort hann þarf að fljúga vestur um haf strax vegna annarra verkefna,“ segir Sigurbjörn en heimsókn Jared á ölstofur bæjarins myndi vafalítið vekja mikla athygli enda þekktur kvennaljómi.

Jared Leto er þekktastur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttaröðinni My so Called Life en þar fór hann með hlutverk Jordans Catalano. Hann vakti síðan verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína í Requiem for a Dream eftir Darren Aronofsky og muna margir einnig eftir því þegar hann var laminn í klessu í Fight Club. Leto var eitt sinn unnusti stórstjörnunnar Cameron Diaz en var nýlega orðaður við brjóstabombuna Jessicu Simpson. Hann hefur þó lagt ofuráherslu á feril sinn og 30 Seconds from Mars en smáskífa sveitarinnar var nýlega heiðruð af rokktímaritinu Kerrang!.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Í nýjasta tölublaði tímaritsins Encore Magazine í New York er að finna viðtal við kvikmyndagerðarmanninn **Ólaf Jóhannesson**. Þar segir meðal annars frá því að Ólafur hafi ráðið þrjá bandaríska leikara í Stóra planið, t.d. Soprano´s-leikarann Michael Imperioli. „Ekki slæmt fyrir mann sem segist snemma á ferlinum hafa gert sér grein fyrir því að flest fólk með peninga á milli handanna hafi ekki áhuga á því sem hann er að gera,“ segir í greininni. Haft er eftir Ólafi að þess vegna þurfi hann að haga sér eins og stórlax í þeim tilgangi að verða hugsanlega einn af þeim.

Íþróttafréttamaðurinn **Guðjón Guðmundsson** er þekktur fyrir að hafa munninn fyrir neðan nefið og það sannaðist hvað best á blaðamannafundi sem KSÍ hélt vegna undanúrslitanna í bikarkeppninni. Þjálfarar þeirra fjögurra liða sem eftir eru sátu fyrir svörum og Guðjón var fljótur til að spyrja **Ólaf Kristjánsson**, þjálfara Breiðabliks, hvort það væri ekki gleðiefni að hann þyrfti ekki að fljúga í sinn leik. Og sprungu viðstaddir úr hlátri. Ólafur lýsti því nefnilega yfir eftir síðasta leik Blika að hann setti spurningarmerki við það hvort hann myndi stíga upp í flugvél á næstunni eftir frammistöðu Egils Más Markússonar dómara en hann er einmitt flugumferðarstjóri.

- fgg/sók



LÁRÉTT
2. spjall **6.** skammstöfun **8.** spíra **9.** matjurt **11.** píla **12.** yfirstéttar **14.** létt hlaup **16.** tónlistarmaður **17.** frjó **18.** for **20.** frá **21.** fimur.

LÓÐRÉTT
1. skófla **3.** í röð **4.** ofbjóða **5.** krá **7.** hæðinn **10.** draup **13.** hrós **15.** bæla niður **16.** kóf **19.** slá.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. rabb, **6.** eh, **8.** ála, **9.** kál, **11.** ör, **12.** aðals, **14.** skokk, **16.** kk, **17.** fræ, **18.** aur, **20.** af, **21.** fráar.

LÓÐRÉTT: 1. reka, **3.** að, **4.** blöskra, **5.** bar, **7.** hásðkur, **10.** lak, **13.** lof, **15.** kæfa, **16.** kaf, **19.** rá.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Páll Sveinn Hreinsson
2. Að skjóta fjarstýrða bílinn hans.
3. Í Texas í Bandaríkjunum.

Hermdi eftir ráðherranum

Hugbúnaðarverkfræðineminn Björn Patrick Swift opnaði heimasíðu á slóðinni www.björn.is síðastliðinn sunnudag en síðan hefur þegar vakið þónokkra athygli. Það kemur helst til af því að hún er nánast nákvæm eftirlíking af síðu Björns nafna hans Bjarnasonar dómsmálaráðherra. „Þetta var hugmynd sem kviknaði í einhverri leiðinlegri prófatörn fyrir tveimur árum. Ég hef alltaf verið á leiðinni að gera alvöru úr þessu og byrjaði loksins að dunda mér í þessu á kvöldin núna í ágúst,“ segir Björn Patrick.

Björn starfar sem forritari hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP samhliða náminu. Hann segist hafa keypt lénið björn.is þegar í ljós kom að Björn Bjarnason hafði ekki nýtt sér forkaupsréttinn. „Þeir sem áttu lénin án íslensku stafanna fengu hálfs árs forkaupsrétt. Björn nýtti sér hann ekki og ég keypti lénið um leið og fresturinn rann út. Þetta er nú annars allt gert í góðlátlegu gríni,“ segir Björn Patrick. Hann segist ekki hafa hugmynd um hvort ráðherrann viti af uppátækinu. „Ég bara veit það ekki. Ég ætlaði ekkert að opna síðuna strax en gerði það á sunnudag og sagði þremur félögum mínum frá þessu. Svo skrapp ég í ræktina og þegar ég kom til baka voru komnar um 300 heimsóknir.“ Björn Patrick segist þó vonast til að ráðherrann taki vel í grínið. „Ég bind líka ákveðnar vonir við að hann bjóði mér með næst þegar hann fer í myndatöku. Það myndi spara mér vinnu við að breyta myndunum.“

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Björn Bjarnason sagði hann að sér hefði verið bent á síðuna. „Ég hef skoðað hana. Öllu gamni fylgir nokkur alvara. Þótt ég skrifi á mína síðu er hún hönnuð af öðrum sem eiga sinn höfundarrétt.“ Hann segist ekki hafa íhugað að nýta sér forkaupsréttinn að slóðinni björn.is á sínum tíma. „Ég hef notið þess ágætlega að eiga bjorn.is og hef ekki hugleitt að breyta um slóð.“

- sók

WWW.BJORN.IS Björn Bjarnason nýtti sér ekki forkaupsréttinn á léninu www.björn.is og segir að öllu gríni fylgi nokkur alvara.

WWW.BJÖRN.IS Eins og sjá má hefur Björn Patrick lagt vinnu í að hafa síðuna eins líka fyrirmyndinni og hægt er.


jane
norman
opnar í dag
kl. 11. á 2. hæð í Smáralind
Jane Norman er ein vinsælasta tískuvöruverslunin fyrir ungar konur í Bretlandi í dag og rekur 157 verslanir í Evrópu.
Vertu velkomin!
jane
norman

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Þakklæti

Fyrirbærið þakklæti er ekki hátt skrifað í nútímanum. Flestum finnst álíka fáránlegt að vera þakklátur og að safna sér fyrir einhverju. Til hvers að safna sér fyrir einhverju þegar maður fær lánað fyrir því á þremur mínútum? Til hvers að vera þakklátur fyrst allt kemur hvort sem er upp í hendurnar á manni? Það eru helst trúaðir sem gangast upp í því að vera þakklátir. Þeir eru þakklátir guði fyrir allt heila klabbið.

ALVEG ástæðulaust er að trúaðir einoki þakklætið. Þó ekki nema fyrir þá sjálfselsku ástæðu að þakklæti fylgir hin ágæta tilfinning auðmýktarinnar. Ég sagði Lufsunni við matarborðið að við ættum að vera þakklátari. Til dæmis ættum við að vera þakklát þessum kjúklingi sem lá steiktur fyrir framan okkur. Þessi lífvera hafði þraukað í pyntingabúðum til þess eins að láta drepa sig og pakka í plastbakka. Svo hafði kjúklingurinn legið í kæli fiðurlaus og útglenntur þangað til ég kom og keypti hann. Lufsan yppti öxlum og vék talinu að öðru áður en ég setti saman borðræðu um hrásalatið.

MÉR leið nokkuð vel með að hafa þakkað hænunni fyrir að fórna sér fyrir fjölskyldu mína. Dálítið eins og indjána sem er í sterkum tengslum við náttúruna. Elsta hæna í heimi varð 14 ára, svo þessi hefði getað kroppað árum saman í kringum kofa hefði henni verið gefið frelsi. Nú var hún dauð fyrir magafylli á þriðjudegi.

MÖRG tækifæri eru til þakklætis. Þriðja heims fólkið sem þrælaði við að búa til fötin okkar og allt dótið á skilið þakklæti. Fólkið sem nú dvelur á elliheimilum en kom Íslandi úr moldarkofunum með þrældómi á skilið þakklæti. Líka ómissandi fólkið í illa launuðu störfunum sem keyrir þjóðfélagið áfram í dag.

Á persónulegri nótum getur maður svo verið þakklátur fyrir ágæta heilsu, almenna velferð og síðast en ekki síst þá heppni að hafa fæðst á þessu skeri. Það er samt dálítið bjánalegt að hafa engan til að þakka. Enginn guð er til að taka við þessu og því er ég að spá í að beina þakklæti mínu til milljarða ljósárabreiðu eyðunnar sem vísindamenn voru að finna í alheiminum, suðvestur af Óríon. Þar er nákvæmlega ekki neitt svo það ætti að vera nóg pláss.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is